



SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

AÐALSKIPULAG 2017-2029

Greinargerð



19. janúar 2018



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Aðalskipulag 2017-2029

Titill:	Skeiða- og Gnúpverjahreppur – Aðalskipulag 2017 - 2029
Verk nr.:	SA118
Verkefnisstjóri:	Gísli Gíslason
Skipulagsráðgjafi:	Steinsholt ehf og EFLA hf Gísli Gíslason, Guðrún Lára Sveinsdóttir, Ingibjörg Sveinsdóttir, Ásgeir Jónsson, Elín Fjóra Þórarinsdóttir, Brynja Dögg Ingólfssdóttir og Eva Dís Þórðardóttir.
Stýrihópur:	Kristófer Tómasson, Björgvin Skapti Bjarnason, Gunnar Örn Marteinson, Halla Sigríður Bjarnadóttir, Einar Bjarnason, Meike Erika Witt og Pétur Ingi Haraldsson.
Unnið fyrir:	Skeiða- og Gnúpverjahrepp
Forsíðumynd:	Háifoss
Undirskrift verkefnisstjóra:	

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Aðalskipulag 2017-2029

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum var samþykkt af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann _____

Aðalskipulagið var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

SKIPULAGSFERLI

Lýsing var auglýst frá: _____ til: _____

Aðalskipulagstillagan var kynnt: _____

Aðalskipulagstillagan var auglýst frá: _____ til: _____

Aðalskipulagstillagan var auglýst í B.-deild Stjórnartíðinda: _____

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	8
1.1	STEFNA AÐALSKIPULAGS	8
1.2	SKIPULAGSGÖGN OG KORTAGRUNNAR	9
2	STEFNUMÖRKUN Í DREIFBÝLI	10
2.1	UMHVERFI OG YFIRBRAGÐ BYGGÐAR Í DREIFBÝLI OG MANNVIRKJA Á HÁLENDI.....	10
2.2	BYGGÐ	11
2.2.1	Íbúðarbyggð í dreifbýli	11
2.2.2	Frístundabyggð	13
2.3	ATVINNUSVÆÐI.....	16
2.3.1	Landbúnaðarsvæði.....	17
2.3.2	Skógræktar og landgræðslusvæði.....	20
2.3.3	Verslun og þjónusta	23
2.3.4	Afþreyingar- og ferðamannasvæði	26
2.3.5	Samfélagsþjónusta.....	28
2.3.6	Íþróttasvæði.....	29
2.3.7	Iðnaðarsvæði	29
2.3.8	Stakar framkvæmdir	31
2.3.9	Efnistöku- og efnislosunarsvæði	33
2.4	ÓBYGGÐ SVÆÐI EÐA SVÆÐI MEÐ TAKMÖRKUNUM	36
2.4.1	Opin svæði	36
2.4.2	Kirkjugarðar og grafreitir.....	36
2.4.3	Óbyggð svæði.....	37
2.4.4	Varúðarsvæði.....	37
2.5	SAMGÖNGUR	38
2.5.1	Vegir.....	40
2.5.2	Reiðleiðir	41
2.5.3	Gönguleiðir	42
2.5.4	Reiðhjólaleiðir	43
2.5.5	Flugvellir.....	43
2.6	VEITUR	43
2.6.1	Vatnsveita	43
2.6.2	Hitaveita.....	44
2.6.3	Fráveita	44
2.6.4	Rafveita	45
2.6.5	Fjarskipti.....	46
2.7	VERNDARSVÆÐI OG MINJAR	46
2.7.1	Friðlýst svæði	48
2.7.2	Önnur náttúruvernd - náttúruminjaskrá.....	48
2.7.3	Hverfisvernd.....	49
2.7.4	Minjavernd.....	50
2.7.5	Vatnsvernd.....	54
2.7.6	Verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum	56
2.8	NÁTTÚRUVÁ	56
3	STEFNUMÖRKUN Í ÞÉTTBÝLI	58
3.1	MARKMIÐ FYRIR ÞÉTTBÝLISSTAÐINA	58
3.2	SAMGÖNGUR Í ÞÉTTBÝLI.....	59

3.3	VERNDARSVÆÐI OG MINJAR Í ÞÉTTBÝLI	59
3.4	BYGGÐ	59
3.4.1	Íbúðarbyggð.....	60
3.5	ATVINNUSVÆÐI	61
3.5.1	Landbúnaðarsvæði	61
3.5.2	Verslun og þjónusta.....	61
3.5.3	Afþreyingar- og ferðamannasvæði	62
3.5.4	Samfélagsþjónusta.....	62
3.5.5	Íþróttasvæði.....	62
3.5.6	Athafnasvæði.....	62
3.5.7	Iðnaðarsvæði	63
3.5.8	Opin svæði.....	63
3.6	VEITUR	63
4	STEFNUMÖRKUN Á HÁLENDI	65
4.1	ATVINNUSVÆÐI	66
4.1.1	Afþreyingar- og ferðamannasvæði	66
4.1.2	Iðnaðarsvæði	67
4.1.3	Skógrækt og landgræðsla	67
4.1.4	Stakar framkvæmdir	68
4.1.5	Efnistöku- og efnislosunarsvæði	68
4.2	ÓBYGGÐ SVÆÐI EÐA SVÆÐI MEÐ TAKMÖRKUNUM	69
4.2.1	Óbyggð svæði.....	69
4.3	SAMGÖNGUR	69
4.3.1	Gönguleiðir	70
4.4	VEITUR	71
4.5	VERNDARSVÆÐI OG MINJAR	71
4.5.1	Náttúruverndarsvæði	71
4.5.2	Hverfisvernd.....	72
4.5.3	Minjavernd.....	73
5	SKIPULAGSFERLI	75
5.1	BREYTINGAR FRÁ ELDRA SKIPULAGI	75
5.2	SKIPULAGSLÝSING	76
5.3	SAMRÁÐ OG KYNNING	78
5.4	AFGREIÐSLA EFTIR KYNNINGU AÐALSKIPULAGS	79
5.5	AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU AÐALSKIPULAGS	79
6	HEIMILDIR	80
	Viðauki 1 – Skýringaruppættir.....	81

1 INNGANGUR

Skeiða- og Gnúpverjaheppur er í uppsveitum Árnessýslu og nær frá suðaustanverðum Hofsjökli til suðvesturs milli Stóru-Laxár og Þjórsár, að sveitarfélagamörkum við Flóahrepp.

Framsetning greinargerðar miðast við flokkun landnotkunar eins og hún er í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Auk lýsinga á einstökum svæðum er sett fram stefnumörkun í hverjum landnotkunarflokki. Stefna sveitarfélagsins í einstökum málaflokkum er hluti af aðalskipulagi og skal lögð til grundvallar við gerð deiliskipulags og framkvæmdaáætlana og við ákvörðunartöku í sveitarfélaginu.

Þeir þættir sem kalla á gerð aðalskipulags eru m.a. að marka skýrari stefnu um atvinnuuppbyggingu í tengslum við ferðapjónustu, landbúnað og orkunýtingu. Þá þarf að endurskoða stefnu varðandi íbúðar- og frístundabyggð, fjarskipti og verndarsvæði.

Í kafla 2 er sett fram stefnumörkun fyrir dreifbýlið, í kafla 3 fyrir þéttbýlisstaðina og í kafla 4 fyrir hálendið. Fjallað er um skipulagsferlið í kafla 5 og gerð grein fyrir helstu breytingum sem gerðar eru frá gildandi skipulagi.

Vinnuhópur við aðalskipulagsgerðina

Skipaður var stýrihópur til að vinna að tillögugerð aðalskipulagsins. Stýrihópurinn skipuðu: Björgvin Skapti Bjarnason oddviti, Meike Erika Witt, Einar Bjarnason, Halla Sigríður Bjarnadóttir og Gunnar Örn Marteinson. Einnig störfuðu Kristófer Tómasson sveitarstjóri og Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi með hópnun.

Tillögugerð, úrvinnsla og framsetning aðalskipulagsins var unnin af starfsfólki Steinsholts ehf, þeim Gísla Gíslasyni og Guðrínu Láru Sveinsdóttur. Einnig komu aðrir starfsmenn að vinnunni eftir þörfum, þau Ásgeir Jónsson, Ingibjörg Sveinsdóttir og Elín Fjóra Þórarinsdóttir. Starfsfólk verkfræðistofunnar EFLU kom að vinnunni, einkum vinnu við umhverfisskýrslu. Það voru þær Eva Dís Þórðardóttir og Brynja Dögg Ingólfsdóttir. Í tengslum við aðalskipulagsgerðina var unnin flokkun á landbúnaðarlandi undir stjórn Ásgeirs Jónssonar og Guðrúnar Láru Sveinsdóttur.

1.1 STEFNA AÐALSKIPULAGS


Markmið með gerð aðalskipulags er að stuðla að „skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi“ sbr. 1 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, lið b.

Í aðalskipulagi er lögð fram stefna sveitarstjórnar varðandi landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, umhverfismál, samgöngu- og þjónustukerfi sveitarfélagsins til næstu 12 ára. Gildandi aðalskipulag skal yfirfarið í upphafi hvers kjörtímabils og nýrri sveitarstjórn ber skv. 35. gr. skipulagslaga, að meta hvort endurskoða skuli skipulagið.

Það sem einkum hefur verið haft að leiðarljósi við skipulagsvinnuna er að styrkja svæðið sem ákjósanlegt svæði til búsetu og atvinnuuppbyggingar, sem viðkomustað ferðamanna og almennt til orlofsdvalar jafnframt því að stuðla að skynsamlegri landnotkun á svæðinu í framtíðinni.

Leiðarljós við gerð aðalskipulagsins er eftirfarandi:

Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps skal stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnuuppbyggingu og blómlegt mannlíf til að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.



Mynd 1. Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

Lögð er áhersla á eftirfarandi meginmarkmið:

- Íbúum verði tryggð góð lífsskilyrði.
- Bæta möguleika landeigenda til fjölbreyttrar landnýtingar.
- Stuðla að hagkvæmri þróun landbúnaðar samhliða því að vernda gott landbúnaðarland til matvælaframleiðslu.
- Efla byggð og atvinnulíf í sveitarfélaginu og stuðla að fjölbreyttari atvinnutækifærum.
- Stuðla að hagkvæmri nýtingu orkuauðlinda í sátt við samfélag og náttúru.
- Unnið verði markvisst að skipulagi og uppbyggingu ferðaþjónustu í samvinnu við ferðaþjónustuaðila.
- Stuðla að öflugri fjarskiptum.
- Leita hagkvæmra lausna í samgöngum samhliða því að stuðla að betra umferðar- og rekstraröryggi, m.a. með fækkun tenginga við stofnvegi. Styrkja tengingar innan héraðs, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnusóknar.
- Stuðla að bættum möguleikum til útivistar, m.a. með göngu-, reið- og reiðhjólaleiðum.
- Stuðla að endurheimt landgæða með gróðurvernd og landgræðslu og að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.
- Standa vörð um vernd grunnvatns sem neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.
- Stuðla að varðveislu náttúru- og söguminja og annarra umhverfislegra gæða.
- Unnið verði að eflingu á sviði heilbrigðis- og öldrunarmála í samstarfi við nágrennasveitarfélög.

Hér að neðan er yfirlit yfir helstu mál sem koma til framkvæmda og/eða undirbúnings á skipulagstímanum.

- Verndun góðs landbúnaðarlands mun renna styrkari stoðum undir landbúnað og matvælaframleiðslu í sveitarfélaginu. Lögð er áhersla á að því verði ráðstafað með þeim hætti að það nýtist til ræktunar, þegar til lengri tíma er litið.
- Nýtt iðnaðarsvæði verður við Búðafossveg við Árnes.
- Þéttbýlið í Árnesi verður stækkað og íbúðarsvæðum fjölgað.
- Gert er ráð fyrir nýjum íbúðarsvæðum í dreifbýli.
- Felld eru út tvö frístundasvæði þar sem þau eru óbyggð og á skilgreindu hættusvæði vegna flóða.
- Gerðar verða þrjár göngubrýr í Þjórsárdal; yfir Þjórsá ofan við Þjófafoss, yfir Rauða skammt neðan Gjárinnar og yfir Fossá á leiðinni milli Stangar og Reykhólts.
- Gert er ráð fyrir þjónustu- og upplýsingamiðstöð við Þjóðveldisbæinn í Þjórsárdal (á Skeljastaðatúni).
- Gert er ráð fyrir þjónustumiðstöð í Sandártungu í tengslum við tjaldsvæðið.
- Gert er ráð fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu í Reykholti í Þjórsárdal.
- Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu ferðaþjónustu í Hólaskógi.
- Á hálendinu verður svæðið meðfram Þjórsá, frá Sultartangalóni norður að Norðlingaöldu, sett undir hverfisvernd.
- Unnið er að friðlýsingu Kerlingarfjalla og er svæðið sett undir hverfisvernd.
- Lokið verði við aðalskráningu fornminja á skipulagstímanum.

1.2 SKIPULAGSGÖGN OG KORTAGRUNNAR

Uppdrættir eru unnir á stafræna kortagrunna (IS50v) frá Landmælingum Íslands og loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Sveitarfélagamörk eru sýnd eins og þau eru á kortagrunnum Landmælinga Íslands (IS50v). Kortagrunnar eru í ISN93. Hugsanlegt er að mörk milli Bláskógabyggðar og Skeiða- og Gnúpverjahrepps séu ekki rétt á Vörðufelli. Engu að síður eru sveitarfélagamörkin sýnd eins á aðalskipulagsuppráttum þessara sveitarfélaga.

Landamerki eru skv. nýtjalandsgrunni RALA. Landamerki eru óstaðfest og í einhverjum tilfellum óviss og því einungis sýnd til skýringar.

Skipulagið er sett fram í greinargerð og á skipulagsuppdráttum. Auk aðaluppdráttar er aðalskipulagið sett fram á nokkrum skýringaruppdráttum til þess að skýra forsendur og helstu þætti skipulagsins og eru þeir settir fram í viðauka 1 í greinargerð. Forsendur skipulagsins og umhverfisskýrsla er sett fram í sér hefti. Landbúnaðarland sveitarfélagsins var flokkað í tengslum við endurskoðun aðalskipulagsins og er fjallað um það í sérstakri greinargerð og flokkunin sýnd á skýringaruppdraetti nr. 2.

Skipulagsuppdraettir:

- Aðalskipulagsuppdráttur fyrir byggðina í mkv. 1:50.000.
- Aðalskipulagsuppdráttur fyrir hálendið í mkv. 1:100.000.
- Þéttbýlisuppdraettir fyrir Brautarholt og Árnes í mkv. 1:10.000.

Skýringaruppdraettir í viðauka:

1. Landbúnaður, landgræðsla og skógrækt í mkv. 1:110.000.
2. Flokkun landbúnaðarlands í mkv. 1:110.000.
3. Íbúðar- og frístundasvæði, hættusvæði í mkv. 1:110.000.
4. Samgöngur, göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir í mkv. 1:110.000.
5. Verndarsvæði í mkv. 1:110.000.
6. Flokkun hálendisvega í mkv. 1:250.000.
7. Ný íbúðarhús 2000-2016 í mkv. 1:110.000.
8. Fornleifar í mkv. 1:110.000.
9. Ferðapjónusta í mkv. 1:130.000.

Þar sem landnýting á hálendi sveitarfélagsins er fremur einsleit er sá skipulagsuppdráttur í mælikvarðanum 1:100.000. Svæði sem auðkennd eru með hringtákn á skipulagsuppdraetti geta verið allt að 5 ha að stærð.

2 STEFNUMÖRKUN Í DREIFBÝLI

Megin landnotkun í byggð er landbúnaður þó frístundasvæði nái einnig yfir talsvert stóran hluta. Þá fer landnýting vegna ferðamennsku og afþreyingar vaxandi. Á hálendinu er megin landnotkunin óbyggt svæði.

Í þessum kafla er sett fram stefnumörkun fyrir byggð (kafla 2.2), atvinnusvæði (kafla 2.3), óbyggð svæði eða svæði með takmörkunum (kafla 2.4), samgöngur (kafla 2.5), veitur (kafla 2.6), verndarsvæði, minjar og takmörkun á landnotkun (kafla 2.7) og svæði undir náttúruvá (2.8).

2.1 UMHVERFI OG YFIRBRAGÐ BYGGÐAR Í DREIFBÝLI OG MANNVIRKJA Á HÁLENDI

Samkvæmt landskipulagsstefnu ber sveitarfélögum að marka stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Þar segir ennfremur að ákvarðanir um staðsetningu og hönnun mannvirkja skuli taka mið af byggingarhefðum, landslagi og staðhátum. Gæta skuli að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og að byggð skerði ekki að óþörfu gott landbúnaðarland eða svæði sem eru mikilvæg vegna náttúruvafars¹. Það er einnig vilji sveitarstjórnar að halda í dreifbýlisyfirbragð utan þéttbýlisstaða og að umgengni sé hvarvetna til fyrirmyndar.

Markmið:

- **Leitast skal við að halda í dreifbýlisyfirbragð í byggðahluta sveitarfélagsins.**
- **Mannvirki skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi á hverjum stað og gæta skal samræmis við nálæga byggð.**
- **Mannvirki skulu ekki valda skaða á náttúru- eða menningarminjum.**
- **Umgengni verði til fyrirmyndar.**
- **Huga skal að ljósmengun og að hún valdi ekki ónæði.**

¹ (Alþingi Íslands, 2016).

- Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.

Leiðir:

- Byggingum verði vel viðhaldið og ónýtar byggingar fjarlægðar. Þó skal gætt að varðveislugildi bygginga með tilliti til menningar- og sögulegs gildis þeirra. Íbúar verði hvattir til snýrtillegrar umgengni og efnt verði til hreinsunarátaks með reglulegu millibili.
- Forðast skal óþarfa lýsingu, ljósi skal beint niður, eða það skermað af og haft í huga að lýsing valdi nágroñnum sem minnstum óþægindum.

Í byggingareglugerð nr. 112/2012 eru m.a. sett fram markmið fyrir verndun náttúrufars og birtu og lýsingu við mannvirki. Í gr. 15.1.1 segir: „við hönnun og gerð mannvirkja ber ávallt að taka tillit til umhverfis og náttúrufars. Leitast skal við, eftir því sem aðstæður leyfa, að láta mannvirki falla sem eðlilegast að umhverfinu og hafa sem minnst truflandi áhrif á náttúrufar og gerð landslags í næsta nágrenni“.

Í gr. 10.4.1. segir: „Mannvirki skulu þannig hönnuð og byggð að öll birtuskilyrði og ljósmagn sé í fullu samræmi við þá starfsemi sem fer fram við eða innan mannvirkisins, án þess að óeðlilegur truflandi hiti eða óeðlileg glýjumyndun verði vegna lýsingar. Við mat á eðlilegum birtuskilyrðum ber að taka tillit til þarfa allra aldurshópa“.

Í grein 10.4.2. segir ennfremur að „við hönnun á útilýsingu skal þess gætt að ekki verði um óþarfa ljósmengun að ræða frá flóðlýsingu mannvirkja. Tryggja skal að útilýsingu sé beint að viðeigandi svæði og nota skal vel skermaða lampa sem varpa ljósinu niður og valda síður glýju og næturbjarma“.

Öll byggð skal taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar. Ganga skal vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taki mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi. Ganga þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.

2.2 BYGGÐ

Undir þessum kafla er fjallað um íbúðarbyggð (kafla 2.2.1) og frístundabyggð (kafla 2.2.2).

Í byggingareglugerð nr. 112/2012 eru m.a. sett fram markmið fyrir verndun náttúrufars. Í gr. 15.1.1 segir: „við hönnun og gerð mannvirkja ber ávallt að taka tillit til umhverfis og náttúrufars. Leitast skal við, eftir því sem aðstæður leyfa, að láta mannvirki falla sem eðlilegast að umhverfinu og hafa sem minnst truflandi áhrif á náttúrufar og gerð landslags í næsta nágrenni“.

2.2.1 Íbúðarbyggð í dreifbýli

Í grein 6.2 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er íbúðarbyggð skilgreind sem „Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins“.

Markmið:


- Við deiliskipulag svæða verði miðað að því að vernda landbúnaðarland í flokki I og II.
- Íbúðarbyggð verður ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, náttúruauðlinda, sögu eða almenns útivistargildis.
- Íbúðarhús verði að jafnaði ekki byggð á svæðum sem skilgreind eru sem hættusvæði vegna náttúruvárs.

Leiðir:

- Taka skal tillit til landslags, söguslóða, gróðurfars og útsýnisstaða við skipulag íbúðarbyggðar.
- Við skipulag íbúðarbyggðar og íbúðarlóða skal hugað að náttúruvá sbr. kafla 2.8.
- Leitast skal við að staðsetja nýja byggð í góðum tengslum við núverandi vegi og veitukerfi.
- Gert er ráð fyrir lágreistri byggð á 1-2 hæðum, nýtingarhlutfall lóða getur verð allt að 0,05.
- Í deiliskipulagi íbúðarbyggðar skal gera grein fyrir vatnstökustöðum þar sem nálgast má neysluvatn og slökkvivatn.

- Á þekktum flóðasvæðum er óheimilt að hafa kjallara undir húsum og lyfta skal húsunum upp fyrir þekktu flóðhæð.
- Við skipulag byggðar skal hugað að því að merkar jarðmyndanir og náttúruminjar verði fyrir sem minnstum áhrifum vegna framkvæmda.

Samkvæmt vef Hagstofunnar voru, þann 31. desember 2011, 142 íbúðir í notkun í sveitarfélaginu, 2 mannvirki af tegundinni annað húsnæði (húsnæði sem nýtt er til mannaþústaðar t.d. skúrar, hjallar, hjólhýsi) og 3 sambýlishúsnæði (húsnæði sem hannað er til búsetu stórra hópa). Af þessum 142 íbúðum voru 105 í einbýlishúsum, 8 í tvíbýlishúsum og 29 í byggingum með þrjár eða fleiri íbúðir. Þann 1. janúar 2012 voru íbúar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 504 talsins.



Mynd 2 sýnir fjölda nýrra íbúðarhúsa sem byggð voru í dreifbýlinu á árunum 2000 – 2016. Alls voru byggð 31 hús á þessu árabili sem hafa að langmestu leiti byggst upp í tengslum við núverandi bæjar- torfur, eins og sjá má á skýringaruppdrætti nr. 7 í viðauka.

Íbúðarbyggð er á fimm stöðum í dreifbýli sveitarfélagsins. Þjónustustig innan íbúðarbyggðar er sambærilegt og á landbúnaðar-

Mynd 2. Ný íbúðarhús í dreifbýli byggð á árunum 2000 – 2016.

svæðum. Eftirfarandi svæði fyrir íbúðarbyggð eru í sveitarfélaginu:

Íbúðarbyggð		
Nr.	Heiti	Lýsing
ÍB1	Áshildarmýri	Gert er ráð fyrir allt að 20 lóðum fyrir íbúðarhús. Á svæðinu eru nokkur hús. Svæðið er að hluta til á þekktu flóðasvæði og byggingum innan þess skal lyft upp fyrir þekktu flóðahæð og ekki er heimilt að vera með kjallara. Svæðið var áður skilgreint sem hluti af stærra frístundasvæði og er deiliskipulagt. Stærð svæðis er um 205 ha.
ÍB2	Kálfhóll	Gert er ráð fyrir 5 lóðum fyrir íbúðarhús. Svæðið var áður skilgreint sem frístundasvæði og er deiliskipulagt. Stærð svæðis er um 7 ha.
ÍB4	Sandholt	Gert er ráð fyrir 6 lóðum fyrir íbúðarhús á 1-2 hæðum. Svæðið er deiliskipulagt. Mænishæð getur verið allt að 7 m. Stærð svæðis er um 20 ha.
ÍB5	Þrándartún	Gert er ráð fyrir 6 lóðum fyrir íbúðarhús, auk lóða undir hesthús, eins og skilgreint er í deiliskipulagi. Fjögur hús eru á svæðinu og stærð svæðis er um 9 ha.
ÍB9	Búrfellsstöð	Á svæðinu eru 9 einbýlishús og 5 parhús auk aðstöðuhúss skv. gildandi deiliskipulagi. Svæðið er fullbyggt. Stærð svæðis er um 9 ha.

Samtals er gert ráð fyrir 33 – 40 lóðum á ofangreindum svæðum fyrir íbúðarbyggð, á um 65 ha svæði og þar af eru um 20 lóðir óbyggðar. Í þéttbýlunum eru um 40 lóðir óbyggðar (sjá kafla 3.4.1) og því eru um 60 lóðir óbyggðar í sveitarfélaginu. Íbúar voru 521 í ársbyrjun 2016 og 594 í ársbyrjun 2017 (sjá kafla 3 í forsenduhefti). Miðað við miðspá Hagstofunnar um íbúáþróun er gert ráð fyrir að íbúum fjölgi um tæpt 1 % á ári og verði orðnir um 670 við lok skipulagstímabilsins og fjölgi því um tæplega 80 manns. Eins og fram kemur í forsendurhefti eru um 50 starfsmenn Búrfellsvirkjun teknir með í íbúafjölda ársins 2017. Sé horft til íbúafjölda án þeirra voru íbúar í ársbyrjun 2017 um 545 talsins. Miðað við miðspá

Hagstofunnar verða íbúar orðnir um 610 árið 2029 og fjölgi því um tæplega 70 manns. Þá sýnir aldurs-samsetning íbúa að fjölga muni í hópi eldri borgara á skipulagstímabilinu og gera má ráð fyrir að hluti þeirra vilji flytja í minna húsnæði.

Spár um íbúafjölgun ber að taka með fyrirvara þar sem ýmsir þættir geta haft þar áhrif s.s. þróun húsnæðisverðs í nágrannasveitarfélögum. Lagning ljósleiðara í sveitarfélaginu getur einnig haft áhrif á eftirspurn eftir húsnæði.

Loks liggur það fyrir að í tengslum við uppbyggingu ferðaþjónustu hefur eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu aukist. Stefnan gerir ráð fyrir um 40 lóðum fyrir íbúðarhús og því eru 5 svæði fyrir íbúðarbyggð eru í samræmi við þá íbúafjölgun og þróun byggðar sem ætla má að eigi sér stað á skipulagstímabilinu.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Líklegt áhrif af íbúðarbyggð í dreifbýli voru metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins (kafli 4.3.1) skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Niðurstaða þess mats er eftirfarandi: Stefna um íbúðarbyggð hefur á heildina litið óverulegt eða jákvæð áhrif á umhverfisþætti. Líkur eru á að með fjölgun íbúðarlóða muni íbúum fjölga í sveitarfélaginu. Þrátt fyrir að íbúðarsvæði í dreifbýli samræmist ekki landsskipulagsstefnu, þar sem miðað er við að styrkja þá kjarna sem fyrir eru og byggja upp á bæjartorfum, er þétting byggðar í dreifbýli almennt séð hagkvæm rekstrarlega séð fyrir sveitarfélagið að mati sveitarstjórnar. Unnt er að samnýta vegi og veitur og möguleiki getur verið á samveitum fyrir frárennsli þar sem aðstæður leyfa. Ný íbúðarsvæði verða utan landbúnaðarlands í flokki I og II. Eitt svæðið, ÍB2 er á landbúnaðarlandi í flokki II en þar sem verið er að breyta frístundasvæði í íbúðarsvæði er það vilji sveitarstjórnar að heimila íbúðarsvæðið.

Áhrif stefnunnar á náttúru og þá einkum á gróður eru **óveruleg** en samkvæmt flokkun landbúnaðarlands, sem fer fram samhliða enduskoðun aðalskipulagsins, eru svæðin sem sett er undir íbúðarbyggð utan flokka I og II og því ekki um úrvals ræktunarland að ræða. Áhrif á ásýnd eru metin **óveruleg** þar sem svæðin eru nálægt núverandi byggð. Allar byggingar hafa áhrif á náttúrulegt landslag en áhrifin eru metin **óveruleg** vegna þess hve svæðin eru lítil og vegna nálægðar við núverandi byggð og þeirra áhrifa sem þegar hafa orðið vegna hennar. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð** og þá einkum á íbúapróun og styrkingu byggðar þar sem stefnan heimilar fasta búsetu á svæðunum og er líklegt til að leiða til íbúafjölgunar, efla byggðina og styrkja tekjustofna sveitarfélagsins. Á bæjum í næsta nágrenni svæðanna er byggð til staðar sem þarfnast þjónustu s.s. skólaaksturs og viðbótarakstur ætti ekki að verða mjög mikill í kjölfar stefnunnar. Áhrif á samfélag eru einnig metin **neikvæð** því stefnan stuðlar ekki að styrkingu þéttbýlisstaðanna með því að heimila frekari íbúðarbyggð í dreifbýlinu. Þétting byggðar í dreifbýli er almennt séð ekki hagkvæm rekstrarlega séð fyrir sveitarfélagið t.d. vegna þess að vegalengdir vegna ýmis konar þjónustu eru lengri og þar af leiðandi dýrari. Áhrif á samgöngur eru metin **jákvæð** og **neikvæð**. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir fáum lóðum á hverjum stað fyrir sig getur það leitt til aukinnar umferðar þar sem t.a.m íbúar þurfa að aka lengri leið til að sækja þjónustu/atvinnu. Hins vegar eru vegir til staðar að svæðunum, þó þeir gætu þarfnast lagfæringar. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **neikvæð** þar sem stefnan getur haft neikvæð áhrif á loftgæði og hljóðvist í dreifbýlinu vegna umferðar. Áhrif á minjar eru metin **engin/lítill**.

2.2.2 Frístundabyggð

Frístundabyggð er skv. gr. 6.2 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, "svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum".


Markmið:

- Frístundabyggð skal vera sem mest á samfelldum svæðum innan hvernar jarðar, þannig að vegir og veitur nýtist sem best. Ný frístundasvæði verði að jafnaði í tengslum við núverandi frístunda-byggð.
- Hafa skal sameiginlegar veitur þar sem þéttleiki byggðar og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.
- Frístundabyggð verður ekki er að jafnaði ekki heimiluð skipulögð á góðu landbúnaðarlandi í flokkum I og II.

- Frístundabyggð er ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúruvafars, auðlinda, náttúruvafars, sögu eða almenns útivistargildis.

Leiðir:

- Ný frístundasvæði verði ekki stærri en 25 ha innan hvernar jarðar. ~~Nýir áfangar frístundasvæði~~ innan hvernar jarðar verða ekki tekið til skipulagsmeðferðar fyrr en minnst 2/3 hlutar fyrri áfanga hafa verið byggðir.
- Við deiliskipulag Á nýjum óbyggðra frístundasvæðum skulu lóðir jafnan vera á stærðarbilinu ½ - 2 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03. Í ákveðnum tilfellum geta frístundalóðir þó verið minni og nýtingarhlutfall allt að 0,05. Mænishæð getur verið allt að 7 m.
- Skipulag tryggi aðgengi að áhugaverðum útivistarsvæðum og náttúruvafirbærum og miði að því að halda opnum gömlum og/eða hefðbundnum göngu- og reiðleiðum.
- Við skipulag byggðar skal hugað að því að mikilvægar jarðmyndanir og gróðursvæði verði fyrir sem minnstum áhrifum vegna framkvæmda.
- Heimilt er að leigja út orlofshús og starfrækja þjónustumiðstöðvar og/eða smáverlanir sem þjóna svæðinu.
- Frístundabyggð skal vera í samræmi við deiliskipulag.
- Í deiliskipulagi frístundabyggðar skal gera grein fyrir vatnstökustöðum þar sem nálgast má slökkvi-vatn.
- Heimilt er að leigja út frístundahús í samræmi við reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gisti-staði og skemmtanahald.



Samkvæmt gildandi aðal-skipulagi eru frístundasvæði á um 1400 ha landsvæði í sveitarfélaginu. Með nýju aðalskipulagi eru skilgreind 40 frístundasvæði á um 1.460 ha svæði. Breyting á stærð frístundasvæða er til komin vegna nákvæmari afmörkunar svæðanna. Á árunum 2000 – 2016 voru byggð 61 frístundahús, sjá

Mynd 33 .

Mynd 3. Ný frístundahús á árunum 2000 – 2016.

Innan frístundasvæða er heimilt að vera með þjónustumiðstöðvar og smáverlanir sem þjóna viðkomandi svæði.

Frístundabyggð skal rísa sem mest á samfelldum svæðum og leitast skal við að samnýta vegi og veitur. Einn liður í þessu er að ný frístundabyggð, innan hvernar jarðar, verði ekki stærri en 25 ha og að hún sé að stórum hluta byggð áður en svæðið er stækkað eða ný svæði tekin fyrir frístundabyggð. Jafnframt verða þau svæði þar sem engin uppbygging hefur átt sér stað felld út við næstu endurskoðun aðalskipulags, nema landeigandi sýni fram á áform um uppbyggingu.

Í eldri frístundabyggð skal vera samræmi í stærð og nýtingarhlutfalli núverandi og nýrra lóða. Þá skulu ný hús vera í samræmi við þau hús sem fyrir eru, s.s. hvað varðar stærð, útlit og hæð. Í þeim tilfellum geta lóðir verið minni en almennt gerist og nýtingarhlutfall allt að 0,05.

Felld eru út tvö frístundasvæði í landi Árhrauns og Ólafsvalla, samtals um 150 ha að stærð. Svæðin eru innan skilgreinds hættusvæðis vegna flóða í Hvítá og eru nær óbyggð en aðeins eitt frístundahús er á svæðinu.

Fjallað er um stök frístundahús í kafla 2.3.8. Í einhverjum tilfellum getur komið til greina að byggja frístundahús á hættusvæðum (flóðasvæðum), en því aðeins að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sbr. kafla 2.8.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Líkleg áhrif af stefnu um frístundabyggð voru metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins (kafla 4.3.2) skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Niðurstaða þess mats er eftirfarandi: Metið er að stefnan hafi jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn samfélag þar sem góðu landbúnaðarlandi í flokki I og II er hlíft. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru metin engin/lítill. ~~Metið er að stefnan hafi jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn náttúru þar sem góðu ræktunarlandi er hlíft. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru metin engin/lítill.~~

Svæði fyrir frístundabyggð eru talin upp í töflu hér að neðan. Greint er frá því hvort svæðið er deiliskipulagt og eru þær upplýsingar eru fengnar af skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar. Þá er talinn fjöldi byggðra húsa á hverju svæði fyrir sig út frá loftmynd og því mögulegt að ný hús hafi risið frá því loftmyndin var tekin. Svæði sem auðkennd eru með hringtákn á skipulagsupprætti geta verið allt að 5 ha að stærð.

Svæði fyrir frístundabyggð eru talin upp í eftirfarandi töflu:

Frístundabyggð			
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
F1	Sléttaból	Ekkert deiliskipulag í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 9 ha.	Sléttaból
F4	Áshildarmýri	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 71 lóð. Um 10 lóðir eru byggðar. Svæðið er að hluta til á þekktu flóðasvæði og gólfkóti skal vera skv. gildandi deiliskipulagi. Ekki er heimilt að vera með kjallara. Stærð svæðis er um 84 ha.	Kílhraun
F8	Stekkatún og Rimi	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 8 lóðir. Fimm lóðir eru byggðar. Stærð svæðis er um 17 ha.	Langamýri
F9	Brjánsstaðir	Svæðið er óbyggt og ekkert deiliskipulag í gildi. Stærð svæðis er um 19 ha.	Brjánsstaðir
F10	Brjánsstaðir	Svæðið er óbyggt og ekkert deiliskipulag í gildi. Stærð svæðis er um 16 ha.	Brjánsstaðir
F11	Blesastaðir	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 11 lóðir og er ein lóð byggð. Svæðið er um 13 ha.	Blesastaðir
F12	Skeiðháholt I og II	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 8 lóðir og eru fjórar lóðir byggðar. Svæðið er um 37 ha.	Skeiðháholt II
F13	Votamýri	Svæðið er um 34 ha, er óbyggt og ekkert deiliskipulag í gildi.	Votamýri
F14	Votamýri II	Svæðið er deiliskipulagt að hluta og eru tvær lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 7 ha.	Votamýri II
F15	Húsatóftir I	Svæðið er um 2 ha, er óbyggt og ekkert deiliskipulag er í gildi.	Húsatóftir I
F16	Engjateigur	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 12 lóðir, þar af eru 6 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 58 ha.	Álfsstaðir
F17	Reykir (torfan)	Svæðið er óbyggt og ekkert deiliskipulag er í gildi. Stærð svæðis er um 72 ha.	Reykir
F18	Reykir (torfan)	Svæðið er óbyggt og ekkert deiliskipulag er í gildi. Stærð svæðis er um 28 ha.	Reykir
F19	Reykir (torfan)	Svæðið er óbyggt og ekkert deiliskipulag er í gildi. Stærð svæðis er um 5 ha.	Reykir
F20	Reykir (torfan)	Svæðið er óbyggt og ekkert deiliskipulag er í gildi. Stærð svæðis er um 13 ha.	Reykir
F21	Reykir (torfan)	Svæðið er óbyggt og ekkert deiliskipulag er í gildi. Stærð svæðis er um 85 ha.	Reykir

F22	Sandlækur I og II	Svæðið er óbyggt og ekkert deiliskipulag er í gildi. Stærð svæðis er um 5 ha.	Sandlækur I og II
F23	Stóra-Hof	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 85 lóðir og um 30 lóðir eru byggðar. Gert er ráð fyrir byggingu þjónustu- og salernishúss fyrir tjaldsvæði og stækkun núverandi skemmu. Svæðið er um 300 ha.	Stóra-Hof
F24	Eystra-Geldingaholt I	Ekkert deiliskipulag í gildi. Þrjú hús eru á svæðinu. Stærð svæðis er um 6 ha.	Eystra-Geldingaholt I
F25	Eystra-Geldingaholt I	Svæðið er deiliskipulagt að hluta fyrir 2 lóðir. Þrjú hús eru á svæðinu. Stærð svæðis er um 12 ha.	Eystra-Geldingaholt I
F26	Löngudælaholt	Svæðið er deiliskipulagt að hluta fyrir 5 lóðir. Um 20 hús eru á svæðinu. Svæðið er um 19 ha.	Löngudælaholt
F27	Sæluvellir og Flatir	Ekkert deiliskipulag í gildi. Um 20 hús eru á svæðinu. Svæðið er um 19 ha.	Réttarholt
F29	Minni-Mástunga	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 4 lóðir. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 1 ha.	Minni-Mástunga
F30	Fossnes	Ekkert deiliskipulag í gildi. Fimm hús eru á svæðinu. Gert er ráð fyrir allt að 10 lóðum. Svæðið er tvískipt og er stærð þess um 10 ha.	Fossnes
F31	Hagi	Svæðið er deiliskipulagt fyrir fjórar lóðir. Stærð svæðis er um 68 ha og er það fullbyggt.	Hagi
F32	Ásólfstaðir	Ekkert deiliskipulag í gildi. Stærð svæðis er um 7 ha og er fullbyggt.	Ásólfstaðir
F33	Ásólfstaðir	Ekkert deiliskipulag í gildi. Tvö hús eru á svæðinu. Stærð svæðis er um 9 ha.	Ásólfstaðir
F34	Skriðufell	Ekkert deiliskipulag í gildi. Um 10 hús eru á svæðinu. Stærð svæðis er um 58 ha.	Skriðufell
F35	Trantur	Svæðið er deiliskipulagt. Eitt hús er á svæðinu. Stærð svæðis um 13 ha.	Hamarsheiði II
F36	Framnes	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 31 lóð. Þrjú hús eru á svæðinu. Stærð svæðis er um 45 ha.	Framnes
F37	Vorsabær	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 2 lóðir og er fullbyggt. Stærð svæðis er um 2 ha.	Vorsabær
F39	Miðhús I og II	Ekkert deiliskipulag í gildi. Tvö hús eru á svæðinu. Svæðið er um 85 ha.	Miðhús 1 og II
F40	Ásólfstaðir II	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 8 lóðir, þar af eru tvær lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 9 ha.	Ásólfstaðir II
F42	Þjósárholt	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 8 lóðir, þar af eru 4 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 30 ha.	Þjósárholt
F43	Skarð I og II	Ekkert deiliskipulag í gildi. Fjögur hús eru á svæðinu. Stærð svæðis er um 72 ha.	Skarð I og II
F44	Hulduheimar	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 3 lóðir. Ein lóð er byggð. Stærð svæðis er um 7 ha.	Álfstaðir
F45	Réttarholt	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 37 lóðir. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 45 ha.	Réttarholt
F46	Minni-Núpur	Ekkert deiliskipulag í gildi. Fjögur hús eru á svæðinu. Stærð svæðis er um 3 ha.	Minni-Núpur

2.3 ATVINNUSVÆÐI

Í þessum kafla er fjallað um atvinnusvæði í dreifbýli. Megin landnotkun í dreifbýlinu er landbúnaður.

2.3.1 Landbúnaðarsvæði

Landbúnaðarsvæði er skv. gr. 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, skilgreint sem „Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu“.

Markmið:

- Svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland (flokkur I og II) verði áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu.
- Flokkun landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um nýtingu landbúnaðarlands.
- Landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta á slíkum svæðum.
- Landbúnaður verði eflur sem atvinnugrein og leitað leiða til uppbyggingar stoðgreina hans.
- Áfram verði lögð áhersla á að ásýnd bújarða og mannvirkja styðji við jákvæða ímynd íslensks landbúnaðar. Landnýting verði í sátt við náttúruna og misbjóði henni ekki með ofbeit, mengun eða á annan hátt.
- Settar verða verklagsreglur um landskipti.

Leiðir:

- Landbúnaðarland er flokkað með það að markmiði að vernda gott landbúnaðarland til matvælaframleiðslu til framtíðar.
- Byggingar, uppskipting lands, samfelld skógræktarsvæði o.fl. sem hamlar ræktunarmöguleikum er ekki heimil á góðu landbúnaðarlandi (flokki I og II) eða verndarsvæðum, en getur eftir atvikum verið í jaðri svæðanna eða þar sem sýnt er fram á að flokkun landbúnaðarlands er önnur en gengið er út frá í aðalskipulagi.
- Byggingar skulu að jafnaði reistar í tengslum við núverandi mannvirki m.a. til að nýta samgöngu- og veitukerfi sem best.
- Byggingar skulu taka mið af yfirbragði byggðar á landbúnaðarsvæðum.
- Lyktarmengandi starfsemi s.s. eldishús alifugla, loðdýra og svína skal staðsett í minnst 300 m fjarlægð frá jarðamörkum, sbr. einnig reglugerð nr. 520/2015.
- Heimilt er að stunda annan minni háttar atvinnurekstur á landbúnaðarsvæðum þar sem er föst búseta.
- Heimiluð er uppbygging á landspildum að lágmarki 2 ha að stærð (smábýlum) m.a. til áhugabúskapar ef um fasta búsetu er að ræða, enda styrki það nýtingu núverandi veitukerfa, hamlu ekki eðlilegri landbúnaðarstarfsemi né spilli góðu landbúnaðarlandi eða verndarsvæðum.
- Áform um framræslu eða endurheimt votlendis þarf að skoða í hverju tilfelli fyrir sig m.t.t. áhrifa á aðliggjandi jarðir.

Landbúnaður er grunnlandnotkun í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og á hluta landbúnaðarlands eru kvaðir, s.s. vegna vatnsverndar og hverfisverndar vegna náttúru- og söguminja, sem taka þarf tillit til við nýtingu lands. Samkvæmt landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, s.s. til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar í sátt við náttúru og landslag. Landnotkun styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðaþróun. Einnig er gert ráð fyrir að flokkun landbúnaðarlands sé lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum².

Um land bújarða á landbúnaðarsvæðum gilda ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 80/2004, og eftir atvikum ákvæði annarra laga.

Flokkun landbúnaðarlands

² (Alþingi Íslands, 2016).

Gott landbúnaðarland er auðlind sem verður varðveitt til framtíðar. Sérstaklega er horft til þess að ekki verði heimiluð landnýting sem takmarkar til lengri tíma ræktunarmöguleika á úrvals akuryrkjulandi, nema gild rök mæli með því.

Landbúnaður er meginlandnotkun utan þéttbýlis. Landbúnaðarland hefur verið kortlagt í grófum dráttum með tilliti til ræktunarhæfni og er það birt í skýrslunni „Skeiða- og Gnúpverjahreppur – flokkun landbúnaðarlands“ sem dagsett er 22. september 2017 og var unnin af Steinsholti ehf.

Helstu gögn sem notuð voru og/eða höfð til hliðsjónar við flokkun landbúnaðarlands eru eftirfarandi:

- Vistgerðir – kortlagning Náttúrufræðistofnunar Íslands.
- Nyttjalandskort Landbúnaðarháskóla Íslands.
- Corine landflokunarverkefni Landmælinga Íslands.
- Loftmyndir af Skeiða- og Gnúpverjahreppi frá Loftmyndum ehf.
- Hæðarlínur af Skeiða- og Gnúpverjahreppi frá Loftmyndum ehf.
- Hallakort af Skeiða- og Gnúpverjahreppi frá Loftmyndum ehf.
- Jarðvegskort Rannsóknarstofnunar Landbúnaðarins frá árinu 2001.
- Gögn um jarðveg, jarðfræði, gróður og votlendi, unnin af ýmsum aðilum s.s. LBHÍ, Náttúrufræðistofnun, Landmælingum o.fl.
- IS50v frá Landmælingum Íslands, s.s. sveitarfélagamörk, bæir, vegir, skurðir, vatnafar o.fl.

Landsvæði sveitarfélagsins var metið og afmarkað gróflega á uppdrætti í samræmi við aðfengin gögn og á grunni hnissettra loftmynda. Síðan var farið um svæðið og land metið sjónrænt, þar sem var m.a. horft til núverandi ræktunar, vatnsstöðu (skurða, tjarna o.fl.) og áferðar lands. Við vettvangsathugun var stuðst við álit ráðunauta með reynslu af kornrækt. Þá var fundað með heimamönnum sem komu með ábendingar og athugasemdir. Íbúafundur var haldinn undir lok vinnunnar og þar gafst einnig tækifæri á að koma að athugasemdum.

Landbúnaðarlandi Skeiða- og Gnúpverjahrepps er skipt upp í 4 flokka, I-IV:

Flokkur I – kjörlendi fyrir akuryrkju. Land fremur slétt, þ.e. nær alltaf undir 5° halli (8%). Í sumum tilfellum þarf að þurrka landið. Jarðvegur frjór og auðveldlega plógtækur, nær ekkert grjót. Land alltaf undir 100 m hæð yfir sjó.

Flokkur II – gott akuryrkjuland. Fremur slétt, halli yfirleitt undir 10% og alltaf undir 10° (18%) halli. Jarðvegur getur verið fremur rýr og þá áburðarfrekur, sums staðar sendinn og þurrlendur. Plógtækur jarðvegur kann að vera allt niður í 25 cm þar sem hann er hvað grynntur. Stakir hólar, grjót/nibbur kunna að raska samfellu í landi. Land alltaf undir 200 m hæð yfir sjó.

Flokkur III – Blandað ræktunarland. Halli frá því að vera lítill upp í nokkuð bratt, jafnvel 15° (26%) halli. Spildur mis stórar þar sem hraun, grjót, halli eða annað getur raskað samfellu í landi. Jarðvegur nokkuð breytilegur, allt frá því að vera mjög frjór yfir í rýran móajarðveg og lítt gróin melasvæði. Jarðvegur getur verið grýttur. Hentar oft vel til túnræktar og í sumum tilfellum mögulegt til akuryrkju. Landið er yfirleitt gott til beitar eða skógræktar. Land alltaf undir 300 m hæð yfir sjó.

Flokkur IV – annað land. Ýmsar landgerðir þar sem ekki verður um samfellda jarðrækt að ræða m.a. vegna þess að jarðvegur er grunnur, hraun/grjót í eða við yfirborð eða hæð yfir sjó og/eða halli lands er of mikill. Einnig eru þetta aurasvæði jökulvatna og sandsvæði. Land í flokki IV er oft hentugt til beitar og þá nýtt til sumarbeitar eða heilsársbeitar þegar um láglandissvæði er að ræða. Einnig er oft um að ræða svæði sem eru lítt gróin eða ógróin. Land í flokki IV er yfirleitt æskilegt til landgræðslu og skógræktar m.a. með það að markmiði að bæta landgæði til ræktunar / nýtingar.

Á landbúnaðarlandi í flokki I og II verður að jafnaði ekki heimiluð landnýting sem takmarkar verulega ræktunarmöguleika til akuryrkju s.s. samfelld skógræktarsvæði, byggð, umfangsmikil iðnaðarsvæði eða stórar námur. Eftirfarandi kvaðir eru settar á land í flokki I og II:

- **Nýjar Bbyggingar** séu ekki á svæðum í flokki I og II en geta eftir atvikum verið í jaðri svæða.

- Uppskipting lands, samfelld skógrækt, umgangsmikil iðnaðarstarfsemi eða efnistaka er óheimil á landi í flokki I og II en getur eftir atvikum verið í jaðri svæða.
- Nýir vegir raski ekki samfellu í landi í flokki I og II.

Komi fram áform um breytta landnotkun verður það skoðað og metið í hverju tilviki fyrir sig enda er kortlagning landbúnaðarlands unnin í grófum skala, eða mælikvarðanum 1:50.000. Flokkun landbúnaðarlands er ekki einhlít og því þarf að gæta varúðar og jafnræðis við ráðstöfun lands, með tilliti til flokkunar landsins.

Byggingar tengdar landbúnaði

Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist landbúnaði. Nýjar byggingar verða að jafnaði ekki reistar á verndarsvæðum eða landbúnaðarlandi í flokki I og II nema í nágrenni núverandi bygginga. Heimilt er að reisa stök íbúðarhús sem ekki tengjast búrekstri. Leitast skal við að staðsetja ný hús í námunda við þá byggð sem fyrir er til að nýta sem best tengingar við þjóðvegi og önnur dreifikerfi sem eru fyrir hendi. Það styrkir byggð að fjölga notendum þeirra veitukerfa sem nú þegar eru fyrir hendi og halda þarf í rekstri í dreifðum byggðum, bætt nýting núverandi kerfa styður við umhverfissjónarmið og hagkvæma þróun byggðar.

Útihús og aðrar byggingar tengdar landbúnaði skulu að jafnaði reistar í tengslum við önnur hús á jörðinni, þó þannig að mengun, s.s. lykt, hafi sem minnst áhrif á íbúa. Um eldihús alifugla, loðdýra og svína gildir reglugerð nr. 520/2015 þar sem gerð er grein fyrir lágmarksfjarlægð eldihúsa frá byggð. Að öllu jöfnu verði lágmarksfjarlægð eldihúsa á nýjum svæðum 300 m frá jarðamörkum en heimilt er að veita undanþágur ef sambærilegur rekstur er fyrir á svæðinu. Að öðru leyti gilda þau fjarlægðarmörk sem eru tilgreind í lögunum. Staðsetningu eldihúsa verður þó að skoða í hverju tilfelli fyrir sig og meta t.d. út frá ríkjandi vindátt og fjölda dýra. Öll alifugla-, loðdýra- og svínarækt sem er það umfangsmikil að hún sé háð mati á umhverfisáhrifum skal vera á iðnaðarsvæðum.

Heimiluð er uppbygging á landspildum sem eru að lágmarki 2 ha, m.a. til áhugabúskapar sbr. kafla 2.3.8. Slíkar spildur eru að jafnaði utan góðs landbúnaðarlands (í flokki I og II) og skal umfang og uppbygging taka mið af þeim veitu- og samgöngukerfum sem fyrir eru.

Önnur atvinnustarfsemi á landbúnaðarsvæðum

Heimilt er, þar sem föst ábúð er, að starfrækja rekstur á landbúnaðarsvæðum sem ekki tengist beint landbúnaðarframleiðslu. Einkum er horft til starfsemi í tengslum við ferðaþjónustu, greiðasölu, afurðasölu eða léttan iðnað sem fellur vel að og styður við landbúnað og búsetu á svæðinu. Nýta má byggingar á býlum með viðbótum og/eða breytingum, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Markmiðið er að koma þeim húsakosti, sem til staðar er, í notkun og styrkja um leið byggð í dreifbýli, skjóta styrkari stöðum undir búrekstur og tryggja eftir því sem hægt er að jarðir haldist í landbúnaðarnotum.

Heimilt er, á landi í ábúð og þar sem aðstæður leyfa, að hafa sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi, s.s. smiðju, verkstæði, gistiheimili, verslun, smáhýsi og/eða byggingar fyrir veitingarekstur, svo fremi sem heildarstærð slíkra bygginga fari ekki yfir 600 m². [Byggingar verða almennt utan landbúnaðarlands í flokki I og II.](#) Umfangsmeiri rekstur verður einungis heimilaður á svæðum sem eru skilgreind sérstaklega fyrir atvinnustarfsemi í aðalskipulagi, s.s. afþreyingar- og ferðamannasvæði, verslunar- og þjónustusvæði eða athafna- eða iðnaðarsvæði.

Heimilt er að reisa stök mannvirki á landbúnaðarsvæðum, sjá nánar kafla 2.3.8.

Landskipti

Heimilt er að skipta út stökum lóðum og/eða skipta jörðum, en þó skal forðast uppskiptingu á góðu landbúnaðarlandi í flokki I og II, nema til áframhaldandi landbúnaðarnota. Markmiðið með takmörkun á landskiptum er að leitast við að tryggja að landbúnaðarlandi í flokki I og II verði áfram nýtt til landbúnaðar og matvælaframleiðslu, halda í dreifbýlisfirbrigð og sporna við myndun samfelldrar byggðar. Byggingar á nýjum lóðum/spildum skulu nýta sem best þau veitu- og samgöngukerfi sem fyrir eru og halda í dreifbýlisfirbrigð. Ekki verða heimiluð landskipti nema tryggt aðgengi sé að nýjum spildum frá þjóðvegi. Ekki sé lokað almennum göngu- og reiðleiðum né aðgengi takmarkað að áhugaverðum stöðum eða

svæðum. Taka skal tillit til verndarsvæða. Gera þarf grein fyrir áætlaðri nýtingu lands þegar óskað er landskipta.

Niðurstaða umhverfismats áætlana um byggingar á landbúnaðarlandi

Líkleg áhrif af stefnu um byggingar á landbúnaðarlandi voru metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins (kafli 4.3.3) skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Niðurstaða þess mats er eftirfarandi:

Í heild hefur stefna um byggingarheimildir á landbúnaðarlandi jákvæð eða óveruleg áhrif á umhverfisþætti. Stefna sveitarstjórnar er að mannvirki skuli reist sem næst núverandi mannvirkjum en það er hagkvæmara fyrir rekstur veitna og vega. Þá er einnig stefnt að eflingu byggðar og atvinnulífs og rýmri heimildum til uppbyggingar er ætlað að stuðla að því og einfalda íbúum að byggja upp atvinnurekstur. Horfið er frá því að takmarka fjölda íbúðarhúsa á hverri jörð enda er það talið geta staðið í vegi fyrir íbúafjölgun í sveitarfélaginu.

Niðurstaða umhverfismats áætlana um verndun landbúnaðarlands í flokki I og II

Líkleg áhrif af stefnu um verndun landbúnaðarlands voru metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins (kafli 4.3.4) skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Niðurstaða þess mats er eftirfarandi:

Verndun góðs landbúnaðarlands hefur áhrif á aðra landnotkun og heimildir til framkvæmda. Almennt gildir að svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland (flokkur I og II) verði áfram nýtt til landbúnaðar. Samfelld skógrækt er óheimil á landi í flokkum I og II en getur verið í jaðri svæða s.s. til að veita skjól. Óheimilt er að skipuleggja ný íbúðar- og frístundasvæði á landi í flokkum I og II. Stefnan kveður á um að forðast skuli uppskiptingu jarða og þá sérstaklega landbúnaðarlands í flokki I og II.

Þrátt fyrir að settar séu skorður varðandi landnotkun á þeim jörðum sem hafa land í flokkum I og II á það ekki að hafa hamlandi áhrif fyrir t.a.m. uppbyggingu atvinnulífs þar sem víðast hvar er nægilegt landrými í flokkum III og IV á jörðum og á þeim svæðum eru rýmri heimildir til framkvæmda.

Niðurstaða sveitarstjórnar er að áhrif af verndun góðs landbúnaðarlands í flokki I og II séu jákvæð til lengri tíma lítið. Það er í samræmi við stefnu stjórnvalda og landslög að standa vörð um gott ræktunarland svo nýta megi það til matvælaframleiðslu en gæta þarf að vernd vistkerfa s.s. votlendis þegar land er brotið til ræktunar.

Líkleg áhrif af stefnu um landbúnaðarsvæði voru metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins (kafli 4.3.7). Niðurstaða þess mats er eftirfarandi: Áhrif af stefnu um landbúnaðarsvæði á náttúru eru metin jákvæð þar sem miðað er við að góðu ræktunarlandi verði ekki ráðstafað til annarra nota en til landbúnaðar. Áhrif á samfélag eru metin jákvæð þar sem stefnan styrkir stöðir landbúnaðar með verndun ræktunarlands og stuðlar að eflingu byggðarinnar með heimild til uppbyggingar fjölbreyttrar atvinnustarfsemi. Áhrif á samgöngur eru metin neikvæð en uppbygging atvinnustarfsemi á bæjartorfum getur leitt til aukinnar umferðar á svæðunum og meira slits á vegum. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin jákvæð hvað varðar verndun ræktunarlands þar sem um leið er stuðlað að matvælaöryggi í landinu. Áhrifin eru hins vegar neikvæð hvað varðar uppbyggingu atvinnustarfsemi á landbúnaðarsvæðum sem getur leitt til aukinnar umferðar sem hefur neikvæð áhrif á loftgæði og getur dregið úr umferðaröryggi á vegum í dreifbýlinu.

2.3.2 Skógræktar og landgræðslusvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru skógræktar- og landgræðslusvæði skilgreind sem „svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu“.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að unnið verði að umhverfisvernd og endurheimt landgæða innan sveitarfélagsins. Til að endurheimta landgæði má nefna uppgræðslu, skógrækt og gróðurvernd á áður grónum svæðum sem og endurheimt votlendis þar sem aðstæður leyfa.

Markmið:

- **Samfelld skógrækt er ekki heimil á landbúnaðarlandi í flokki I og II.**

- Á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika sem skógrækt getur spillt s.s. vegna náttúrufars, auðlinda, útivistargildis, fornleifa eða söguminja verði skógrækt takmörkuð eða óheimil.
- Hugað skal að því að skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásýnd fjalla og fossa eða valdi snjósöfnun á vegum.
- Sé þess þörf verði unnið að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða, m.a. með landgræðslu.
- Unnið verði að stöðvun landbrots af völdum fallvatna ef þurfa þykir.

Leiðir:

- Skógrækt og landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis.
- Forðast skal að setja gott landbúnaðarland undir samfellda skógrækt. Forðast skal að takmarka útsýni eða skerða gildi minja og verndarsvæða með uppgræðslu eða skógrækt.
- Áfram verði unnið að endurheimt gróðurs og landgæða.
- Afmarka skal ný svæði til skógræktar og landgræðslu þar sem samfelld svæði fer yfir 199 ha eða meira og unnið verður a.m.k. til fimm ára.
- Samfelld skógrækt stærri en 10 ha þarf framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar.

Gert er ráð fyrir að skógrækt og skjólbeltarækt í tengslum við Suðurlandsskógaverkefnið styrkist sem atvinnugrein og að þátttakendum í verkefninu komi til með að fjölga. Nokkur skógræktarsvæði eru skilgreind á skipulagsupprætti og er afmörkun á hluta þeirra fengin frá Skógræktinni. Skógræktarsvæðin eru ýmist svæði á vegum skógræktarféлага, skógrækt í tengslum við Suðurlandsskógaverkefnið eða skógrækt á vegum einstaklinga. Öll núverandi og áætluð skógræktarsvæði eru sýnd á skipulagsupprætti og á skýringarupprætti nr. 1.

Skógrækt og landgræðsla er viðurkennd aðferð við bindingu kolefnis í jarðvegi. Auk þess veitir skógrækt skjól gegn gróður- og jarðvegseyðingu. Þá veitir skógur eða skjólbelti skjól á ökrum, beitilöndum og í byggð. Mikilvægt er að skógrækt falli vel að landslagi og að ekki verði plantað skógi fyrir góða útsýnisstaði.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Líkleg áhrif af stefnu um skógrækt voru metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins (kafli 4.3.5). Niðurstaða þess mats er eftirfarandi: Stefna um skógrækt er talin hafa óveruleg eða neikvæð áhrif á náttúru og ásýnd svæða og því er mikilvægt að hugað sé vel að staðsetningu svæðanna. Stefnan er talin hafa fremur jákvæð áhrif fyrir byggð í sveitarfélaginu þar sem flokkun landbúnaðarlands verður lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum varðandi skógrækt. Stefna sveitarstjórnar er að skógrækt verði eflid til útivistar, skjóls og landbóta en jafnframt að hugað verði vel að staðsetningu skógræktarsvæða og þau spilli ekki útsýni, náttúru- eða söguminjum.

Stefnan er talin hafa ~~jákvæð~~ áhrif á náttúru þar sem landi sem hentar vel til landbúnaðar verður hlífð við skógrækt en leyfð í jaðri svæða sem getur aukið uppskeru vegna skjóls. Áhrif á landslag og ásýnd eru metin ~~neikvæð~~ eða ~~óveruleg~~. Skógrækt hefur mikil áhrif á landslag og ásýnd en stærð og staðsetning skógræktarsvæða skiptir mestu máli þegar meta á hversu umfangsmikil áhrifin eru. Áhrif á samfélag eru metin ~~jákvæð~~ þar sem skógrækt getur bætt lífsgæði íbúa vegna skjóls auk þess sem möguleikum til útivistar gæti fjölgað. Áhrif á samgöngur eru metin ~~óviss~~ en hugað verður að því að skógrækt og skjólbeltarækt sé ekki nálægt vegum vegna áhrifa á vegrátt fram á veginn og vegna snjósöfnunar. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin ~~jákvæð~~ en skógrækt stuðlar að bættum loftgæðum og dregur úr hættu af völdum náttúruváru vegna veðurs s.s. hvössum vindhviðum.

Líkleg áhrif af stefnu um að uppgræðsla og trijálplöntun sé óheimil á verndarsvæðum í Þjórsárdal voru metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins (kafli 4.3.6). Niðurstaða matsins er eftirfarandi: Stefnan er talin hafa neikvæð áhrif á náttúru og heilsu, vellíðan og öryggi þar sem gróður gæti átt erfitt uppdráttar og jarðvegsfok gæti aukist. Stefna sveitarstjórnar er að stuðlað verði að verndun sögu-, náttúru- og menningarminja og að skógrækt verði takmörkuð eða óheimil á svæðum sem hún getur spillt s.s. vegna náttúrufars. Stefnan styður því við stefnu sveitarstjórnar.

Áhrif uppgræðslu á umhverfisþáttinn náttúru og þá einkum á gróður eru metin **jákvæð** þar sem gróður kemur til með að aukast. Hins vegar eru áhrif uppgræðslu metin **neikvæð** á gervigiga á svæðinu vegna þess að þeir eru merkileg jarðmyndun og geta horfið í gróðri. Áhrif á landslag eru metin **neikvæð** þar sem náttúrulegt landslag breytist með tilkomu gróðurs. Áhrif á ásýnd eru metin **jákvæð** og **neikvæð** en gróður fegrar ásýnd gróðursnauðra svæða en getur einnig breytt ásýnd þeirra á neikvæðan hátt. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð** þar sem möguleikar til útivistar og ferðamennsku verða ákjósanlegri með auknum gróðri og skjólmyndun. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **jákvæð** þar sem uppgræðsla landsvæða dregur úr jarðvegsfoki og loftmengun af hennar völdum, auk þess að binda kolefni. Áhrif á minjar eru metin **óviss** þar sem gróður t.a.m. sjálfssáð birki getur breytt úr sér yfir minjasvæði og haft áhrif á aðgengi að þeim.

Nokkuð er um að Þjórsá, Stóra-Laxá og Hvítá brjóti land við bakka sína. Á nokkrum stöðum hafa verið gerðir varnargarðar eða bakkavarnir til að sporna gegn landbroti. Haldið verður áfram að sporna gegn landbroti eftir því sem þurfa þykir.

Bændur í sveitarfélaginu vinna víða með Landgræðslu ríkisins að uppgræðslu í heimalöndum m.a. í verk-efninu „Bændur græða landið“. Árið 2016 voru þátttakendur sex talsins og hefur fjöldinn verið stöðugur síðustu ár. Landgræðsla er heimil hvarvetna þar sem hennar er talin þörf í sveitarfélaginu. Þau svæði sem eru í umsjá Landgræðslunnar eru skilgreind sem landgræðslusvæði á skipulagsuppdrætti. Eitt skilgreint landgræðslusvæði er á Hafinu milli Búrfells- og Sultartangavirkjana.

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015, skal tilkynna til Skipulagsstofnunar um skógræktaráætlanir sem taka yfir ~~200-199~~ ha lands eða meira eða ná til skógræktar á verndarsvæðum og Skipulagsstofnun ákvarðar um matsskyldu framkvæmdanna. Ávallt skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar varðandi skógrækt á verndarsvæðum. Alla aðra nýræktun skóga, að 200 ha, skal tilkynna til sveitarstjórnar sem ákvarðar um matsskyldu framkvæmda sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 660/2015. Þá ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar um allar uppgræðsluáðgerðir á verndarsvæðum, sbr. sömu reglugerð. Bæði tilkynningaskyldar og matsskyldar framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi. Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 þá eru eftirtaldar framkvæmdir háðar framkvæmdaleyfi; nýræktun skóga hvort sem um er að ræða nytjaskóg eða útivistarskóg, skógareyðing og uppgræðsla lands á verndarsvæðum. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en hafin er skógrækt á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

Landgræðsla og skógrækt skulu m.a. taka mið af alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að ásamt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 og aðgerðaáætlun í loftslagsmálum (Umhverfisráðuneytið 2010).

Landgræðsla og skógrækt skulu taka mið af alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að, s.s. samningi um líffræðilega fjölbreytni og Parísarsamkomulaginu.

Um skógræktar- og landgræðslusvæði gildir að öðru leyti eftirfarandi:

- Stefnt er að endurheimt landgæða á illa förnum svæðum. Vinna skal að því að létta beit af landsvæðum þar sem rof á landi er verulegt. Skal að því stefnt að skilja slík svæði frá landi þar sem ástand er betra og ennfremur að bæta ástand gróðurs á illa förnum svæðum sem liggja að grónu landi.
- Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar sbr. kafla 2.7.3, náttúruverndarsvæða sbr. kafla 2.7.1 og fornminja sbr. kafla 2.7.4.
- Skógrækt og landgræðsla skulu ekki fara nær friðlýstum fornminjum en 100 m og ekki nær öðrum merkjum minjum en 20 m.
- Nytjaskógrækt verði að jafnaði ekki nær ár- og vatnsbökkum en 30 m og skjólbeltarækt verði að jafnaði ekki nær vegum en 50 m. Skógrækt skal ekki vera innan helgunarsvæða raflína.
- Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Þess skal gætt að skógrækt trufli ekki umferð á vegum m.t.t. snjósöfnunar og byrgi ekki fyrir útsýni.

Nokkuð umfangsmikil skógrækt er víða á frístundasvæðum en ekki er gerð grein fyrir henni þar sem ekki er um ríkjandi landnotkun að ræða.

Í töflu hér að neðan er yfirlit yfir skógræktarsvæði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi en auk þessara svæða er skjólbeltarækt á fjölmörgum jörðum sem ekki verður gerð nánari grein fyrir. Upplýsingar um svæðin eru fengin frá Skógræktinni. Núverandi og áætluð skógræktar- og landgræðslusvæði, 10 ha og stærri, [auk samningsbundinna svæða](#), eru sýnd á skipulagsuppdrætti og skýringaruppdrætti.

Skógræktar- og landgræðslusvæði		
Nr.	Heiti/jörð	Lýsing
SL1	Áshildarmýri	Skógrækt á vegum Árnesingafélagsins. Stærð svæðis er um 2 ha.
SL2	Norðurgarður og Björnskot	Skógrækt, stærð svæðis er um 54 ha.
SL3	Reykhóll	Skógrækt, stærð svæðis er um 32 ha.
SL4	Reykir	Skógrækt, stærð svæðis er um 20 ha.
SL5	Breiðanes	Skógrækt, stærð svæðis er um 104 ha.
SL6	Sandlækur og Þrándarholt	Skógrækt, stærð svæðis er um 102 ha. Um 78 ha af svæðinu er innan Suðurlandsskóga.
SL7	Stöðulfell	Skógrækt, stærð svæðis er um 25 ha.
SL8	Stekkatún (Miðhús)	Skógrækt, stærð svæðis er um 26 ha.
SL9	Skarð 2	Skógrækt, stærð svæðis er um 26 ha.
SL10	Ásbrekka	Skógrækt, stærð svæðis er um 112 ha.
SL11	Stóra-Hof	Skógrækt, stærð svæðis er um 53 ha.
SL12	Lækjarbrekka	Skógrækt, stærð svæðis er um 27 ha.
SL13	Laxárdalur /Skáldabúðir	II Skógrækt, stærð svæðis er um 124 ha.
SL14	Hamarsheiði	Skógrækt, stærð svæðis er um 37 ha.
SL15	Fossnes	Skógrækt, stærð svæðis er um 17 ha.
SL16	Ásólfstaðir II	Skógrækt, stærð svæðis er um 35 ha. Samningur milli Suðurlandsskóga og eigenda jarðarinnar um fjölnytjaskógrækt.
SL17	Skriðufell og Ásólfstaðir	Skógrækt á vegum Skógræktarinnar, stærð svæðis er um 4.400 ha.
SL18	Búrfellsskógur	Skógrækt vestan Búrfells á vegum Skógræktarfélag Íslands í samvinnu við Landsvirkjun. Stærð svæðis er um 200 ha.
SL19	Bjarnarlón	Skógræktarsvæði. Samningur milli Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Skógræktarfélag Íslands og Landsvirkjunar sem heimilar Landsvirkjun afnot af landi undir Landgræðsluskóg. Stærð svæðis er um 125 ha.
SL20	Hafið	Landgræðslusvæði, uppgræðsla í samvinnu sveitarfélagsins, Landsvirkjunar og Landgræðslunnar. Svæðið er um 690 ha að stærð og er nýtt til haustbeitar. Hluti svæðisins tilheyrir hálendishluta sveitarfélagsins sjá kafla 4.1.3.

2.3.3 Verslun og þjónusta

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er svæði fyrir verslun og þjónustu skilgreint sem „svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum“.

Markmið:

- **Stuðlað verði að nýjum atvinnutækifærum og nýsköpun á sviði verslunar og þjónustu.**
- **Þjónusta við ferðamenn verði eflad og stuðlað að fjölgun afþreyingarmöguleika m.a. til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggð.**

- **Við skipulag þjónustusvæða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðafólks s.s. hvað varðar samgöngur og upplýsingagjöf.**

Leiðir:

- *Leitað verði eftir nýjum tækifærum á sviði ferðaþjónustu ásamt því að efla þau tækifæri sem fyrir eru.*
- *Unnið verði að markaðssetningu gistimöguleika á svæðinu til að fjölga gistinóttum og lengja dvöl ferðamanna.*
- *Hugað verði að öryggi ferðamanna við skipulag þjónustusvæða m.a. hvað varðar vegtengingar við stofnvegi.*
- *Við gerð deiliskipulags verði skilgreint umfang og eðli verslunar- og þjónustusvæða.*

Mikill fjöldi ferðamanna fer um Uppsveitir Árnessýslu og hefur ferðaþjónusta byggst upp á svæðum þar sem landnotkun er skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði eða afþreyingar- og ferðamannasvæði. Einnig er heimilt að vera með takmarkaða ferðaþjónustu á bújörðum og á nokkrum jörðum er rekin ferðaþjónusta samhliða hefðbundnum búrekstri. Talsverður áhugi er hjá íbúum og landeigendum á uppbyggingu þjónustu og afþreyingar fyrir ferðamenn, ekki hvað síst í Þjórsárdal.

Samkvæmt tölum Ferðamálastofu voru erlendir ferðamenn um 190.000 árið 1995 en rúmlega 1.790.000 árið 2016³. Samkvæmt spá greiningardeildar Arion banka er gert ráð fyrir að ferðamenn verði um 2,5 milljónir árið 2018 og að fyrir hverja 111 ferðamenn verði til eitt nýtt starf⁴. Ljóst er að gera verður ráð fyrir uppbyggingu til að þjónusta sívaxandi fjölda ferðamanna og leitast við að bæta öryggi þeirra.

Gert er ráð fyrir alhliða upplýsinga- og þjónustumiðstöð í Þjórsárdal, vestan við Þjóðveldisbæinn, með góðri vegtengingu við Þjórsárdalsveg. Þar verður lögð áhersla á veitingasölu og upplýsingagjöf. Ennfremur er gert ráð fyrir minni þjónustumiðstöð í Sandártungu í tengslum við tjaldsvæðið. Þar verður lögð áhersla á gistingu í smáum stíl.

Þá eru ný verslunar- og þjónustusvæði á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu.

Núverandi og ný verslunar- og þjónustusvæði skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar í kafla **Error! Reference source not found.**, eftir því sem við á. Ganga skal vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taki mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi. Ganga þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Líklegt áhrif af uppbyggingu ferðaþjónustu í Þjórsárdal voru metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins (kafla 4.3.7). Niðurstaða þess mats er eftirfarandi: Stefnan er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag og heilsu, vellíðan og öryggi en óveruleg eða neikvæð áhrif fyrir náttúru og landslag og ásýnd. Bæði íbúar og gestir njóta góðs af uppbyggingu tengdri verslun- og þjónustu, atvinnulíf eflist og líklegt er að byggðin styrkist í kjölfarið. Stefna sveitarstjórnar er að stuðla að fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifærum í sveitarfélaginu og efla þau atvinnutækifæri sem fyrir eru. Fjölgun gistiplássna bætir þjónustu við þá ferðamenn sem fara um svæðið en nýtist einnig íbúum. Auk þess getur stefnan leitt til aukinnar eftirspurnar eftir ýmis konar annarri þjónustu og afþreyingu á svæðinu sem og eftirspurn eftir íbúðarlóðum.

Áhrif stefnunnar á umhverfisþáttinn náttúra eru metin **neikvæð** og þá einkum vegna gróðurs en svæðið er sendið og mismikið gróið. Þá er eitthvað um birkikjarr og lynggróður. Áhrif á landslag eru metin **óveruleg** þar sem ekki er talið líklegt að náttúrlegt landslag verði fyrir áhrifum af völdum stefnunnar. Áhrif á ásýnd eru metin **óveruleg** eða **neikvæð** þar sem svæðin eru fremur flatlend og ný mannvirki vel sýnileg. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð** þar sem stefnan stuðlar að eflingu atvinnulífs, aukinni ferðamennsku og bættri þjónustu í Þjórsárdal. Áhrif á samgöngur eru metin **neikvæð** en gera þarf nýja vegtengingu af Þjórsárdalsvegi við Þjóðveldisbæinn. Þá er líklegt að umferð um svæðin aukist við framfylgd stefnunnar sem getur haft í för með sér þörf fyrir meira viðhald vega. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **jákvæð** þar stefnan miðar að uppbyggingu á svæðinu með það fyrir augum að mæta

³ (Ferðamálastofa, 2015).

⁴ (Greiningardeild Arion banka, 2016).

~~þörfum íbúa og gesta sem fara þar um. Áhrif á minjar eru metin óviss en mikið er af minjum í Þjórsárdal sem gætu orðið fyrir áhrifum vegna aukinna umsvifa á svæðinu. Einnig eru þar víðferðm verndarsvæði.~~

Í forsenduhefti er tekið saman yfirlit yfir gististaði í sveitarfélaginu árið 2016 (sjá kafla 3.3) og þar kemur fram að gistirými í byggð í sveitarfélaginu voru 112 og fjöldi rúma var 271. Áform um uppbyggingu verslunar- og þjónustusvæða sem sett eru fram við endurskoðun aðalskipulagsins leiða til fjölgunar á gistirýmum um rúmlega 200 sem samsvarar gistingu fyrir um 530 manns. Gangi stefna skipulagsins eftir verður ~~því um 320 gistirými í sveitarfélaginu og~~ gistiaðstaða fyrir um 760 mannsgesti í sveitarfélaginu.

Með veltengingu yfir á Landveg (nr. 26) opnast nýir möguleikar fyrir íbúa, ferðamenn og ferðaþjónustuaðila beggja vegna Þjórsár og ætla má að fleiri leggi leið sína um sveitarfélagið. Því er mikilvægt að byggja upp þjónustu til að stuðla að lengri dvöl gesta í sveitarfélaginu og laða þá að þar sem ætla má að samkeppni komi einnig til með að aukast með tilkomu veltengingarinnar.

Verslunar- og þjónustusvæði eru talin upp í töflunni hér að neðan:

Verslun- og þjónusta			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
VP1	Hraunvellir	Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir byggingu þjónustubyggingar með hótélherbergjum auk gestahúsa. Gistirými geta verið allt að 20 og gistingu fyrir 40 mannsgesti . Gólfkóti húsa skal vera 53 m.y.s. að lágmarki og byggingar skulu ekki hafa kjallara, eins og fram kemur í gildandi deiliskipulagi. Svæðið er allt að 2 ha.	Hraunvellir
VP2	Blesastaðir	Á svæðinu er gistiheimili með 8 gistirými og gistingu fyrir 20 gestimanns . Gert er ráð fyrir 6 íbúðarlóðum innan svæðisins. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu vegna ferðaþjónustu. Stærð svæðis er allt að 2 ha.	Blesastaðir
VP3	Hótél Hekla	Á svæðinu er hótél með 46 gistirýmum og gistingu fyrir 92 gesti ásamt veitingaaðstöðu. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu vegna ferðaþjónustu. Stærð svæðis er allt að 10 ha.	Brjánsstaðir
VP5	Húsatóftir IIa	Á svæðinu er gistiheimili með 10 gistirými og gistingu fyrir 20 gestimanns ásamt veitingaaðstöðu. Einnig er boðið upp á hestaferðir. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu vegna ferðaþjónustu. Stærð svæðis er um 2 ha.	Húsatóftir IIa
VP6	Vorsabær II	Á svæðinu er gistiheimili með 2 gistirými og gistingu fyrir 10 gestimanns . Stærð svæðis er allt að 1 ha.	Vorsabær II
VP7	Álftröð	Á svæðinu er gistiheimili með 9 gistirými og gistingu fyrir 20 gestimanns ásamt veitingaaðstöðu. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu vegna ferðaþjónustu. Stærð svæðis er allt að 2 ha.	Álfsstaðir
VP8	Gunnbjarnarholt	Gert er ráð fyrir bensínstöð á svæðinu. Gert er ráð fyrir tengingu við Skeiða- og Hrunamannaveg. Stærð svæðis er allt að 2 ha.	Gunnbjarnarholt
VP9	Arngrímslundur	Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir byggingu fimm gestahúsa og gistiaðstöðu fyrir allt að 20 gestimanns . Stærð svæðis er um 1 ha.	Skarð
VP10	Gistihúsið Denami	Á svæðinu er gistiheimili með 9 gistirými og gistingu fyrir 17 gestimanns auk veitingaaðstöðu. Einnig er boðið upp á hestaferðir. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu vegna ferðaþjónustu. Stærð svæðis er allt að 2 ha.	Vestra-Geldingaholt
VP15	Steinsholt	Á svæðinu er gistiheimili með 8 gistirými og gistingu fyrir 16 gestimanns auk veitingaaðstöðu. Einnig er boðið upp á hestaferðir. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu vegna ferðaþjónustu. Stærð svæðis er allt að 2 ha.	Steinsholt II
VP16	Minni- Mástunga	Á svæðinu er gistiheimili með 12 gistirými og gistingu fyrir 24 gesti. Stærð svæðis er allt að 1 ha.	Minni-Mástunga

VP17	Fossnes	Á svæðinu er gistiheimili með 6 gistirými og gistingu fyrir 22 gesti . Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu vegna ferðþjónustu. Stærð svæðis er allt að 2 ha.	Fossnes
VP18	Ásólfstaðir	Á svæðinu er gistiskáli með 2 gistirými og gistiaðstöðu fyrir 8 gestimanns . Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu. Stærð svæðis er allt að 2 ha.	Ásólfstaðir
VP19	Sandártunga	Í Sandártungu er gert ráð fyrir gistingu með allt að 20 gistirýmum og gistingu fyrir 40 gestimanns ásamt veitingaaðstöðu. Byggingar geta verið á 1 – 2 hæðum. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Ásólfstaðir
VP20	Reykholt	Á svæðinu er sundlaug. Gert er ráð fyrir gistingu með allt að 40 gistirýmum og gistingu fyrir 80 gestimanns ásamt veitingaaðstöðu og baðaðstöðu. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Þjóðlenda
VP21	Þjóðveldisbærinn	Á svæðinu er Þjóðveldisbærinn. Gert er ráð fyrir byggingu alhliða þjónustu- og upplýsingamiðstöðvar m.a. gistingu með allt að 40 gistirýmum og gistingu fyrir 80 gestimanns . Auk þess er gert ráð fyrir veitingaaðstöðu og verslun ásamt alhliða upplýsingagjöf. Aðkoma að svæðinu verður af Þjórsárdalsvegi og um núverandi aðkomu að Þjóðveldisbænum. Stærð svæðis er allt að 11 ha.	Þjóðlenda
VP22	Hólaskógur	Svæðið er skilgreint sem jaðarmiðstöð skv. landsskipulagsstefnu 2015 – 2026. Á staðnum er gistiaðstaða fyrir um 60 gestimanns auk hesthúss. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu fyrir ferðþjónustu á svæðinu m.a. gistingu með allt að 20 gistirýmum og gistingu fyrir 40 manns. Stærð svæðis er allt að 9 ha.	Þjóðlenda

2.3.4 Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er afþreyingar- og ferðamannasvæði skilgreint sem „svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjalla-skálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar“.

Markmið:

- Fjölga þarf afþreyingarmöguleikum til að styrkja ferðþjónustu og ferðamenn stoppi lengur.
- Stuðlað verði að eflingu þjónustusvæða svo að þau annað þeim fjölda ferðamanna sem þangað sækja.
- Búið verði í haginn fyrir ferðamenn með gerð bílastæða, göngustíga, upplýsingum, merkingum og eftir atvikum snyrtingum og öðrum þjónustubyggingum.
- Við skipulag ferðamannastaða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingum.

Leiðir:

- Útfærðar verði samfelldar nokkurra daga göngu- og reiðleiðir um sveitarfélagið.
- Við uppbyggingu ferðamannasvæða verði samræmi í útliti bygginga og lögð áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi.
- Við skipulag ferðamannastaða verði hugað að öryggi gesta, m.a. gagnvart vegtengingum við fjölfarna vegi.
- Á hverju svæði er heimilt að gera bílastæði, göngustíga og byggja þjónustuhús, allt að 35 m² ásamt upplýsingaskiltum um svæðið að undanengnu deiliskipulagi.
- Fjöldi ferðamanna verði undir þolmörkum viðkomandi svæðis og umferð ferðamanna verði stýrt ef þörf krefur.

Í þessum landnotkunarflokki eru helstu ferðamannasvæði og tjaldsvæði í byggð. Í landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að ferðþjónusta verði eflað en um leið verði varðveitt þau gæði sem eru undirstaða

hennar⁵. Æskilegt er að fjölga afþreyingarmöguleikum til að ferðamenn dvelji lengur í sveitarfélaginu. Samhliða því þarf að huga að náttúru- og minjavernd, sjálfbærni staða, þjónustu við ferðamenn, að mannvirki falli sem best að landinu og að viðhaldi þeirra sé sinnt eftir þörfum. Því er gert ráð fyrir svigrúmi á öllum afþreyingar- og ferðamannasvæðum til að viðhalda núverandi mannvirkjum eða reisa ný í stað þeirra sem nú eru. Ennfremur að hægt sé að byggja upp snyrtiaðstöðu á hverjum stað fyrir sig til að mæta þörfum sívaxandi fjölda ferðamanna.

Núverandi og ný afþreyingar- og ferðamannasvæði skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar í kafla **Error! Reference source not found.**, eftir því sem við á. Ganga skal vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi. Ganga þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa. Nokkrir núverandi áningarstaðir ferðamanna falla í þennan flokk s.s. Gaukshöfði, nokkur svæði í Þjórsárdal og Háifoss.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Líkleg áhrif af afþreyingar- og ferðamannasvæðum voru metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins (kafla 4.3.8) skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Niðurstaða þess mats er eftirfarandi: Stefnan er á heildina litið talin hafa fremur jákvæð áhrif á umhverfisþætti. Sveitarstjórn leggur áherslu á að hugað verði að öryggismálum á ferðamannastöðum og vandað verði til uppbyggingar á svæðunum. Bætt aðstaða á áningarstöðum stuðlar að vernd náttúrunnar en skortur er á aðstöðu við helstu áningarstaði s.s. hreinlætisaðstöðu. Fjölgun ferðamanna á svæðunum getur haft neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir svæðin. Því vill sveitarstjórn sporna gegn og stuðla að því að á áningarstöðum verði komið upp góðum bílastæðum, göngustígum og þjónustuhúsi sem nýtist jafnt ferðamönnum og íbúum. Þá er einnig þörf á að bæta öryggi og merkingar á áningarstöðum.

~~Stefnan er talin hafa jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn náttúru þar sem bætt aðstaða getur stuðlað að vernd gróðurs á svæðunum. Mannvirki hafa alltaf áhrif á landslag og ásýnd en lögð verður rík áhersla á að vandað verði til verka við hönnun og frágang þeirra svo þau falli sem best að landslaginu og hafi sem minnst áhrif á ásýnd svæða. Áhrifin eru því metin óveruleg. Áhrif stefnunnar á samfélag eru metin jákvæð þar sem stefnan stuðlar að því að svæði sem ætluð eru til ferðamennsku séu í stakk búin til að taka við þeim fjölda sem þangað vilja sækja. Áhrif á samgöngur eru metin óveruleg þrátt fyrir að lagfæra gæti þurft vegi að einstaka stöðum. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin jákvæð en bætt aðstaða á ferðamannastöðum er líkleg til að auka ánægju gestanna og bæta líðan þeirra.~~

Fjallað er um þjónustu og hugsanlega uppbyggingu á hverjum stað í eftirfarandi töflu:

Afþreyingar- og ferðamannasvæði			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
AF2	Stóra-Laxá, veiðihús	Veiðihús, gistirými fyrir um 10 manns. Gert er ráð fyrir viðhaldi mannvirkja. Stærð svæðis er um 1 ha.	Laxárdalur
AF3	Stóra-Laxá, veiðihús	Veiðihús, gistirými fyrir 10 manns. Gert er ráð fyrir viðhaldi mannvirkja. Stærð svæðis er um 1 ha.	Hlíð
AF4	Stóra-Laxá, veiðihús	Veiðihús, gistirými fyrir um 10 manns. Gert er ráð fyrir viðhaldi mannvirkja. Stærð svæðis er um 1 ha.	Skarð
AF6	Kálfá, veiðihús	Veiðihús. Gert er ráð fyrir viðhaldi mannvirkja. Stærð svæðis er um 1 ha.	Réttarholt
AF7	Gaukshöfði	Útsýnis- og áningarstaður við Þjórsárdalsveg. Gert er ráð fyrir því að bílastæði verði fært að Þjórsárdalsvegi og gönguleið verði um núverandi veg upp á höfðann. Hugað verði að því að öryggi ferðamanna sé tryggt. Stærð svæðis um 1 ha.	Melhagi
AF8	Hjólhýsabyggð í Þjórsárdal	Á svæðinu er hjólhýsabyggð. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir allt að 140 hjólhýsum og fimm almenningssalernum. Stærð svæðis er um 12 ha.	Skriðufell

⁵ (Alþingi Íslands, 2016).

AF9	Tjaldsvæði Sandártungu	Á svæðinu er tjaldsvæði. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu fyrir tjaldgesti, s.s. rafvæðingu. Stærð svæðis er um 18 ha.	Ásólfstaðir
AF10	Selfit	Áningarstaður. Á svæðinu er göngustígur fyrir hreyfihamlaða auk salernis og grillaðstöðu. Svæðið hentar vel til útivistar allt árið. Stærð svæðis er um 5 ha.	Skriðufell
AF11	Hjálparfoss	Áningarstaður með stígum og útsýnispöllum, upplýsingar og bílastæði. Gert er ráð fyrir að byggð verði snyrtiaðstaða. Stærð svæðis er um 2 ha.	Þjóðlenda
AF12	Jóhannesarlundur við Búrfell	Skógræktarreitir, svæðið er hugsað fyrir útivist. Stærð svæðis er um 5 ha.	Þjóðlenda
AF13	Stöng	Á svæðinu eru yfirbyggðar rústir gamla Stangarbæjarins. Áformað er að byggð verði sýningar- og hreinlætisaðstaða og bílastæði verði lagfærð. Gerð hefur verið ný göngubrú yfir Rauðá og stígur fyrir hreyfihamlaða frá henni að minjasvæðinu. Efnt hefur verið til samkeppni um uppbyggingu á Stöng. Unnið er að gerð deiliskipulags í samræmi við niðurstöðu samkeppninnar. Stöng er á náttúruminjaskrá. Stærð svæðis er um 5 ha.	Þjóðlenda
AF14	Gjáin	Sérstætt gljúfur sem Rauðá fellur í. Svæðið er á náttúruminjaskrá. Gert er ráð fyrir að bílastæði við Gjana verði fært suður að Stangarvegi. Göngustígar innan Gjárinnar og neðan hennar verða lagfærðir. Unnið er að gerð deiliskipulags fyrir Gjana. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Þjóðlenda
AF15	Háifoss og Granni	Áningarstaður Á svæðinu er bílastæði, göngustígar og útsýnispallur. Gert er ráð fyrir að byggð verði snyrtiaðstaða á svæðinu og hugað verði að því að öryggi ferðamanna sé tryggt. Stærð svæðis er um 1 ha.	Þjóðlenda

2.3.5 Samfélagsþjónusta

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er svæði fyrir samfélagsþjónustu skilgreint sem „svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila“.

Markmið:

- **Stuðlað verði að betri þjónustu við íbúa í dreifbýli til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.**
- **Unnið verði að eflingu á sviði heilsugæslu og öldrunarmála, m.a. í samstarfi við nágrannasveitarfélögin.**

Leiðir:

- Efla samstarf við nágrannasveitarfélög um rekstur heilsugæslu og hjúkrunarheimila.
- Tryggja sem best að öldruðum gefist færi að á að njóta ævikvölds í heimabyggð.
- Vel verði búið að söfnum og menningarstofnunum og sá auður sem í þeim felst nýttur til að laða að gesti og miðla þekkingu um sögu og menningu svæðisins til íbúa og gesta.

Helstu stofnanir í dreifbýlinu eru kirkjur og kirkjugarðar. Gerð er grein fyrir kirkjugörðum sem ekki eru við kirkju, í kafla 2.4.2. Kirkjugarðar eru almennt við kirkjur og gerð grein fyrir þeim þar. Gert er ráð fyrir að uppbygging opinberrar þjónustu fari að mestu fram innan þéttbýlis.

Miðað við aldursamsetningu íbúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og á landinu öllu þá má gera ráð fyrir fjölgun í hópi aldraðra meðan það er heldur fækkun í yngstu árgöngunum (kafla 3.1 í Forsenduhefti). Því má ætla að þörf fyrir þjónustu við eldri borgara aukist eftir því sem líður á skipulagstímamann.

Margar þjónustustofnanir í dreifbýli eru háðar sérstökum skilyrðum í lögum eða samningum, s.s. sóknarkirkjur, félagsheimili og skólar. Notkun á landi sem tilheyrir hlutaðeigandi stofnunum er háð samþykktu deiliskipulagi.

Stofnanasvæði skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar í kafla **Error! Reference source not found.**, eftir því sem við á. Ganga skal vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi. Ganga þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru eftirfarandi svæði skilgreind fyrir samfélagsþjónustu í dreifbýli:

Samfélagsþjónusta			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
S1	Ólafsvallakirkja	Kirkja og kirkjugarður. Kirkjan er friðuð. Stærð svæðis er um 1 ha.	Ólafsvellir
S5	Skaftholt	Heimili og vinnustaður fyrir um 20 manns sem þurfa á vernduðu umhverfi að halda. Var stofnað árið 1980.	Skaftholt
S6	Stóra-Núpskirkja	Kirkja og kirkjugarður. Kirkjan er friðuð. Stærð svæðis er um 1 ha.	Stóri-Núpur

2.3.6 Íþróttasvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er svæði fyrir íþróttaaðstöðu skilgreint sem „svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingarsvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar“.

Áhersla verður á uppbyggingu íþróttamannvirka innan þéttbýlis og þá einkum í tengslum við skólana. Reiðvellir til einkanota eru víða í sveitarfélaginu og teljast þeir til landbúnaðarsvæða. Engin íþróttasvæði eru í dreifbýli sveitarfélagsins.

2.3.7 Iðnaðarsvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er iðnaðarsvæði skilgreint sem „svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólþælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni“.

Markmið:

- Stuðla að eflingu núverandi atvinnustarfsemi.
- Að sköpuð verði ákjósanleg skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi, s.s. smærri framleiðslu- og matvælaíðnað.
- Umfangsmikil iðnaðarstarfsemi er ekki heimil á landbúnaðarlandi í flokki I og II.
- Mannvirki vegna orkuvinnslu falli eins vel að landslagi og annarri landnotkun og mögulegt er.
- Áfram verði samvinna við nágrannasveitarfélög varðandi flokkun og förgun sorps.
- Umfang og staðsetning starfsemi, sem haft getur mengun í för með sér, verður vandlega ígrunduð m.t.t. áhrifa á byggð og náttúru.

Leiðir:

- Áfram verði stunduð orkuvinnsla í sveitarfélaginu í sátt við umhverfið og án þess að ganga á svæði með verndargildi.
- Sveitarfélagið vinni að frekari umbótum í sorpmálum með nágrannasveitarfélögum. Leitað verði að hagkvæmustu lausna á sorpeyðingarmálum á hverjum tíma.
- Íbúum verði gert auðveldara fyrir með flokkun sorps og lögð verði áhersla á jarðgerð lífræns úrgangs og fræðslu til íbúa um hvernig hægt sé að lágmarka myndun úrgangs.

- *Unnin verður stefnumótun varðandi smávirkanir, vindrafstöðvar og vatnsaflsvirkjanir í samráði við nágrannasveitarfélög.*
- *Unnið verður náð með hlutaðeigandi stofnunum s.s. á sviði heilbrigðiseftirlits þegar fjallað er um mengandi starfsemi s.s. vegna fráveitu, hljóð- eða lyktarmengunar.*

Unnin hefur verið svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs og ~~er-tekur~~ stefna um sorpförgun ~~háð útfærslu svæðisáætlunarinnar mið af henni~~. Stefnt er að því að flokka og endurvinna sorp eins og kostur er og leitast við að minnka flutningskostnað og magn þess sorps sem þarf að urða. Íbúar flokka sorp í 3 ílát og er sorp hirt reglulega frá hverju heimili. Gámastöðvar eru í Brautarholti og í Árnesi og þar er möguleiki á ýtarlegri flokkun sorps.

Gert er ráð fyrir Hvammsvirkjun sem er allt að 95 MW vatnsaflsvirkjun ásamt stöðvarhúsi, aðrennslis- pípum, stíflum, lokumannvirkjum, inntakslóni, vegagerð, efnistöku- og efnislosunarsvæðum. Flatarmál Hagalóns verður um 4,0 km².

Vinnu við stækkun Búrfellsvirkjunar mun ljúka á skipulagstímabilinu en hún hófst vorið 2016. Nýja stöðin verður allt að 140 MW rennslisvirkjun auk stöðvarhúss, aðrennslisskurðar, aðrennslisganga, frárennslis- ganga, frárennslisskurðar, efnistöku- og efnislosunarsvæða. Stöðin mun nýta vatn úr núverandi inntaks- lóni Búrfellsvirkjunar, Bjarnarlóni.

Við Árnes er gert ráð fyrir nýju iðnaðarsvæði þar sem m.a. er gert ráð fyrir uppbyggingu á orkufrekri starfsemi.

Vatnsaflsvirkjanir allt að 200 kW, minni vindrafstöðvar, spennistöðvar og dælumannvirki upp að ákveð- inni stærð, eru heimilaðar á landbúnaðarlandi og óbyggðum svæðum. Einnig er heimilt að virkja vatn, heitt eða kalt (borholur), samsvarandi allt að 2.500 kW enda sé um einkaveitur að ræða sbr. ákvæði í kafla 2.3.8.

Nokkrar borholur fyrir hitaveitu eru í sveitarfélaginu og þjóna þær ýmist einum eða fleiri bæjum.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Líkleg áhrif af nýju iðnaðarsvæði við Árnes voru metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins (kafla 4.3.9). Niðurstaða þess mats er eftirfarandi: Stefnan er á heildina litið talin hafa fremur neikvæð áhrif á landslag og ásýnd. Byggingar tengdar iðnaði geta haft áhrif á það byggðamynstur sem fyrir er auk þess sem svæðið er flatlent og mannvirki sjást víða að. Áhrif á samfélag eru metin jákvæð þar sem atvinnumöguleikar gætu aukist. Sveitarstjórn leggur áherslu á að sköpuð verði ákjósanlega skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi og að iðnaðarstarfsemi verði ekki á landbúnaðarlandi í flokki I og II. Stefnan samræmist þessum markmiðum sveitarstjórnar þar sem stefnan getur stuðlað að eflingu atvinnu og svæðið er utan góðs landbúnaðarlands. Á svæðinu er lögð áhersla á hreinlegan og orkufrekan iðnað.

~~Metið er að stefnan hafi óveruleg áhrif á umhverfispáttinn náttúru þar sem landið er ekki hentugt til ræktunar skv. flokkun landbúnaðarlands. Áhrif á landslag og ásýnd eru metin óveruleg vegna nálægðar við þéttbýlið en mannvirki koma vart til með að hafa meiri ásýndaráhrif en byggingar í nágrenninu. Áhrif á samfélag eru metin jákvæð þar sem sköpuð eru skilyrði fyrir nýsköpun og eflingu atvinnulífs og styrkingu tekjustofna sveitarfélagsins. Áhrif á aðra umhverfispætti eru metin óveruleg.~~

Iðnaðarsvæði eru talin upp í eftirfarandi töflu:

Iðnaðarsvæði			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
11	Áshildarmýri	Borhola fyrir hitaveitu sem þjónar hverfinu.	Kílhraun
12	Hitaveita Suður-Skeiða	Tvær borholur í landi Blesastaða. Þjóna heimabæjum auk Skeiðháholts, Kálfhóls, Sléttabóls, Borgarkots, Kílhrauns, Arakots, Löngumýrar og Ólafsvallatorfunnar.	Blesastaðir
13	Hitaveitan á Brjánsstöðum	Borhola, þjónar heimabæjum auk hótels.	Brjánsstaðir
14	Hitaveitan á Hlemmiskeiði	Þrjár borholur í landi Hlemmiskeiðs. Þjóna heimabæjum auk Votumýri.	Hlemmiskeið

15	Hitaveita Brautarholts	Hitaveitan er í eigu Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Borhola í landi Brautarholts. Þjónar þéttbýlinu í Brautarholti.	Brautarholt
19	Hitaveita útbæja á Skeiðum	Fjórar borholur í landi Húsatófta. Þjóna heimabæjum auk Efri- og Syðri Brúnavalla, Vorsabæjum, Fjalli, Álfsstöðum, Birnu- stöðum og Útverkum.	Húsatóftir
110	Hitaveita frambæja	Þrjár borholur í landi Reykja. Hitaveitan þjónar Reykjatorfunni auk Sandlækjarbæjanna og nágrennis.	Reykir
113	Iðnaðarsvæði við Árnes	Á svæðinu er gámasvæði. Hugmyndir eru um uppbyggingu tengda orkufrekri og hreinlegri starfsemi. Hús geta verið á 1-2 hæðum. Stærð svæðisins er um 38 ha.	Réttarholt
114	Þjórsárholt	Borhola. Hitaveitan annar þéttbýlinu í Árnesi og stærstum hluta gamla Gnúpverjahrepps.	Þjórsárholt
115	Hvammsvirkjun	Gert er ráð fyrir Hvammsvirkjun í Þjórsá og um 4 km ² miðlunarlóni, Hagalóni, fyrir hana. Einnig stíflum, lokumannvirkjum, stöðvarhúsi og aðkomuvegi. Gert er ráð fyrir efnistöku í lónstæðinu. Stöðvarmannvirki eru staðsett í landi Hvamms í Rangárþingi ytra. Uppsett afl er allt að 95 MW.	Minni-Núpur og Hagi
116	Ásólfstaðir I	Borhola. Hitaveita rekin í samvinnu bæjanna Ásólfstaða og Skriðufells auk nokkurra félagasamtaka.	Ásólfstaðir I
117	Búrfellsvirkjun	Búrfellsvirkjun og framkvæmdasvæði í tengslum við stækkun virkjunarinnar auk lokumannvirkja, Bjarnarlóns og vindmylla á Hafinu. Uppsett afl Búrfellsvirkjunar fyrir stækkun er 270 MW og uppsett afl stækkunar virkjunarinnar er allt að 140 MW, orkugeta eykst um allt að 300 GWst/ári. Heildarafl virkjunarinnar eftir stækkun verður 410 MW. Innan iðnaðarsvæðis eru nokkur efnistöku- og efnislosunarsvæði sem einungis eru notuð meðan á framkvæmdum við stækkun virkjunarinnar stendur og verður lokað að þeim loknum. Stærð svæðis er um 345 ha.	Þjóðlenda

2.3.8 Stakar framkvæmdir

Í grein 4.3.1. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er fjallað um „Hvernig farið skuli með stakar skipulags- skyldar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið. Hér er átt við smávirkanir, litlar spennistöðvar, minni háttar mannvirki, stök fjarskiptamöstur, stakar vindmyllur o.þ.h. Þetta getur einnig átt við um stök frístundahús, stök íbúðarhús og aðra mannvirkjagerð á landbúnaðarsvæðum án tengsla við búrekstur. Stefna um hvar eða við hvaða aðstæður framangreind mannvirkjagerð er heimil eða óheimil og aðrar skipulagsforsendur fyrir gerð deiliskipulags eða veitingu leyfa til framkvæmda“.

~~Undanfarin ár hefur verið eftirspurn eftir að byggja stök mannvirki sem ekki tengist beint þeirri landnotkun sem skilgreind er. Þetta á t.d. við um ýmis konar atvinnustarfsemi sem styrkir þá starfsemi sem fyrir er, s.s. ferðaþjónustu eða landbúnað. Þá er ásókn í fasta búsetu í dreifbýli og byggingu stakra frístundahúsa, aðallega frá einstaklingum sem tengjast viðkomandi svæði á einn eða annan hátt. Einnig á þetta við um fjarskiptamöstur og byggingu lítilla vindrafstöðva. Þá hefur þörf fyrir áningarstaði í tengslum við göngu- og reiðleiðir aukist með fjölgun ferðamanna.~~

Stakar framkvæmdir eru heimilar ~~á landbúnaðarsvæðum og óbyggðum svæðum~~ án þess að afmarka sérstaka ~~lega~~ landnotkun í aðalskipulagi, eins og nánar er lýst hér á eftir. Þetta gildir t.d. fyrir stök íbúðarhús, frístundahús, fjarskiptamöstur, litlar vatnsaflsvirkjanir eða vindrafstöðvar. Þá verður heimilt að gera áningarstaði t.d. í tengslum við göngu- og reiðleiðir eða útsýnissvæði.

~~Á landbúnaðarsvæðum og óbyggðum svæðum er~~ Heimilt er, að undangengnu deiliskipulagi, eða grenndarkynningu, að veita leyfi fyrir byggingu stakra mannvirkja án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Þá skal einnig sækja um framkvæmdaleyfi þar sem það á við. Framkvæmdaaðili skal leggja fram til sveitarstjórnar afstöðumynd eða drög að deiliskipulagi þar sem fyrirhugaðri framkvæmd er lýst, til að

hægt sé að taka afstöðu til hvort vinna skuli deiliskipulag eða leggja fram gögn til grenndarkynningar. Í hverju tilfelli verði skoðuð líkleg áhrif mannvirkja á landslag, verndarsvæði, náttúru, minjar o.fl. Þá þarf að huga vel að sýnileika mannvirkja og meta mögulega hljóð- og lyktarmengun. Stök mannvirki skal reisa utan landbúnaðarlands í flokki I og II en geta eftir atvikum verið í jaðri svæða eða í tengslum við núverandi mannvirki. Í öllum tilfellum skal afla tilskilinna leyfa, s.s framkvæmda- eða byggingaleyfis frá sveitarstjórn. Mannvirki skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar (kafli- 2.12-1.1) eftir því sem við á.

Eftirtaldir framkvæmdir eru heimilar á landbúnaðarsvæðum og eftir atvikum skógræktar- og landgræðslusvæðum án þess að afmarka sérstaka landnotkun:

- Stök íbúðarhús á landbúnaðarlandi. Á landspildum 2 ha eða stærri, sem ekki tengjast búrekstri, m.a. til að auka möguleika á áhugabúskap. Ný hús skulu reist í nágrenni núverandi byggðar til að nýta sem best það þjónustukerfi sem fyrir er. Ný hús skulu vera utan landbúnaðarlands í flokki I og II.
- Stök frístundahús á landbúnaðarlandi á 0,5-1,0 ha lóðum. Ný hús skulu reist í nágrenni núverandi byggðar til að nýta sem best það þjónustukerfi sem fyrir er. Stök hús skulu að jafnaði reist utan verndarsvæða og landbúnaðarlands í flokki I og II. Nýtingarhlutfall frístundalóða er að jafnaði ekki hærra en 0,03, en getur við sérstakar aðstæður verið allt að 0,05. Frístundahús eru ekki heimil á óbyggðum svæðum.

Eftirtaldir framkvæmdir eru heimilar í sveitarfélaginu án þess að afmarka sérstaka landnotkun:

- Fjarskiptamöstur allt að 20 m há ásamt aðstöðuhúsi allt að 20 m², lögnum og vegum. Gert er ráð fyrir að skoðað verði í hverju tilfelli fyrir sig hvort og þá hvar fjarskiptamöstur verða heimiluð. Meðal annars verður tekið tillit til hljóðvistar og fjarlægðar frá landamerkjum, öðrum mannvirkjun, sýnileika og áhrifa á náttúru og landslag.
- Vatnsaflsvirkjanir í byggð, allt að 200 kW ásamt stíflum, miðlunarlónum, lögnum og vegum að virkjuninni, einnig allt að 15 m² aðstöðuhúsi.
- Vindrafstöðvar í byggð þar sem raforkan er ætluð til eigin nota. Vindrafstöðvar geta verið allt að 20 m háar miðað við miðju hverfils. Einnig er gert ráð fyrir lögnum og vegum að þeim ásamt allt að 15 m² aðstöðuhúsi. Gert er ráð fyrir að skoðað verði í hverju tilfelli fyrir sig hvort og þá hvar vindrafstöðvar verða heimilaðar. Meðal annars verður tekið tillit til hljóðvistar og fjarlægðar frá landamerkjum, öðrum mannvirkjun, sýnileika og áhrifa á náttúru og landslag. Vindrafstöðvar verða þó aldrei heimilaðar innan þéttbýlis né á frístundasvæðum.
- Örvirkjanir. Heimilt er að reisa allt að 100 kW örvirkjanir í tengslum við þjónustustarfsemi sem liggur fjarri almennum veituleiðum, s.s. til að sjá farsímasendum fyrir umhverfisvænni raforku.
- Sólarsellur til eigin nota, stærð allt að 1 MW.
- Hitaveita. Heimilt er að virkja heitt vatn (borholur), allt að 2.500 kW. Heimilt er að bora rannsóknarborholur.
- Neysluvatn. Heimilt er að nýta, m.a. með borun, kalt vatn, þar sem ekki er um eftirlitsskylda starfsemi að ræða, sbr. 12. gr. reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001.
- Veitumannvirki s.s. spennistöðvar og dælustöðvar fyrir vatns- og hitaveitu. Stærð bygginga getur verið allt að 20 m².
- Þjónustuhús og kynningaraðstaða. Heimilt er að gera áningarstaði við megin ferðaleiðir s.s. göngu- og reiðleiðir og á áhugaverðum útsýnisstöðum. Á slíkum stöðum er heimilt að setja upplýsingaskilti og byggja allt að 20 m² þjónustuhús sem getur t.d. verið snyrtiaðstaða og/eða aðstaða fyrir eftirlitsaðila. Heimilt er að vera með áningarhólf fyrir hesta á hentugum stöðum í tengslum við reiðleiðir. Undir þetta falla einnig neyðarskýli á hálendi, sé þeirra þörf. Gert er ráð fyrir að unnið verði að nánari stefnumörkun fyrir göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir (kafli 2.5) og að þar verði skilgreind nánar þörf fyrir áningarstaði og líkleg staðsetning þeirra.

Að jafnaði skulu lóðir skilgreindar undir stök mannvirki. Lóðastærðir skulu taka mið af umfangi mannvirkis og starfsemi en að jafnaði ekki fara yfir 1,0 ha. Stærri landspildur (t.d. 20 ha og stærri) og eyðijarðir

kunna að verða endurbyggðar án þess að staðbundin atvinna, s.s. landbúnaður sé stundaður á þeim, enda sé landið áfram skilgreint sem landbúnaðarland.

Fyrir umfangsmeiri starfsemi skal skilgreina sérstaka landnotkun í aðalskipulagi.

Þar sem stök mannvirki eru byggð skal ganga vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi (sbr. kafla **Error! Reference source not found.**). Gangna þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Líklegr áhrif af vindrafstöðvum allt að 2 MW og vatnsaflsvirkjunum allt að 200 kW stökum framkvæmdum voru metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins (kafla 4.3.10). Niðurstaða þess mats er eftirfarandi: Stefnan er á heildina litið talin hafa óveruleg eða neikvæð áhrif á umhverfisþætti. Með stefnunni vill sveitarstjórn liðka fyrir minniháttar framkvæmdum með því að heimila þær án þess að þær þurfi að fara í skipulagsferli. Stefna sveitarstjórnar er að efla byggð og atvinnulíf og stefnan styður við það með því að heimila uppbyggingu sem er m.a. til þess fallin að stuðla að bættum lífsgæðum og öryggi íbúa og/eða gesta.

~~Vindrafstöðvar og vatnsaflsvirkjanir framleiða umhverfisvæna raforku og að því leyti eru áhrif á náttúru metin jákvæð. Vatnsaflsvirkjunum fylgir miðlunarlón sem hefur áhrif á náttúru þar sem gróður getur farið undir lón og vistkerfi breytist. Áhrif þeirra á náttúru eru því metin neikvæð. Áhrif vindrafstöðva á landslag eru metin óveruleg þar sem náttúrulegt landslag breytist ekki með tilkomu þeirra en áhrif vatnsaflsvirkjana á landslag eru metin neikvæð þar sem miðlunarlón breytir landslagi varanlega. Áhrif vindrafstöðva á ásýnd eru metin neikvæð þar sem þær geta sést langt að. Áhrif vatnsaflsvirkjana á ásýnd eru einnig metin neikvæð þar sem ásýnd svæðis breytist með tilkomu miðlunarlóns. Áhrif stefnunnar á samfélag eru metin jákvæð þar sem íbúar geta komið sér upp virkjun sem stuðlar að framleiðslu umhverfisvænnar raforku til eigin nota og um leið lækkun raforkukostnaðar og þar með bættum lífsgæðum. Áhrif á heilsu, velliðan og öryggi eru metin óviss eða neikvæð þar sem vindrafstöðvar hafa áhrif á hljóðvist í næsta nágrenni.~~

2.3.9 Efnistöku- og efnislosunarsvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru efnistöku- og efnislosunarsvæði skilgreind sem „svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengduð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda“.

Markmið:

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Efnistaka fari ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruinjasrá eða hverfisverndarsvæðum.
- Áhersla verði á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang í verklok.

Leiðir:

- Efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdaleyfi.
- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- Þau efnistökusvæði sem eru skilgreind í aðalskipulagi eru til mismunandi nota og gert er ráð fyrir að þau uppfylli fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímanum.
- Vanda skal frágang efnistökusvæða og aðlaga þau að nærliggjandi umhverfi.
- Landeiganda/umráðamanni er heimil efnistaka á eigin landi til einkanota en þó utan verndarsvæða.

Gerð er grein fyrir þeim svæðum þar sem efnistaka fer fram eða er fyrirhuguð. Þetta á bæði við um malarnám, sandnám, hraunnám, vikurnám og grjótnám. Áfram er gert ráð fyrir efnistöku á þeim svæðum sem þegar eru nýtt en einnig á nokkrum nýjum svæðum.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 er efnistaka á landi, úr ám og vötnum ásamt breytingu lands með jarðvegi, s.s. efnislosun, háð framkvæmdaleyfi. Þegar sótt er um framkvæmdaleyfi skal, skv. 7. gr. laganna, gera grein fyrir stærð og afmörkun efnistökusvæðis, áætluðu efnismagni, dýpt námu, vinnslutíma og frágangi efnistökuastaðar að vinnslutíma loknum. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar vegna efnistöku. Efnistaka skal vera í samræmi við aðalskipulag.

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 er kveðið á um matsskyldu framkvæmda. Öll efnistöku- og efnislosunarsvæði eru tilkynningaskyld, sjá nánar í reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015, viðauka 1, kafla 2 er kveðið á um matsskyldu framkvæmda, m.a. námuiðnað.

Efnistaka til eigin nota er heimil skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum.

Ávallt skal meta umhverfisáhrif eftirfarandi framkvæmda:

- Svæði þar sem efnistaka eða efnislosun raskar 50.000 m² eða stærra svæði eða er 150.000 m³ eða meiri.

Eftirfarandi efnistöku/efnislosun skal tilkynna til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um matsskyldu:

- Efnistaka/efnislosun á verndarsvæðum.
- Þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra, eða er 50.000 m³ eða meiri.
- Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður sömu framkvæmdar ná til samans yfir 25.000 m² svæði eða stærra.

Eftirfarandi efnistöku/efnislosun skal tilkynna til sveitarstjórnar sem tekur ákvörðun um matsskyldu:

- Öll önnur efnistaka, þ.e. efnistaka/efnislosun undir 50.000m³ eða er undir 25.000 m² svæði.

Leyfi Fiskistofu þarf að liggja fyrir efnistöku sem getur haft áhrif á lífríki veiðivatna, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði en þar segir: „*Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigegnd þess, afkomu fiskistofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi*“. Heilbrigðisnefndir veita starfleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999, m.s.br. um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Eftirfarandi reglur gilda um efnistöku og efnislosun:

- Við val á efnistökusvæði skal velja efni af þeirri gerð sem best hentar fyrirhuguðum framkvæmdum.
- Efnistaka og efnislosun sé að jafnaði ekki á verndarsvæðum. Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, einnig skal leitast við að haga mannvirkjum og framkvæmdum við ár og stöðuvötn þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins skv. 62. gr. laganna.
- Taka skal tillit til þekktra fornminja. Efnistaka fari ekki nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 100 m og ekki nær öðrum minjum en 20 m.
- Að landslagsheildin þoli efnistöku án þess að heildarsvipmót hennar raskist.
- Að kleift sé að ganga ásættanlega frá efnistökusvæði að efnistöku lokinni.
- Efnistaka og efnislosun sé lítt sýnileg frá fjölförnum stöðum, sérstaklega ef svæðið verður opið í einhvern tíma.
- Að vegalengd frá efnistöku-/efnislosunarsvæði að framkvæmdastað sé innan hóflegra marka.
- Með umsókn um framkvæmdaleyfi skal leggja fram verkáætlun og tímasetta nýtingaráætlun ásamt afstöðumynd og áætlun um frágang að vinnslu lokinni.
- Áætlanir um efnistöku skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjaskrá, friðlýstra svæða og friðlýstra fornminja.

- Við efnistöku úr árfarvegum skal þess gætt að hafa sem minnst áhrif á lífríki ána og valda ekki landbroti. Öll efnistaka nærri ám og vötnum skal unnin í samráði við veiðifélög. Efnistaka allt að 100 metrum frá bakka er háð leyfi Fiskistofu skv. 33 gr. laga um lax og silungsveiði nr. 61/2006.
- Gerð er krafa um góða umgengni, skipulögð vinnubrögð og snyrtilegan frágang að lokinni vinnslu.
- Við frágang efnistöku- og efnislosunarsvæða verið leitast við að raskað svæði verði sem líkast aðliggjandi landi varðandi landslag og gróður.
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði eru gróflega afmörkuð á uppdáttum þar sem óvíst er hvar unnið verður innan svæða.
- Landeigendum er heimil efnistaka til eigin nota á sínum jörðum.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Líkleg áhrif af efnistökusvæðum voru metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins (kafla 4.3.11) skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Niðurstaða þess mats er eftirfarandi: Metið er að stefna um efnistökusvæði hafi fremur neikvæð áhrif á umhverfisþætti og þá einkum á náttúru og landslag og ásýnd. Stefna sveitarstjórnar er að stuðla að nægu framboði efnistökusvæða í grennd við notkunarstað, gott framboð af efni dregur úr efnisflutningum og þar með losun kolefnis, sem af þeim skapast. Stefnan styður við stefnu sveitarstjórnar þar sem um 45 efnistökusvæði eru sett inn á skipulagið. Lögð er áhersla á að efnistökusvæði hafi framkvæmdaleyfi, vel sé gengið um þau á framkvæmdatíma og að vinnslu lokinni verði svæðið sem líkast aðliggjandi landi.

~~hafi fremur neikvæð áhrif á náttúru þar sem öll efnistaka hefur í för með sér jarðrask. Þá eru áhrif á landslag og ásýnd metin neikvæð en náttúrulegt landslag breytist á svæðunum og ásýnd svæða er einkum neikvæð á framkvæmdatíma. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru metin óveruleg eða engin/lítill.~~

Í töflu hér á eftir er yfirlit yfir efnistöku- og efnislosunarsvæði á skipulagssvæðinu. Svæðin eru flest í vinnslu og nýtt til vegagerðar eða í tengslum við byggingarframkvæmdir. Flest efnistökusvæðin eru til einkanota og eru lítil, um 1 ha og áætlað efnismagn er minna en 30 þús. m³. Svæði sem tengjast virkjunum eru jafnan talsvert stærri.

Eftirfarandi staðir í sveitarfélaginu eru skilgreindir sem efnistöku- eða efnislosunarsvæði: Tilgreint er um flokk framkvæmdar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum 106/2000 á hverjum stað fyrir sig.

Efnistöku- og efnislosunarsvæði						
Nr.	Heiti	Lýsing	Magn m ³ (allt að)	Stærð í ha (allt að)	Flokkur framkvæmda skv. lögum 106/2000 m.s.br.	Jörð
E1	Þjórsá	Efnislosunarsvæði á bökkum Þjórsár, svæðið er að hluta til innan varúðarsvæðis vegna Urriðafoss-virkjunar, VA1.	900.000	50	A	Skeiðháholt
E2	Birnustaðir	Malarnáma	30.000	0,5	C	Birnustaðir
E3	Þjórsá	Sandnáma	30.000	1	C	Húsatóftir
E4	Þjórsá	Sandnáma	30.000	1	C	Reykir
E5	Þjórsá	Efnislosunarsvæði, að hluta til í Rangárþingi ytra, svæðið er innan varúðarsvæðis vegna Urriðafossvirkjunar, VA1.	1.500.000	20	A	Breiðanes
E6	Stóra-Laxá	Malarnáma	30.000	1	C	Ósabakki
E7	Stóra-Laxá	Malarnáma	30.000	1	C	Gunn- bjarnarholt

E8	Gunn- bjarnarholt	Malarnáma	30.000	0,5	<u>C</u>	Gunn- bjarnarholt
E9	Stóra-Laxá	Malarnáma	30.000	1	<u>C</u>	Skarð
E10	Miðhúsaná ma	Malarnáma	15.000	0,5	<u>C</u>	Miðhús
E11	Kálfá	Malarnáma	30.000	1	<u>C</u>	Stóra-Hof
E12	Kálfá	Leirnáma	30.000	1	<u>C</u>	Stóra-Hof
E13	Búðanáma	Efnistaka	50.000	1	<u>B</u>	Minna-Hof
E14	Eystra- Geldinga- holt	Sand- og malarnáma	30.000	1	<u>C</u>	Eystra- Geldinga- holt
E15	Hlíðareyrar	Sand- og malarnáma	30.000	1	<u>C</u>	Hlíð
E16	Austurhlíð	Malarnáma	30.000	1	<u>C</u>	Austurhlíð
E17	Ásaskóli	Malarnáma	30.000	1	<u>C</u>	Ásabrekka
E18	Austurhlíð	Sand- og malarnáma	30.000	1	<u>C</u>	Austurhlíð
E19	Steinsholt	Sand- og malarnáma	30.000	1	<u>C</u>	Steinsholt
E20	Minni- Mástunga	Sand- og malarnáma	30.000	1	<u>C</u>	Minni- Mástunga
E21	Minni- Mástunga	Sand- og malarnáma	30.000	1	<u>C</u>	Minni- Mástunga
E22	Minni- Mástunga	Sand- og malarnáma	30.000	1	<u>C</u>	Minni- Mástunga
E23	Skáldabúðir	Malarnáma	30.000	1	<u>C</u>	Skáldabúðir
E24	Skáldabúðir	Malarnáma	30.000	1	<u>C</u>	Skáldabúðir
E25	Fossnes	Malarnáma	30.000	1	<u>C</u>	Fossnes
E26	Hagalón	Sand- og malarnáma	500.000	90	<u>A</u>	Hagi
E27	Hagi	Efnislosunarsvæði	400.000	75	<u>A</u>	Hagi
E28	Gaukshöfði	Malarnáma	30.000	1	<u>C</u>	Hagi
E29	Þjórsá	Sandnáma	30.000	1	<u>C</u>	Ásólfstaðir
E30	Ásólfstaðir	Sand- og malarnáma	30.000	1	<u>C</u>	Ásólfstaðir
E31	Guðmundar eyri/ Fauskása- læmi	Sand- og malarnáma	45.000	13	<u>C</u>	Þjóðlenda
E32	Sámsstaða múli	Grjótnáma	150.000	3	<u>A</u>	Þjóðlenda
E33	Búrfell	Vikurnáma	45.000	140	<u>A</u>	Þjóðlenda
E34	Ísakot	Sand og malarnámaGrjótnáma	48.500	5	<u>C</u>	Þjóðlenda
E35	Sultartanga stöð	Malarnáma	30.000	1	<u>C</u>	Þjóðlenda

2.4 ÓBYGGÐ SVÆÐI EÐA SVÆÐI MEÐ TAKMÖRKUNUM

Fjallað er um opin svæði, kirkjugarða og grafreiti, óbyggð svæði og varúðarsvæði.

2.4.1 Opin svæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru opin svæði skilgreind sem „svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar“.

Engin svæði í þessum landnotkunarflokki eru í dreifbýlishluta sveitarfélagsins.

2.4.2 Kirkjugarðar og grafreitir

Í grein 6.2 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru kirkjugarðar og grafreitir skilgreind sem „svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti“.

Kirkjugarðar eru við kirkjurnar og flokkaðir undir landnotkunarflokknum samfélagsþjónusta (kafli 2.3.5).

Kirkjugarðar/grafreitir eru á eftirtöldum jörðum í sveitarfélaginu:

Grafreitir		
Nr.	Heiti	Lýsing
K1	Fjall	Heimagrafreitur.
K2	Stóra-Hof	Kirkjugarður.
K3	Skáldabúðir	Heimagrafreitur.

2.4.3 Óbyggð svæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru óbyggð svæði skilgreind sem „svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum“.

Flestar eyjar í Þjórsá og Hvítá flokkast sem óbyggð svæði.

2.4.4 Varúðarsvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013 segir: „Svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskygni. Svæði í biðflokk samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun“.

Í Rammaáætlun (2. áfanga) er fjallað um virkjanakosti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í flokkun virkjanakosta í þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða eru sex virkjanakostir í biðflokk og einn í verndarflokki. Svæði í biðflokk eru Urriðafossvirkjun, Hestvatnsvirkjun, Vörðufellsvirkjun, Holtavirkjun og Hvammsvirkjun. Með þingsályktun um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141, nr. 16/144, sem samþykkt var á Alþingi 1. júlí 2015 var Hvammsvirkjun færð úr biðflokk í orkunýtingarflokk. Sveitarstjórn hvetur til að Vörðufellsvirkjun verði færð í verndarflokk þar sem ekki liggur fyrir vitneskja um möguleg áhrif virkjunar á vatnsverndarsvæði, en fjöldi vatnsbóla er í hlíðum Vörðufells. Ennfremur vill sveitarstjórn að Hestvatnsvirkjun verði færð í verndarflokk þar sem áhrifasvæði virkjunar er afar umfangsmikið og nær yfir farveg Hvítár á um 11 km löngum kafla.

Verkefnisstjórn um Rammaáætlun hefur skilað af sér niðurstöðum þriðja áfanga. Þar eru Urriðafossvirkjun og Holtavirkjun í orkunýtingarflokki en Vörðufellsvirkjun, Búrfellslundur, Hestvirkjun (áður Hestvatnsvirkjun) og Stóru-Laxárvirkjun í biðflokk. Þriðji áfangi rammaáætlunar hefur ekki verið staðfestur af Alþingi. Sveitarstjórn hvetur til þess að við afgreiðslu Alþingis á 3. áfanga rammaáætlunar verði Stóru-Laxárvirkjun færð í verndarflokk meðan ekki liggja fyrir óyggjandi rök fyrir því að náttúra og lífríki svæðisins njóti ásættanlegrar verndar við það rask sem virkjunin hefði í för með sér.

Virkjanakostir í biðflokk eru auðkenndir með hringtákn á skipulagsuppdrætti þar sem afmörkun þeirra liggur ekki fyrir. eru þeir taldir upp í töflu hér að neðan:

Svæði í biðflokk í þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða		
Nr.	Heiti	Lýsing
VA1	Urriðafossvirkjun	Með Urriðafossvirkjun er nýtt um 40 m fallhæð í neðanverðri Þjórsá. Gert er ráð fyrir stíflu í 50 m y.s. nokkru ofan Þjórsárbrúar og um 9 km ² inntakslóni, Heiðarlóni, sem er að stórum hluta í núverandi farvegi árinna. Stöðvarhús verður á Heiðartanga í landi Þjórsártúns í Ásahreppi. Stíflumannvirki eru að mestu í Flóahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Svæðið er tvískipt og nær yfir fyrirhugað lón, haugsetningarsvæði E5 og

	hluta haugsetningarsvæðis E1 og iðnaðarsvæði. Uppsett afl virkjunar er áætlað allt að 150 MW.
VA2	Hestvatns- virkjun
	Gert er ráð fyrir að stífla Hvítá, virkja við enda aðalstíflunnar upp við Hestfjall og gera frárennslisgöng frá virkjuninni í gegnum Hestfjall og skila vatninu aftur út í Hvítá við Brúnastaðaflatar. Hestvatn er nýtt sem miðlunarlon og uppsett afl er allt að 34 MW. Þessi virkjunarkostur er settur fram með töluvert breyttum hætti í 3. áfanga ramma-áætlunar en þar er gert ráð fyrir um 11 km ² miðlunarloni í farvegi Hvítár, sem nær frá stíflu norðan Árhrauns og norður á Höfðaflatar vestan Vörðufells.
VA3	Vörðufells- virkjun
	Úlfsvatn á Vörðufelli verður virkjað, vatnið verður nýtt sem miðlunarlon og til orkuframleiðslu þegar þörf væri á viðbótarafli. Vatni verður dælt upp í lónið aftur. Uppsett afl er allt að 58 MW.
VA4	Holtavirkjun
	Inntakslón, Árneshlón, verður til með stíflu ofan við fossinn Búða og með stíflugörðum í Árneshöfninni. Stöðvarhúsið verður staðsett neðan við stíflunnar. Þjórsá verður að stærstum hluta veitt í Árneshöfn og svo til baka í farveg Þjórsár neðan við eyjuna Árneshöfn. Uppsett afl virkjunarinnar er allt að 57 MW.

2.5 SAMGÖNGUR

Til samgangna teljast öll helstu samgöngumannvirki s.s. vegir, brýr, göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir, flugvellir og flugbrautir. Samkvæmt 6. gr. vegalaga nr. 80/2007 skiptist vegakerfi landsins „... í þjóðveg, sveitarfélagsveg, almenna stíga og einkavegi. Þjóðvegir og sveitarfélagsvegir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins“.

Almennir stígar teljast „... vera reiðstígar, göngu- og hjólreiðastígar sem ætlaðir eru almenningi til frjálstrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga“ skv. 10 grein laganna.

Markmið:

- Leitað verði hagkvæmra lausna í samgöngum og stuðlað að betra umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggðar innan héraðs og við nágrannasveitarfélög, m.a. vegna skólaaksturs, atvinnusóknar og ferðaþjónustu.
- Lögð er áhersla á að stuðla að endurbótum meginleiða í byggð og að þær verði byggðar upp með bundnu slitlagi.
- Vegir að áhugaverðum stöðum verði lagfærðir og opnir stærstan hluta ársins.
- Nýjar vegtengingar við þjóðveg verði lágmarkaðar og leitast við að samnýta sem mest núverandi tengingar.
- Bættar samgöngur verði við nágrannabyggðarlög til að stækka atvinnusvæði og til að efla möguleika á sviði ferðaþjónustu.
- Hugað verði sérstaklega að „grænum“ samgöngumáta í þeim tilgangi að fjölga möguleikum til útivistar, m.a. með göngu-, reið- og hjólaleiðum. Umferð valdi ekki spjöllum á gróðurlendi, sögu- eða náttúruminum.
- Almenningsamgöngur verði eflar.

Leiðir:

- Bættar samgöngur verði við nágrannabyggðarlög til að stækka atvinnusvæði, auðvelda flæði vinnuafis innan þess og til að efla möguleika á sviði ferðaþjónustu.
- Stuðlað verði að betri almenningsamgöngum á Suðurlandi í samstarfi við nágrannasveitarfélög.
- Allir vegir verði undirbyggðir og lagðir bundnu slitlagi.
- Halda fjölgun nýrra vegtenginga við stofn- og tengivegi í lágmarki, m.a. með því að nýta núverandi tengingar.
- Lögð er áhersla á að nýjrir vegir raski ekki samfellu á landbúnaðarlandi í flokki I og II.
- Gert verði ráð fyrir umferð hjólandi fólks á helstu leiðum, m.a. með því að hafa breiða vegöxl.
- Lögð er áhersla á endurbætur á vegum sem liggja að fjölförnum ferðamannastöðum.
- Aðskilja sem mest umferð vélkúinna ökutækja frá gangandi og ríðandi umferð.

Skipting vegakerfisins í aðalskipulaginu er samkvæmt flokkunarkerfi Vegagerðarinnar í stofnvegi, tengivegi og héraðsvegi. Stofnvegir og tengivegir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru taldir upp í töflum hér aftar í samræmi við vegaskrá⁶. Héraðsvegir og slóðar eru sýndir til skýringar á aðalskipulagsupprætti og þeir helstu taldir upp.

Skipulagsáætlunin er í samræmi við núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar og samgönguáætlun sem gerð hefur verið til 2022 og þingsályktunartillögu til 2018. Í „Vegvísi í ferðapjónustu“ kemur fram að bæta þurfi uppbyggingu og viðhald heilsársvega, æskilegt sé að skilgreina ferðamannaleiðir og að góðar og öruggar samgöngur séu forsenda þess að ferðamenn dreifist sem viðast um landið⁷.

Í 32. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, segir að sveitarfélög skuli gera í aðalskipulagi skrá yfir vegi þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil og hlýtur hún samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi. Við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa. Flokkun vega í byggð hefur ekki verið unnin, enda mjög flókið og tímafrekt verkefni sem þarf að vinnast í samráði við landeigendur, stofnanir og félagasamtök.

Umferð framhjá þéttbýlisstöðunum er hröð og við Brautarholt er hæð og beygja ásamt hávöxnum trjám sem dregur úr útsýni fram á veginn. Settur hefur verið hraðaskynjari og ljós til að vekja athygli á hættunni sem þarna er. Í ljósi þess vill sveitarstjórn að stofnvegurinn verði færður suður og austur fyrir þéttbýlið til að draga úr umferð gegnum það og til að draga úr slyshættu. Gegnumakstur verður um þéttbýlið og núverandi heimreiðar heim að bæjum verða óbreyttar en þó er gert ráð fyrir tengingu að Húsatóftum af nýjum vegi. Beggja vegna þéttbýlisins verður tenging inn á stofnvegin.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Líkleg áhrif af færslu vegarins voru metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins (kafli 4.3.12). Niðurstaða þess mats er eftirfarandi: Stefna um færslu vegar út fyrir þéttbýlið í Brautarholti er talin hafa bæði jákvæð og neikvæð áhrif á umhverfisþætti og þá einkum á náttúru, landslag og ásýnd og samfélag. Stefna sveitarstjórnar er að leita hagkvæmra lausna í samgöngum og stuðla að betra umferðaröryggi innan héraðs. Stefnan samræmist þessari stefnu sveitarstjórnar þar sem veglína verður beinni og vegsýn framávið batnar. Vegna nálægðar við áveituskurð er óvíst hvort stefnan hafi áhrif á minjar.

Áhrif stefnunnar á umhverfisþáttinn náttúru eru metin ~~neikvæð~~ þar sem land fyrir nýtt vegstæði er að hluta til í flokki I og II skv. flokkun landbúnaðarlands. Áhrif á samfélag eru metin ~~jákvæð~~ en stefnan getur m.a. haft góð áhrif á íbúapróun í þéttbýlinu í Brautarholti þar sem líklegt er að dragi úr umferð þar. Áhrif á samgöngur eru metin ~~óveruleg~~ en stefnan leiðir til lítilsháttar styttingar vega. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin ~~jákvæð~~ en stefnan stuðlar að bættu umferðaröryggi þar sem veglínan verður beinni og vegsýn fram á við batnar. Þá stuðlar stefnan að bættri hljóðvist fyrir íbúa í Brautarholti. Áhrif á minjar eru metin ~~óviss~~ vegna nálægðar við áveituskurð.

Sveitarstjórn vill að Þjórásárdalsvegur verði færður og réttur af á stuttum kafla skammt sunnan við Árnes en þar er vegurinn hlykkjóttur og mishæðóttur og vegsýn fram á veginn er ekki góð. Vegurinn liggur auk þess mjög nærri Kálfá á þessum kafla og vegrið er meðfram veginum. Engar tengingar eru inn á Þjórásárdalsveg á þessum vegarkafla.

Gert er ráð fyrir nýjum vegi, Búðafossvegi (nr. 23), sem liggja mun frá Landvegi (nr. 26) um nýja brú yfir Þjórás skammt ofan við fossinn Búða og yfir á Þjórásárdalsveg (nr. 32) rétt vestan við Árnes. Gert er ráð fyrir þessum vegi í gildandi skipulagi.

Í tengslum við byggingu Hvammsvirkjunar þarf að gera breytingar á Þjórásárdalsvegi og Gnúpverjavegi. Inntakslón virkjunarinnar, Hagalón, mun færa núverandi vegstæði Þjórásárdalsvegará kaf á kafla á móts

⁶ (Vegagerðin, 2014).

⁷ (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið & Samtök ferðapjónustunnar, 2015).

við bæinn Fossnes. Því er gert ráð fyrir að Þjórsárdalsvegur verði færður til á kafla beggja vegna Þverár auk þess sem gerð verður ný brú yfir Þverá. Þjórsárdalsvegur verður auk þess færður niður að lónsstæðinu á nokkurra kílómetra kafla ofan við bæinn Haga. Einnig verður Gnúpverjavegur færður til á kafla við Þverá. Gert er ráð fyrir þessari breytingu á vegum í gildandi skipulagi.

Rætt hefur verið um færslu Mástunguvegar frá Ásaskóla og upp með Kálfá og inn á Mástunguveg aftur ofan við Minni-Mástungu. Með þessari færslu batnar umferðaröryggi, einkum að vetri til. Vegagerðin hefur gert tillögu að þessari veglínu en hún er ekki á vegaáætlun og er ekki tekin inn í aðalskipulagið á þessu stigi.

2.5.1 Vegir

Vegakerfi í byggð skiptist í stofnvegi, tengivegi og héraðsvegi. Hér á eftir er fjallað um hvern vegflokk fyrir sig.

Vegasamgöngur á landi og tengingar við nágrennabyggðalög eru nokkuð góðar í sveitarfélaginu. Skeiða- og Hrunamannavegur og Þjórsárdalsvegur eru skilgreindir sem stofnvegir.

Um reiðleiðir er fjallað í kafla 2.5.2, helstu gönguleiðir í kafla 2.5.3 og reiðhjólaleiðir í kafla 2.5.4.

STOFNVEGIR

Samkvæmt vegalögum nr. 80/2007 teljast stofnvegir „...vera vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með u.þ.b. 100 íbúa eða fleiri“⁸. Stofnvegir í sveitarfélaginu eru nú þegar uppbyggðir og bundnir slitlagi.

Stofnvegir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru eftirtaldir:

Stofnvegir		
Nr.	Heiti	Lýsing
30	Skeiða- og Hrunamannavegur	Liggur milli Suðurlandsvegur við Skeiðavegamót að gatnamótum við Þjórsárdalsveg. Gert er ráð fyrir færslu vegarins suður og austur fyrir Brautarholt.
31	Skálholtsvegur	Liggur frá Skeiða- og Hrunamannavegi að sveitarfélagamörkum.
32	Þjórsárdalsvegur	Frá gatnamótum við Skeiða- og Hrunamannaveg, framhá Árnosi, um Þjórsárdal og inn á hálendið að Sprengisandsleið F26. Beggja vegna Þverár er gert ráð fyrir að hækka þurfi veginn og færa til, þar sem hann liggur meðfram lónsstæði Hagalóns, auk þess sem byggja þarf nýja brú yfir Þverá. Einnig verður vegurinn færður til suðurs á 3500 m löngum kafla við bæinn Haga.

TENGIVEGIR

Samkvæmt vegalögum nr. 80/2007 teljast tengivegir vera „...vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 2 km langir, vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið, vegir að helstu flugvöllum og höfnum og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis“.

Tengivegir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru eftirtaldir:

Tengivegir		
Nr.	Heiti	Lýsing
324	Vorsabæjarvegur	Liggur af Skeiða- og Hrunamannavegi við Brautarholt yfir á Skálholtsveg nr. 31 sunna við Ósabakka.
325	Gnúpverjavegur	Liggur af Þjórsárdalsvegi vestan við Árnosi og yfir á Þjórsárdalsveg skammt vestan við brú yfir Þverá. Gert er ráð fyrir að austasti hluti vegarins, frá Þjórsárdalsvegi og í átt að bænum Fossnesi, fari undir Hagalón og verður vegurinn færður til vesturs á um 500 m kafla.
327	Stangarvegur	Liggur af Þjórsárdalsvegi að bílastæði við Stöng í Þjórsárdal.
328	Stóra-Núpsvegur	Liggur frá Þjórsárdalsvegi að Stóra-Núpi og yfir á Gnúpverjaveg.

⁸ (Alþingi Íslands, 2007)

23	Búðafossvegur	Nýr tengivegur, um 8 km langur, verður lagður frá Þjórsárdalsvegi (32) við Árnes til suðurs um nýja brú yfir Þjórsá skammt ofan við fossinn Búða og yfir á Landveg (26) í Rangárþingi ytra. Lagt verður slitlag á veginn.
3361	Hjálparvegur	Liggur frá Þjórsárdalsvegi að bílastæði við Hjálparfoss.

Samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 skiptast vegir á hálendi annars vegar í landsvegi sem eru almennir vegir sem tilheyra engum af ofangreindum flokkum og þar skal „...*einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum*“. Hins vegar eru stofnvegir á hálendi sem „...*mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu*“.

Landsvegir í byggð		
Nr.	Heiti	Lýsing
332	Háafossvegur	Liggur frá Þjórsárdalsvegi að Háafossi og Granna.
327	Stangarvegur	Liggur frá bílastæði við Stöng að Háafossvegi.

HÉRAÐSVEGIR

Samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 með síðari breytingum nr. 14/2015 þá eru *héraðsvegir* „vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar.“

Héraðsvegir eru sýndir á skipulagsuppdráttum og þeir helstu eru taldir upp í eftirfarandi töflu.

Héraðsvegir		
Nr.	Heiti	Lýsing
322	Ólafsvallavegur	Liggur af Skeiða- og Hrunamannavegi að Ólafsvallakirkju og bæjum í kring.
321	Skeiðháholtsvegur	Liggur af Skeiða- og Hrunamannavegi að Skeiðháholti.
326	Hælsvegur	Liggur af Gnúpverjavegi að Steinsholti.
328	Stóra-Núpsvegur	Liggur frá Þjórsárdalsvegi að Stóra-Núpi og yfir á Gnúpverjaveg.
329	Mástunguvegur	Liggur frá Gnúpverjavegi að Laxárdal. Hugmynd er komin fram að færslu vegarins upp með Kálfá.
3320	Hlíðarvegur	Liggur frá Hælsvegi að Hlíð.
3356	Hælsvegur	Liggur af Hlíðarvegi að Hæl.

Aðrir vegir og slóðar

Auk þess er nokkur fjöldi vega og slóða sem eru sýndir á skipulagsuppdraetti til skýringar.

2.5.2 Reiðleiðir

Helstu reiðleiðir eru kortlagðar og fylgja þær gjarnan vegslóðum, smalaleiðum eða gömlum þjóðleiðum. Megin reiðstígar tengja saman byggð og hálendi, en eru jafnframt reiðleiðir innan byggðarinnar. Þessar leiðir eru mikið notaðar og eru mikilvægar fyrir viðgang og vöxt hestamennsku og tengdrar þjónustu í sveitarfélaginu. Unnið verður að því að aðskilja reiðstíga frá akandi umferð. Þar sem reiðstígar liggja um einkalönd utan þjóðvega er umferð jafnan háð leyfi landeigenda.

Í Þjórsárdal eru nokkrar vinsælar reiðleiðir og hafa hestaferðir um svæðið notið vaxandi vinsælda á síðustu árum.



Mynd 4. Hestagerði í Þjórsárdal.

Helstu reiðleiðir eru sýndar á skipulagsuppráttum og á skýringaruppdrætti 4 í viðauka.

Markmið:

- Meginreiðleiðir séu greiðfærar stærstan hluta ársins og malarbornar þar sem þess gerist þörf.
- Umferð hestamanna valdi ekki spjöllum á gróðurlendi, sögu- eða náttúruminum.

Leiðir:

- Haldið verði áfram uppbyggingu reiðstígakerfis í samvinnu við hestamannafélög, landeigendur, Vegagerðina og aðra hagsmunaaðila.
- Reiðleiðir verði færðar frá stofnvegum eins og unnt er til að bæta öryggi hestamanna og bíla-umferðar.
- Unnin verði framkvæmdaáætlun fyrir reiðvegagerð sem felur í sér forgangsröðun verkefna.

2.5.3 Gönguleiðir

Gangandi fólk er heimil för um land utan ræktaðs land, sbr. lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Góðar gönguleiðir eru mikilvæg grunnþjónusta við íbúa og gesti á hverjum stað. Þær bjóða bæði upp á valkost í ferðamáta og gefa kost á útivist, heilbrigðu lífverni og samverustundum. Að auki gera þær íbúum og gestum kleift að fræðast um náttúru, menningu og sögu á svæðinu.

Markmið:

- Lögð er áhersla á almenna útivist og að hún styðji við uppbyggingu ferðapjónustu.
- Gönguleiðum verði fjölgað, bæði styttri og lengri leiðum.

Leiðir:

- Áfram verði unnið að merkingu gönguleiða í samstarfi við íbúa, áhugamannafélög og aðila í ferðapjónustu.
- Æskilegt er að hluti gönguleiðanna tengist náttúru, sögu og menningu svæðisins.
- Göngustígar verði lagðir út frá þéttbýlisstöðum að nálægum frístundasvæðum.
- Skipulagðar gönguferðir má nota til að efla umverfisfræðslu.

Merktar gönguleiðir eru í sunnanverðu Vörðufelli. Einnig er pílágrimagönguleið frá Selvogskirkju um Flóahrepp að Ólafsvallarkirkju og í Skálholt.

Í Þjórsárdal hafa verið kortlagðar og merktar fjölmargar gönguleiðir og þær flokkaðar. Gert er ráð fyrir brú yfir Þjórsá ofan við Þjófafoss. Brúin er eingöngu ætluð göngu-, hesta- og hjólríðafólki og tengir saman leiðir í Þjórsárdal og ofanverðri Landsveit s.s. Hellismannaleið. Gert er ráð fyrir göngubrú yfir Fossá á gönguleið milli Reykhólts og Stangar. Einnig er gert ráð fyrir göngubrú yfir Rauðá skammt neðan Gjárinnar og að göngubrú og göngustígar að og innan Gjárinnar verði lagfærðir. Lögð er áhersla á að lagðir verði vandaðir göngustígar sem falla vel að landslaginu.

Helstu gönguleiðir eru sýndar á skipulagsuppráttum og á skýringaruppdrætti 4.

2.5.4 Reiðhjólaleiðir

Hjólreiðar eru heimilar á vegum og þar til gerðum stígum sbr. lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Hjólreiðar verða stöðugt mikilvægari sem samgöngumáti, sérstaklega í þéttbýli og nærumhverfi þess. Auk þess fjölga stöðugt þeim ferðamönnum sem ferðast um á reiðhjólum. Reiðhjólaleiðir í Þjórsárdal hafa verið kortlagðar.

Markmið:

- **Lögð er áhersla á að byggðar verði upp reiðhjólaleiðir um sveitarfélagið og að þær styðji við uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.**

Leiðir:

- Kortlagðar verði hjólreiðaleiðir í sveitarfélaginu í samvinnu við íbúa, landeigendur og almenning.
- Áhersla verði á uppbyggingu leiða um þéttbýli og nærumhverfi.
- Áhersla á hringleiðir sem nýtast muni ferðaþjónustu, sem og íbúum.
- Æskilegt er að aðskilja reiðhjólaleiðir frá akvegum.

Gert er ráð fyrir reiðhjólástígum með helstu vegum s.s. Gnúpverjavegi og Þjórsárdalsvegi. Stefnt er að því að í framtíðinni verði sem flestar reiðhjólaleiðir aðskildar frá akvegum. Til að byrja með er þó gert ráð fyrir að við uppbyggingu og endurbætur á vegum verði gert ráð fyrir breiðri vegöxl fyrir reiðhjólumferð.

Þá eru margir slóðar á hálendinu og í hálendisjaðrinum tilvaldir til fjallahjólreiða. Í Hjólabókinni, bók 4, fyrir Árnæssýslu eru sýndar nokkrar dagleiðir í hring á hjóli. Þær leiðir fylgja núverandi vegum og slóðum⁹. Reiðhjólaleiðir eru sýndar á skýringaruppdrætti 4 í viðauka.

2.5.5 Flugvellir

Flugvellir flokkast í fjóra flokka skv. 4 gr. reglugerðar um flugvelli nr. 464/2007; *flugvöll I, flugvöll II, þyrluflugvöll og lendingarstað. Samkvæmt 5. gr. þurfa flugvellir í flokki I rekstrarleyfi, aðrir flokkar flugvalla eru skráningarskildir*¹⁰.

Enginn skráður flugvöllur er sveitarfélaginu. Fjallað er um flugvelli og kröfur til þeirra í reglugerð um flugvelli nr. 464/2007.

Samkvæmt reglugerð um starfrækslu fjarstýrðra loftfara, nr. 990/2017, segir í 12. gr. að ekki sé heimilt að fljúga fjarstýrðu loftfari yfir mannfjölda. Innan þéttbýlis er eingöngu heimilt að fljúga fjarstýrðu loftfari sem vegur að hámarki 3 kg. Þá er óheimilt að fljúga fjarstýrðu loftfari í meiri hæð en 120 m.

2.6 VEITUR

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru veitur skilgreindar sem „vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir- og mannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við“.

Í þessum kafla er fjallað um veitumannvirki í sveitarfélaginu. Stofnlagnir eru sýndar á skipulagsuppdrætti en ekki er um tæmandi lista að ræða né heldur mikla nákvæmni. Unnið er að því að staðsetja lagnir nákvæmar og skrá þær í sameiginlegan grunn sveitarfélaganna. Almenn er gert ráð fyrir að veitur séu lagðar meðfram vegum og forðast skal að leggja þær innan verndarsvæða. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar fyrir stofnlögnum. Gert er ráð fyrir að stofnlagnir séu sýndar á skipulagsuppdráttum sem og rafstrengir/háspennulínur 66 kV og stærri.

2.6.1 Vatnsveita

Fjölmargar samveitur eru starfræktar í sveitarfélaginu og þó nokkur býli hafa eigið vatnsból.

Markmið:

⁹ (Ómar Smári Kristinsson, 2015).

¹⁰ (Samgönguráðuneytið, 2007).

- **Að öll vatnsból verði afgirt.**
- **Öll byggð í sveitarfélaginu njóti nægjanlegs og góðs neysluvatns.**
- **Tryggð verði gæði vatns m.a. til matvælaíðnaðar.**

Leiðir:

- *Sveitarfélagið sjái til þess í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands að vatnsból séu afgirt og engar framkvæmdir verði leyfðar sem geta ógnað vatnsverndarsvæðum eða vatnsbólum.*

Nýir stórnotendur vatns geta ekki gengið að því vísu að fá að tengjast vatnsveitu sveitarfélagsins, eða að sveitarfélagið geti aflað nægjanlegs neysluvatns á annan hátt.

Gerð er grein fyrir vatnsbólum í kafla 2.7.5 þar sem fjallað er um vatnsvernd.

2.6.2 Hitaveita

Jarðhiti er víða í sveitarfélaginu og eru nær öll íbúðarhús hituð upp með jarðhita. Sérveitur eru víða um sveitarfélagið.

Markmið:

- **Byggðin verði tengd hitaveitu þar sem hægt er.**
- **Tryggt verði nægilegt heitt vatn til áframhaldandi uppbyggingar atvinnustarfsemi.**

Leiðir:

- *Haldið verði áfram rannsóknum og möguleikum á að nýta jarðhita til atvinnuuppbyggingar og húshitunar.*
- *Heimilt er að bora eftir heitu vatni (tilraunaholur) á landbúnaðarsvæðum án þess að breyta aðal- skipulagi. Slíkar framkvæmdir eru framkvæmdaleyfiskildar.*

Virkjaðar borholur eru víða um sveitarfélagið en ekkert meginvinnslusvæði. Stofnlagnir hitaveitu eru sýndar á uppdrætti þar sem upplýsingar liggja fyrir. Eftirtaldar hitaveitur eru í sveitarfélaginu:

Hitaveitur	
Jörð	Lýsing
Þjórsárholt	Hitaveitan annar þéttbýlinu í Árnesi og stærstum hluta gamla Gnúpverjahrepps.
Hitaveita Frambæja	Borhola í landi Reykja. Hitaveitan þjónar Reykjatorfunni auk Sandlækjarbæjanna og nágrennis.
Hitaveitan á Ósabakka	Einkahitaveita.
Hitaveita Útbæja á Skeiðum	Borhola í landi Húsatófta. Þjónar heimabæjum auk Efri- og Syðri Brúnavalla, Vorsabæjum, Fjalli, Álfstöðum, Birnustöðum og Útverkum.
Hitaveita Brautarholts	Hitaveitan er í eigu Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Borhola í Brautarholti sem þjónar þéttbýlinu.
Hitaveitan frá Hlemmiskeiði	Borhola í landi Hlemmiskeiðs. Þjónar heimabæjum auk Votumýri.
Hitaveitan á Brjánsstöðum	Einkahitaveita.
Hitaveita Suður-Skeiða	Borhola í landi Blesastaða. Þjónar heimabæjum auk Skeiðháholts, Kálhóls, Sléttabóls, Borgarkots, Kílhrauns, Arakots, Löngumýrar og Ólafsvallatorfunnar.
Ásólfstaðir I	Hitaveita rekin í samvinnu bæjanna Ásólfstaða og Skriðufells auk nokkurra félagasamtaka.
Hitaveitufélag Gnúpverja	Borhola í landi Þjórsárhólts. Hitaveitan annar þéttbýlinu í Árnesi og stærstum hluta fyrrum Gnúpverjahrepps.
Hitaveita Flúða	Hitaveitan þjónar Laxárdal og Skáldabúðum.

2.6.3 Fráveita

Sveitarfélag ber ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu skv. lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir mengun vegna fráveitu. Náttúrufarslegar

aðstæður og stærðir lóða ráða mestu um hvernig eðlilegast er að útfæra fráveitur í dreifðum byggðum. Gert er ráð fyrir samveitum þar sem aðstæður leyfa. Þar sem lagning safnræsa þykir ekki álitlegur kostur, annað hvort vegna þess að það hefur ekki umhverfisbætandi áhrif eða það hefur í för með sér óhóflegan kostnað, skal nýta önnur kerfi sem vernda umhverfið jafn vel, sbr. 18. gr. reglugerðar um fráveitur og skolp nr. 798/1999. Á viðkvæmum svæðum, t.d. nálægt vatnsverndarsvæðum eða þar sem grunnvatnsstaða er há, eru almennt gerðar meiri kröfur til hreinsibúnaðar. Viðurkenndar rotþrær eru við nær öll heimili og sumarhús í sveitarfélaginu.

Markmið:

- Öll byggð verði tengd viðurkenndum rotþróum.
- Sameiginlegar fráveitur verði þar sem þéttleiki byggðar, landslag og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.
- Þar sem lagning safnræsa þykir ekki álitlegur kostur skal nýta önnur kerfi sem vernda umhverfið jafn vel.

Leiðir:

- Fráveituvatn frá einstökum húsum, sem ekki er veitt í fráveitur, verði veitt í rotþró og siturlagnir sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skolp.

Gerð er nánari grein fyrir hreinsivirkjum og útfærslu þeirra á deiliskipulagsstigi.

2.6.4 Rafveita

Samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 m.s.br. (nr. 26/2015) ber sveitarstjórnun „við næstu endurskoðun aðalskipulags, og eigi síðar en innan fjögurra ára frá samþykkt kerfisáætlunar, að samræma skipulagsáætlanir vegna verkefna í staðfestri tíu ára kerfisáætlun. Sveitarstjórnun ber enn fremur að tryggja að skipulagsmál hindri ekki framgang þeirra verkefna sem eru í staðfestri þriggja ára framkvæmdáætlun kerfisáætlunar. Ákveða skal legu flutningslína í skipulagi að fenginni tillögu flutningsfyrirtækisins í samræmi við kerfisáætlun, að höfðu samráði þess og skipulagsyfirvalda. Sveitarstjórn er óheimilt að víkja frá tillögu flutningsfyrirtækisins ef það leiðir til þess að flutningsfyrirtækið nær ekki að uppfylla skyldur sínar samkvæmt gildandi kerfisáætlun hverju sinni“.


RARIK er dreifingaraðili raforku í sveitarfélaginu og eru allir bæir tengdir dreifikerfinu. Nokkuð margar háspennulínur liggja um sveitarfélagið bæði 220 kV og 66 kV línur. Skipulagsáætlunin staðfestir núverandi flutningskerfi Landsnets og dreifikerfi RARIK.

Markmið:

- Sem flestar háspennulínur verði lagðar í jörð þar sem aðstæður leyfa og leitast verði við að draga úr sjónrænum áhrifum loftlína á landslag.
- Háspennulínur skerði sem minnst aðra nýtingu lands.
- Þrífösun rafmagns verði komið á í dreifbýli.

Leiðir:

- Allar nýlagnir með 66 kV eða lægri spennu verði settar í jörð.



Mynd 5. Helgunarsvæði háspennulína skv. staðli ÍST EN 50341-3-12:2001.

Eftirtaldar háspennulínur liggja um sveitarfélagið:

Háspennulínur	
Heiti	Lýsing
Búrfellslína 1	Liggur frá tengivirki við Búrfell og austur yfir Þjórsá, sveigir vestur yfir Þjórsá á móts við Minni-Núp, liggur í tengivirki við Geitháls. Línan er 220 kV.
Búrfellslína 2	Liggur frá tengivirki við Búrfell, fer austur yfir Þjórsá nokkru austar en Búrfellslína 1 og 3. Liggur í tengivirki á Sandskeiði. Línan er 220 kV.

Búrfellslína 3	Liggur frá tengivirki við Búrfell, fylgir Búrfellslínu 1 fyrst um sinn en sveigir vestur yfir Þjórsá á móts við Þjórsárholt, liggur í tengivirki við Hamranes. Línan er 220 kV, byggð að hluta fyrir 400 kV.
Jarðstrengur	Í tengslum við stækkun Búrfellsvirkjunar, Búrfell 2, verður lagður jarðstrengur frá virkjuninni í núverandi tengivirki Búrfellsvirkjunar.
Sultartangalína 2	Liggur frá tengivirki við Sultartanga í tengivirki við Búrfell. Línan er 220 kV.
Flúðalína 1	Liggur frá tengivirki við Búrfell í tengivirki við Flúðir. Línan er 66 kV.
Hellulína 1	Liggur frá tengivirki við Flúðir, vestan Miðfells og í tengivirki við Hellu. Línan er 66 kV.
Hvolsvallarlína 1	Liggur frá tengivirki við Búrfell og austur yfir Þjórsá í tengivirki við Hvolsvöll. Línan er 66 kV.
Sigöldulína 3	Liggur frá tengivirki við Sigöldu, vestur yfir Þjórsá við Sultartangavirkjun og í tengivirki við Búrfell. Línan er 220 kV.
Búðarháslína 1	Liggur frá Búðarháslínunni að Hrauneyjafosslínu 1. Gert er ráð fyrir að línan fylgi Hrauneyjafosslínu 1 og Sigöldulínu 3 að tengivirki við Sultartangavirkjun. Línan er 220 kV.
Hrauneyjafosslína 1	Liggur frá tengivirki við Hrauneyjafossvirkjun að tengivirki við Sultartangavirkjun. Línan er 220 kV.
Sultartangalína 1	Liggur frá tengivirki við Sultartanga í tengivirki við Brennimel. Línan er 220 kV.
Sultartangalína 3	Liggur frá tengivirki við Sultartanga í tengivirki við Brennimel. Línan er 220 kV, en er byggð fyrir 400 kV.

Helgunarsvæði háspennulína er misbreitt en almennt gildir að því hærra spennu, því breiðara helgunarsvæði (Mynd 5). Innan helgunarsvæðis er óheimilt að reisa mannvirki.

Háspennulínur, með flutningsgetu 66 kV eða meira eru matskyldar skv. reglugerð nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum. Rafhlínur 33 kV eða meira, hvort heldur er um jarðstrengi eða loftlínur að ræða eru framkvæmdaleyfisskyldar og eftir atvikum tilkynningaskyldar s.s. á verndarsvæðum. Stofnlínur og 66 kV línur og stærri eru sýndar á skipulagsupphráttum.

2.6.5 Fjarskipti

Fjarskiptaáætlun 2011 – 2022 gerir ráð fyrir að öryggi fjarskiptakerfa á landsvísu, útbreiðsla og afköst verði tryggð¹¹. Lagður hefur verið ljósleiðari inn á öll heimili í sveitarfélaginu. Á Búrfelli eru fjarskipta-sendar.

Markmið:

- Tryggt verði fjarskiptasamband á helstu vegum og ferðmannasvæðum í byggð og á hálendinu.

Leiðir:

- Sendum fyrir farsíma verði fjölgað eftir því sem þörf krefur.

Áhersla verði á bætt farsíma/fjarskiptasamband, sérstaklega á hálendi sveitarfélagsins. Núverandi fjarskiptamannvirki eru sýnd á skipulagsupphráttum. Ekki þarf að breyta aðalskipulagi vegna nýrra fjarskiptamannvirka sbr. kafla 2.3.8.

Sjálfvirk símstöð er í Árnesi. Þar er einnig tækjahlús og fjarskiptamastur.

2.7 VERNDARSVÆÐI OG MINJAR

Í þessum kafla er fjallað um staði og svæði sem njóta einhvers konar friðunar eða verndar vegna náttúruverndar eða menningarminja. Einnig þá þætti sem lúta að takmörkun á landnotkun s.s. vegna hverfisverndar, vatnsverndar eða minja. Með verndarsvæðum er átt við svæði sem verndarkvaðir hvíla á, t.d. vegna náttúruverndar. Um náttúruverndarsvæði gilda ákvæði laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

¹¹ (Alþingi Íslands, 2011)

Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 þá teljast náttúruverndarsvæði vera; *friðlýst svæði og afmörkuð búsvæði friðaðra tegunda. Svæði og náttúrumyndanir á náttúruminjaskrá. Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags*¹².

Samkvæmt VIII kafla laganna eru flokka friðlýstra svæða eftirtaldir:

- Náttúruvé
- Óbyggð víðerni
- Þjóðgarðar
- Friðlönd
- Náttúruvætti
- Landslagsverndarsvæði
- Verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda

Samkvæmt 61. gr. laganna þá njóta ákveðnar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar og skal forðast að raska þeim eins og kostur er. Þær eru eftirtaldar:

- Votlendi 20.000 m² eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri og sjávarfitjar og leirur.
- Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.
- Eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma.
- Fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

Þá ber, skv. 62. gr. laganna, að leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og nánasta umhverfi.

Ekki hefur verið gerð úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum á skipulagssvæðinu sem ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga taka til, eða þær kortlagðar, skipulagið er því sett fram með þeim annmörkum. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en framkvæmda- eða byggingarleyfi er veitt, sbr. 13. og 15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, í þeim tilvikum sem framkvæmdir geta haft í för með sér röskun á þessum landslagsgerðum.

Skv. 1. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal *stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða*.

Samkvæmt 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 gildir eftirfarandi: „*Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelg-uðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið*“.

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru tvö friðlýst svæði, 3 svæði á náttúruminjaskrá og nokkur hverfisverndar- og vatnsverndarsvæði.

Markmið:

- **Stuðlað verði að verndun lands og góðri umgengi.**
- **Stuðlað verði að varðveislu sögu-, náttúru- og menningarminja og annarra umhverfislegra gæða.**
- **Stuðlað verði að góðri umgengni um hálendið, álag verði undir þölmörkum viðkvæmra svæða og reynt að viðhalda sem stærstum óbyggðum víðernum.**
- **Merkir minja- og sögustaðir verði merktir og gerðir aðgengilegir eftir því sem kostur er.**
- **Fornminjar verða merktar eftir því sem kostur er og upplýsingar um þær bættar.**

¹² (Alþingi Íslands, 2015a).

- Kortlagðar verði gamlar þjóðleiðir í samráði við landeigendur og kannaðir möguleikar á að nýta þær sem reið- og/eða gönguleiðir.
- Hugað verði að varðveislugildi eldri húsa og mannvirkja, þ.m.t. samgöngumannvirkja.
- Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja er undanfari frekara skipulags.

Leiðir:

- Skipulag og merkingar verði bætt til að koma í veg fyrir umhverfisspjöll og til að bæta umgengni um viðkvæm svæði.
- Markvisst verði reynt að vernda náttúru- og menningarminjar á svæðinu m.a. með merkingu þeirra og aukinni fræðslu og upplýsingagjöf til ferðamanna.
- Helstu minjar/minjasvæði verði sett undir hverfisvernd og skilgreind verndarákvæði fyrir þær.
- Lokið verði við aðalskráningu fornminja í sveitarfélaginu á skipulagstímanum.
- Stuðlað verði að varðveislunni upprunalegra birkiskóga- og birkikjarrs.
- Unnið verður að uppsetningu merkinga og gerð kynningarefnis m.a. til að vernda náttúru- og menningarminjar.
- Unnið verður að frekari verndun í Kerlingarfjölum í samvinnu við Umhverfisstofnun og nágretta sveitarfélög.

2.7.1 Friðlýst svæði

Samkvæmt gr. 6.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 eru friðlýst svæði „svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar“.

Friðlýst svæði falla í nokkra flokka og er verndarstig þeirra mjög misjafnt og umgengnisreglur einnig. Flestar friðlýsingar eru grundvallaðar á náttúruverndarlögum og um sum friðlýst svæði gilda sérstök lög. Forsenda fyrir friðlýsingu er að verndun sé mikilvæg vegna sérstaks landslags eða lífríkis. Almennings er leyfður aðgangur að friðlýstum svæðum eftir tilteknum reglum¹³.

Friðlýst svæði í byggð eru eftirfarandi:

Friðlýst svæði	
Heiti	Lýsing
Viðey í Þjórsá	Eyjan var friðlýst 24. ágúst 2011 sem friðland og er 3,37 ha að stærð. Viðey í Þjórsá er sérstök m.a. vegna þeirrar umgerðar sem straumpung áin veitir. Mikilvægi svæðisins felst einnig í möguleika á samanburði t.d. birkisins, sem þar hefur vaxið án teljandi áhrifa mannsins, við birki annarsstaðar í landinu. Í Viðey hafa fundist yfir 70 háplöntutegundir, þar af tvær tegundir sjaldgæfar á landsvísi.

2.7.2 Önnur náttúruvernd - náttúruminjaskrá

Náttúruminjaskrá er skrá yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Þau svæði sem eru á náttúruminjaskrá geta hýst sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu. Þau geta verið óvenju tegundarík eða viðkvæm fyrir röskun eða að þau eru nauðsynleg til að viðhalda sterkum stofni mikilvægra tegunda. Svæðin geta haft vísindalegt gildi-, félagslegt-, efnahagslegt-, eða menningartengt gildi. Þau geta einnig verið mikilvæg til að viðhalda náttúrulegum þróunarferlum, haft alþjóðlegt náttúruverndargildi eða verið einkennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta. Almenn gildir að mannvirkjagerð á svæðum á Náttúruminjaskrá er tilkynningarskyld sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðauka 2.

Eftirtalin svæði í byggð eru á náttúruminjaskrá og er lýsing á þeim og númer tekin úr skránni:

Svæði á náttúruminjaskrá		
Nr.	Heiti	Lýsing á afmörkun svæða og sérstæði þeirra skv. náttúruminjaskrá

¹³ (Alþingi Íslands, 2015).

731	Þjórsárdalur, Gjáin og fossar í Fossá	Að vestan fylgja mörkin Fossá ásamt suðausturhlíðum Fossöldu upp fyrir Háafoss og Granna, en þaðan í Sandafell. Frá Sandafelli ræður Rauðá mörkunum allt að Fossá og frá ármótunum 100 m breitt belti sitthvoru megin Fossár allt niður í Þjórsá. Fagrir fossar á vinsælu útivistarsvæði. Háifoss er talinn næsthæsti foss landsins. Gjáin er sérstætt gljúfur og þar eru athyglisverðar bergmyndanir. Sögu-minjar.
744	Höfðaflatar	Votlendisræma milli Hvítár og Vörðufells norður á móts við lðu og suður að Fjalli. Fjölbreytt gróðurfar og fuglalíf.
764	Skálholtstunga og Mosar	Tungan milli Hvítár og Brúarár. Til norðurs og austurs ræður Kerslækur og lína úr honum um Brúnir í Hvítá rétt sunnan við Torfholt. Víðlent lítt raskað votlendi með fjölbreytilegum gróðri og dýralífi. Jarðhiti við Þorlákshver þar sem skapast skilyrði fyrir sérstætt samspil jarðhita og gróðurs.

Svæði sem sett eru í verndarflokk skv. 6. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 eru skilgreind í flokknum önnur náttúruvernd skv. gr. 6.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Svæðunum er lýst í erindi til verkefnisstjórnar um annan áfanga rammaáætlunar. Fjallað er um svæði í verndarflokki í kafla 4.5.1.

2.7.3 Hverfisvernd

Skilgreining hverfisverndarsvæða samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013, gr. 6.3 er eftirfarandi: „Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum“¹⁴.

Hverfisvernd er alhliða vernd sem getur tekið til náttúruminja, landslags eða fornleifa. Mörg þessara svæða hafa einnig nokkuð útivistargildi. Sveitarstjórn setur fram í aðalskipulagi hvaða þættir á viðkomandi svæði skulu njóta tiltekinnar verndar. Ennfremur hvaða réttindi og kvaðir eru samfara hverfisvernd og geta takmarkað framkvæmdir og landnotkun svæðisins.

Tilgangur með hverfisvernd svæða er að stuðla að jafnvægi milli nýtingar og verndar. Um hverfisverndarsvæði gilda ákveðnar reglur, sem sveitarstjórn setur, sem kveða nánar á um verndun og skilyrði til uppbyggingar og framkvæmda. Fornminjum skal aldrei raska nema í samráði við Minjastofnun. Sveitarstjórn tekur mið af ákvæðum hverfisverndar við mat á framkvæmdar- og byggingaleyfisumsóknum og við gerð deiliskipulags.

Nokkur mikilvæg votlendissvæði, náttúrulegt birkikjarr í Búrfellsskógi og svæði á náttúruminjaskrá eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði, einkum vegna sérstæðs fuglalífs og gróðurs.

Markmið:

- **Lögð er áhersla á að varðveita náttúruminjar, fornleifar og aðrar söguminjar, sem m.a. rennir styrkari stoðum undir ferðaþjónustu á svæðinu.**
- **Stuðlað verði að endurheimt fyrri landgæða.**
- **Mannvirkjagerð leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.**

Leiðir:

- *Markvisst verði reynt að vernda náttúru- og þjóðminjar á svæðinu m.a. með skráningu og merkingu þeirra.*
- *Unnið verður að endurheimt votlendis, þar sem aðstæður leyfa.*

Almenn ákvæði hverfisverndar vegna náttúruverndar eru eftirfarandi:

- Hefðbundnar nytjar, s.s. ræktun, beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um takmörkun eða stjórn beitar í sveitarfélaginu ef þörf krefur.
- Halda skal framkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.

¹⁴ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013a).

- Þar sem hverfisvernd tekur til vatna og tjarna tekur verndarsvæðið að jafnaði til 50 m beltis á bökkum þeirra, auk vatnasvæðis.
- Röskun vot- og gróðurlendis er óæskileg, en sé það óhjákvæmilegt skal samsvarandi svæði endurheimt.
- Öll vélknúin umferð skal fylgja viðurkenndum leiðum. Sveitarstjórn er heimilt að veita undanþágu vegna ákveðinna verkefna í samráði við umráðendur lands og/eða Umhverfisstofnun.

~~Líkleg áhrif af hverfisverndarsvæðum voru metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins (kafla 4.3.12). Niðurstaða þess mats er eftirfarandi: Metið er að stefna um verndun hafi jákvæð áhrif á alla umhverfisþætti.~~

Yfirlit yfir þau hverfisverndarsvæði sem auðkennd eru á skipulagsupprætti er tekið saman í töflu hér að neðan ásamt nánari skilmálum, þar sem það á við. Þar kemur einnig fram hvaða þættir standa á bak við verndargildi þeirra:

Hverfisverndarsvæði vegna náttúruverndar			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
HV1	Urðir	Sérstakar jarðmyndanir/hraun austan vegarslóða að Árhrauni. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimilt á svæðinu. Stærð svæðis er um 5 ha.	Kílhraun
HV2	Litla- og Stóra-Gráhella	Verndun sérstakrar landslagsgerðar. Ógróið hraunlendi. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimilt á svæðinu. Stærð svæðis er um 5 ha.	Vorsabæjar, Norðurgarðs og Björnskots
HV3	Höfðaflatar	Verndun votlendis, gróðurs og fuglalífs. Framræsla og annað jarðrask innan svæðis er óheimilt. Stærð svæðis er um 230 ha.	Fjall
HV4	Gervígígar og Reykholt í Þjórsárdal	Tekur til svæðis vestan Fossár, frá Hjálparfossi og inn með Reykholti. Ekki er heimilt að planta trjám á svæðinu.	Þjóðlenda
HV5	Þjórsárdalur	Innri hluti Þjórsárdals sem tekur til Fossár og afréttarlands norðan hennar. Tilgangur hverfisverndar er að vernda búsetuminjar, landslagsheild og einstök náttúrufrýrbæri. Nokkrir gervígígar eru innan svæðisins. Mannvirkjagerð vegna útivistar og ferðaþjónustu er almennt heimil og stuðlað verði að bættu aðgengi að áhugaverðum stöðum. Hluti svæðisins er á náttúruminjaskrá. Stærð svæðis er um 4 þúsund ha og hluti þess tilheyrir hálandisluta sveitarfélagsins.	Þjóðlenda
HV6	Búrfellsskógur	Náttúrulegt birkikjarr sunnan undir Búrfelli. Einungis er heimilt að planta íslenskum plöntutegundum. Stærð svæðis er um 340 ha.	Þjóðlenda

2.7.4 Minjavernd

Í þessum kafla er fjallað um friðlýstar fornminjar, fornminjar sem njóta hverfisverndar ásamt friðuðum eða friðlýstum byggingum.

Þjóðminjar taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012¹⁵.

Í gr. 6.3 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er minjavernd skilgreind sem „svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar“¹⁶.

Samkvæmt 1. gr. í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 teljast menningarminjar „ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir

¹⁵ (Alþingi Íslands, 2012).

¹⁶ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013b).

um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu”¹⁷. Allar friðlýstar fornminjar flokkast sem þjóðminjar skv. 2. gr. laganna. Þá kveða lögin á um að allar minjar 100 ára og eldri séu fornminjar sbr. 3. gr. laganna. Þar segir einnig að fornleifar teljist „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á.“ Auk friðlýstra fornminja eru nokkrar fornminjar á svæðinu sem eru verndaðar í flokki hverfisverndar en allar fornminjar njóta friðunar skv. 3. gr. laganna. Í 16. gr. segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.

Aðalskráning fornminja á þéttbýlisstöðunum Árnesi og Brautarholti fór fram árið 2017 í tengslum við heildarendurskoðun aðalskipulags, sjá kafla 3.3. Helstu flokkar heimilda sem stuðst er við eru jarðabækur, túnakort, örnefnaskrár og fornleifaskýrslur. Áformað er að ljúka aðalskráningu fornminja í sveitarfélaginu á skipulagstímanum.

Friðlýstar fornminjar eru sýndar á sveitarfélagsupprætti. Þá eru allar minjar sem hafa verið staðsettar sýndar á skýringarupprætti nr. 8.

Markmið:

- **Stuðlað verði að verndun helstu menningarminja en jafnframt verði fólki gert kleift að njóta þeirra eins og aðstæður leyfa.**
- **Merkar minjar verða merktar eftir því sem kostur er og upplýsingar um þær bættar.**

Leiðir:

- Helstu minjar/minjasvæði verði sett undir hverfisvernd og skilgreind verndarákvæði fyrir þær.
- Gera fornar leiðir aðgengilegar sem göngu- og/eða reiðleiðir t.d. með því að finna og endurhlaða vörður, í samráði við Minjastofnun Íslands og landeigendur.
- Unnið verði að lagfæringu og viðhaldi á völdum minjum, t.d. fornum bæjarstæðum, samgöngumannvirkja og heimavirkjana.

Friðlýstar fornminjar eru tilgreindar eru í töflu hér að neðan. Notað er númer minjanna skv. aðalskráningu fornminja þar sem það á við:

Friðlýstar fornminjar		
Nr.	Heiti	Lýsing
ÁR-233:009	Hoftóftar-leifar	Á hjallabrún við efri túnjaðar, hjá klettum er kallast Hofklettar.
ÁR-233:026	Gvendarhaugur [Gvendarhóll]	Allfyrirferðarmikið holt, sem einhvern tíma hefur verið bær á, um 1500 m fram undan bænum í beina stefnu á Útverk.
ÁR-263-002	Áslákstunga fremri	Búsetuminjar.
ÁR-263:003	Áslákstunga innri	Búsetuminjar.
ÁR-263:004	Fagriskógur	Búsetuminjar.
ÁR-263-005	Karlsstaðir	Búsetuminjar.
ÁR-263:006	Grjótárkrókar	Búsetuminjar.
ÁR-264-002, ÁR-264-003	Stórólshlíð og Skallakot	Rústir í Þjórsárdal.
ÁR-266-002	Sauðhúsdalur og Goða-tóft	1. Fornar rústir, garðlög og tóft við Garaðabrekku, afgangur hringur og smátóft. 2. Akurreitur lítill í brattri brekku sunnan í Skorhól, suðvestast í túnfæti. 3. Forn tóft, nefnd Goðatóft, austur á túninu.
ÁR-265-002	Snjáleifartóftir	Fornleg bæjarrúst í Þjórsárdal.

¹⁷ (Alþingi Íslands, 2012).

ÁR-267-002, ÁR-267-003	Lómsstaðarúst og Ásaselsrúst	Lómsstaðarúst, í grastorfu milli tveggja gilja, er falla saman og mynda Lómsstaðalæk. Ásaselsrúst, við útfall Lómsstaðalækjar í Tungná.
ÁR-288:025	Stóra-Hof	Vatnsveitustokkur forn hjá Stóra-Hofi; hann liggur frá Litla-Hraunsnefi við Kálfá austur að túni.
ÁR-289:012	Þingbúðatóftir á Árnesþingstað	Um 30 búðarústir á Árnesþingstað hinum forna.
ÁR-289:029	Minna-Hof	Fornar rústir fyrir vestan hlaðbrekkuna á Minna-Hofi.
ÁR-289:030	Minna-Hof	Tvö forn garðlög og girðing áföst við hið vestara; þau liggja ofan frá móahæð fyrir austan túnið á Minna-Hofi ofan að Þjórsá, samhliða og eigi langt á milli.
ÁR-289b:001	Dómhringur í Árnesi	Hinn svonefndi Dómhringur í Árnesinu.
ÁR-310-003	Miðfell	Rústir á flötum móa fyrir sunnan djúpt gil, sem er sunnan undir Miðfelli, fast við það.
	Núpur 1. ÁR-292:023 2. ÁR-292:037 3. ÁR-292:018 4. ÁR-293:019 5. ÁR-293:020 6. ÁR-292:014	1. Aðalgarður fyrir neðan túnin og mýrina þar á milli, enda í Hátúni. 2. Girðing, áföst við aðalgarðinn fyrir neðan túnið. 3. Garðlagsstúfur fyrir neðan aðalgarðinn vestan við Minni-Núpstún og framhald þess til suðurs frá alfaraveginum að Þjórsá. 4. Garðlög tvö frá veginum við Minna-Núpstún fram að Þjórsá og þvergarður nær túninu milli þeirra. Hið suðvestara er framhald aðalgarðs, en beygist vesturávið. 5. Girðing stór, nefnd Ólafsgærði á hjalla undir núpnem fyrir ofan tún á Minna-Núpi; í austurenda hennar eru smágirðingar. 6. Dofrastaðir, gömul bæjarrúst, og tvær aðrar tófitir, og aflöng girðing norðaustanundir holtinu.
ÁR-284:002	Sandlækur	Goðalág, svo nefnd, forn tóft á Goðavelli, nyrst í túninu.
	Skaftholt 1. ÁR-291:026 2. ÁR-291:027	1. Garðlag fornt, sem liggur vestan frá Kálfá austur að Þjórsárholti, fyrir norðan Alviðru. 2. Akurgirðing fyrir v ₁ estan niðurtúnið, mjó og löng, og lítill tóft við enda hennar.
ÁR-272:043	Ófeigsstaðarúst	Neðarlega í vesturtúni hjáleigunnar Bala, í landi Steinsholts.
ÁR-290:043	Þjórsárholt	Alviðra, gömul kotrúst í litlum hvammi norðvestanundir holtinu og garður um þveran hamarinn að framanverðu.
ÁR-292b:001	Ölmóðsey (í Þjórsá)	Rúst í Ölmóðsey og girðingar um.
ÁR-674-001	Stöng	Búsetuminjar.
ÁR-674-002	Skeljastaðir	Búsetuminjar.
ÁR-674-003	Steinastaðir	Búsetuminjar.
ÁR-674-004	Sámsstaðir	Búsetuminjar.
ÁR-674-005	Gjáskógar	Búsetuminjar.
ÁR-674-012, ÁR-674-013	Lepparstaðir	Búsetuminjar.
ÁR-753:013	Fossárdalsrúst	Búsetuminjar.
ÁR-753:014	Rauðukambarúst	Búsetuminjar.

ÁR-753:018	Sandártunga	Búsetuminjar.
ÁR-753:015; ÁR-753:016	Lóþræll fremri og innri	Búsetuminjar.
ÁR-753:014	Reykholt í Þjórsárdal	Búsetuminjar.
ÁR-263:010	Seljamýri	Búsetuminjar.

Friðaðar byggingar

Samkvæmt 29. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012, þá eru öll hús og mannvirki sem eru eldri en 100 ára friðuð og er óheimilt að raska þeim, breyta, rífa eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar. Samkvæmt 31. gr. laganna er óheimilt að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands.

Eftirtalin mannvirki eru friðuð eða friðlýst:

Friðaðar eða friðlýstar byggingar	
Heiti	Lýsing
Ólafsvallakirkja	Var byggð árið 1897. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
Stóra-Núpskirkja	Var byggð árið 1909. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
Íbúðarhús Sr. Valdimars Briem á Stóra-Núpi	Byggt árið 1896. Friðlýst 3. mars 2014 samkvæmt 3. mgr. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðlýsingin tekur til ytra borðs og innréttinga sem varðveist hafa í húsinu.

Í 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 er fjallað um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki eru friðuð eða friðlýst. Undir þetta falla mannvirki sem byggð voru 1925 eða fyrr og kirkjur sem reistar voru 1940 eða fyrr. Framangreind ákvæði 29. gr. laga um menningarminjar, um mannvirki sem eru 100 ára eða eldri, gilda jafnframt um þau mannvirki sem talin eru upp í töflu hér að neðan og náð hafa þeim aldri. Upplýsingar eru fengnar úr skráum Fasteignamats ríkisins.

Verndun annarra húsa og mannvirkja	
Heiti	Lýsing
Álfsstaðir	Fjánhús, hesthús og hlaða byggt árið 1910.
Ásaskóli	Íbúðarhús byggt árið 1923.
Eystra-Geldingaholt 1a	Íbúðarhús byggt árið 1913.
Hamarsheiði 1	Íbúðarhús byggt árið 1910.
Stóri-Núpur 2	Sumarhús byggt árið 1907.
Vorsabær 1	Íbúðarhús byggt árið 1912.
Þjórsárholt	Hlaða og hesthús byggt árið 1920.
Þrándarholt 1	Geymsla byggð árið 1925.

Fornminjar sem njóta hverfisverndar

Æskilegt er að unnið verið að varðveislu helstu minja, þær gerðar aðgengilegar og veittar upplýsingar um þær. Minjar sem skráðar voru í aðalskráningu fornminja í þéttbýlunum eru sýndar á skýringaruppráttum. Varðandi umfjöllun um þær er vísað í eftirfarandi skýrslu; Aðalskráning fornleifa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi I: Húsatóftir og Skaftholt (*Ragnheiður Gló Gylfadóttir.2017*).

Ákvæði hverfisverndar vegna fornminja eru eftirfarandi:

- Nákvæm skráning fornminja skal fara fram áður en ráðist er í byggingarleyfisskyldar eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir.
- Skógrækt skal ekki fara nær þekktum fornminjum en 50 m.

- Að öðru leyti gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 um þekktar fornminjar.

Eftirtaldar fornminjar njóta hverfisverndar:

Hverfisvernd vegna fornminja		
Nr.	Heiti	Lýsing
ÁR- 673:028	Hólaskógur	Búsetuminjar.

2.7.5 Vatnsvernd

Í gr. 6.3 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru vatnsverndarsvæði skilgreind sem „svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn“.

Vatnsverndarsvæði flokkast í þrjá flokka skv. 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 m.s.b. um varnir gegn mengun vatns. Flokkarnir eru brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði¹⁸.

Um vatnsverndarsvæði gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.

Markmið:

- Lögð er áhersla á nægt framboð neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.
- Áhersla verður á að tryggja vatnsgæði til framtíðar.

Leiðir:

- Vatnsból verði afgirt og friðuð fyrir óviðkomandi umferð.
- Vatnsgæði verða metin og kortlögð í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
- Skilgreind verða vatnsverndarsvæði í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
- Engar framkvæmdir sem ógnað geti brunnsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra.

Brunnsvæði – flokkur 1

Verndarákvæði brunnsvæða skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 eru þessi: „Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðuð fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli“¹⁹.

Vatnsból og 5 m svæði umhverfis þau eru sýnd á skipulagsuppdráttum. Hluti vatnsbóla hefur verið hnitsettur af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og eru þau þá staðsett á skipulagsuppdrætti m.v. það. Í öðrum tilfellum er staðsetning ónákvæm.

Eftirfarandi vatnsból í sveitarfélaginu hafa starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands:

Vatnsból		
Nr.	Heiti	Lýsing
VB1	Suðurfall	Aðalvatnsból sveitarinnar í landi Framness, annar stærstum hluta sveitarinnar á Skeiðum (um 30 bæjum) auk þéttbýlisins í Brautarholti. Svæðið er afgirt og skilgreint vatnsverndarsvæði. Hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.
VB2	Framnes	Vatnsból.
VB3	Framnes	Vatnsból.
VB4	Fjall	Vatnsból. Hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.
VB5	Birnustaðir	Vatnsból.
VB6	Álfsstaðir	Vatnsból.
VB7	Ósabakki	Vatnsból.

¹⁸ (Umhverfissráðuneytið, 1999).

¹⁹ (Umhverfissráðuneytið, 1999)

VB8	Gunnbjarnarholt	Vatnsból. Hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.
VB9	Prándarholt	Miðhúsafellsveita. Hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.
VB10	Hlíð	Vatnsból. Hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.
VB11	Hlíð	Vatnsból. Hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.
VB12	Hæll	Vatnsból. Hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.
VB13	Árnesveita	Vatnsból fyrir þéttbýlið í Árnesi, frístundabyggð í nágrenninu auk nokkurra bæja. Skilgreint vatnsverndarsvæði. Hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.
VB14	Steinsholt	Hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og ábúendum skv. loftmynd.
VB15	Skaftholt	Vatnsból. Hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.
VB16	Stóri-Núpur	Framtíðarvatnsból fyrir Árnes og nágrenni. Hnitsett af ISOR.
VB17	Stóri-Núpur	Vatnsból. Hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.
VB18	Ása	Vatnsból. Hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.
VB19	Minni-Mástunga	Vatnsból. Hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.
VB20	Skáldabúðir	Vatnsból. Hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.
VB21	Laxárdalur	Vatnsból. Hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.
VB22	Hamarsheiði	Vatnsból.
VB23	Fossnes	Vatnsból.
VB24	Hagi	Vatnsból. Hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.
VB25	Hagi	Vatnsból. Hnitsett af ábúendum skv. loftmynd.
VB26	Hagi	Vatnsból. Hnitsett af ábúendum skv. loftmynd.
VB27	Ásólfstaðir	Vatnsból.
VB28	Skriðufell	Vatnsból.
VB29	Búrfellsveita	Borhola í Búrfelli, þjónar virkjun og íbúðarbyggð.
VB30	Reykholt	Vatnsból.
VB31	Hólaskógur	Vatnsból.

Grannsvæði vatnsbóla – flokkur II

Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar, skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólínu. Verndar-ákvæði grannsvæða, skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999, eru þessi: „Á grannsvæðum er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín, og skyld efni, salt, eitrefni til útrýmingar skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða sambærilegar byggingar á svæðinu. Vegalagning, áburðarotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti“²⁰.

Grannsvæði vatnsbóla eru í flestum tilfellum sýnd á skipulagsuppráttum.

Fjarsvæði vatnsbóla – flokkur III

Fjarsvæði liggur utan þess lands sem telst til brunnsvæða og grannsvæða vatnsbóla. Verndarákvæði fjarsvæða eru þessi skv. skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999: „Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp undir grannsvæði vatnsbóla. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja“²¹.

Fjarsvæði vatnsbóla eru í flestum tilfellum sýnd á skipulagsuppráttum.

²⁰ (Umhverfisráðuneytið, 1999)

²¹ (Umhverfisráðuneytið, 1999)

2.7.6 Verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum

Verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum eru svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Í reglugerðinni er kveðið á um að gera skuli grein fyrir langtímamarkmiði fyrir vötn í svæðis- og aðalskipulagi. Grunnvatn og yfirborðsvatn skal flokkað eftir forsendum 9. og 10. greinar reglugerðarinnar í eftirtalda flokka:

- Flokkur A: Ósnortið vatn.
- Flokkur B: Lítið snortið vatn.
- Flokkur C: Nokkuð snortið vatn.
- Flokkur D: Verulega snortið vatn.
- Flokkur E: Ófullnægjandi vatn.

Vatnasvæði í sveitarfélaginu hafa enn sem komið er ekki verið flokkuð.

Markmið:

- **Áhersla er á verndun vatnasvæða í sveitarfélaginu.**

Um vatnasvæði gilda eftirtalin verndarákvæði til varnar mengunar:

Leiðir:

- Öll vötn og tjarnir sem njóta hverfisverndar vegna náttúrufars eru felld undir flokk A. Þessi svæði hafa öll verndargildi vegna sérstaks fuglalífs og gróðurfars auk þess sem sum þeirra hafa ákveðið útivistargildi.
- Öll byggð í sveitarfélaginu hafi viðurkenndar rotþrær.
- Stefnt er að því að sveitarstjórn (heilbrigðisnefnd), í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Umhverfisstofnun, flokki vatnasvæði í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og áburðarefna á skipulagstímabilinu.

Stefnt er að því að grunnvatn og yfirborðsvatn verði í flokki A sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Þar sem viðtakinn er grunnvatn/ferskvatn er stefnt að tveggja þrepa hreinsun frárennslis.

2.8 NÁTTÚRUVÁ

Í gr. 6.3 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru svæði undir náttúruvá skilgreind sem „svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri)²².”

Fjallað er um náttúruvá í forsenduhefti aðalskipulagsins, kafli 2.6, þar sem gerð er grein fyrir jarðskjálftum og flóðum í Hvítá, Stóru-Laxá og Þjórsá. Ekki er talið að önnur náttúruvá sé líkleg á svæðinu þótt óskufall geti að sjálfsögðu orðið eins og víðast á Íslandi. Hættusvæði eru sýnd á skýringaruppdrætti 3.

Markmið:

- **Byggð verði utan skilgreindra hættusvæða.**
- **Tryggja skal almannavarnir vegna mögulegra jarðskjálfta, eldgosa og flóða.**
- **Tryggja skal sem öflugast fjarskiptasamband um allt sveitarfélagið m.a. fyrir björgunar- og eftirlitsaðila.**
- **Tryggja skal upplýsingaflæði til íbúa og ferðamanna.**

Leiðir:

- *Veita upplýsingar varðandi náttúruvá og viðbragðsáætlanir gegn þeim.*
- *Tryggja öruggt fjarskiptasamband sem víðast á svæðinu, fyrir almenning og viðbragðsaðila svo hægt sé að vara við yfirvofandi hættu.*

²² (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013a)

Eftirfarandi verklagsreglur ættu að draga mjög úr tjóni í skjálftahrinum.

- Hafa skal að leiðarljósi að ekki verði byggt yfir þekktar jarðskjálftasprungur.
- Byggingar (íbúðarhús, útihús eða frístundahús) skulu ekki reistar undir hömrum eða hlíðum þar sem hætta kann að vera á grjóthruni eða skriðum í jarðskjálftum.

Eftirfarandi gildir um byggingar á svæðum sem skilgreind eru sem hættusvæði vegna flóða:

- Huga þarf vel að undirlagi bygginga og að þeim verði lyft upp fyrir þekkta flóðhæð.
- Ekki er heimilt að vera með kjallara á þekktum flóðasvæðum.

3 STEFNUMÖRKUN Í ÞÉTTBÝLI

Í grein 1.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er þéttbýli skilgreint sem „svæði sem afmörkuð eru sem þéttbýli í aðalskipulagi sveitarfélags annaðhvort út frá reiknireglunni um þyrpingu húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra eða með öðrum hætti eftir ákvörðun sveitarstjórnar“²³.

Tvö þéttbýli eru í sveitarfélaginu, Árnes og Brautarholt, og eru þau þjónustukjarnar sveitarfélagsins. Fjallað er um sameiginleg markmið sem gilda fyrir báða þéttbýlisstaðina í kafla 3.1 og um samgöngur í kafla 3.2. Fjallað er um verndarsvæði og minjar innan þéttbýlisstaðanna í kafla 2.7. Einnig er fjallað um svæði undir náttúruvæði í forsenduhefti aðalskipulagsins og í kafla 2.7.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að efla uppbyggingu innan þéttbýlis, bæði með fjölbreyttu lóðaframboði og öflugri atvinnustefnu. Í landsskipulagsstefnu er lögð áhersla á að skipulagsgerð miði að því að styðja og styrkja samfélagið með því að beina meginuppbyggingu inn í þá kjarna sem fyrir eru í sveitarfélaginu. Þá kemur fram í stefnunni að ákvarðanir um staðsetningu og hönnun mannvirkja skuli taka mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Við stefnumörkun fyrir Árnes og Brautarholt er það haft að leiðarljósi að styrkja þéttbýliskjarnana sem ákjósanleg svæði til búsetu og atvinnuuppbyggingar og sem viðkomustað ferðamanna jafnframt því að stuðla að skynsamlegri landnotkun á svæðinu í framtíðinni. Stefnt er að því að efla möguleika íbúa til fjarvinnu og styrkja um leið byggðina sem nýtur tiltölulega mikillar nálægðar við höfuðborgarsvæðið og einnig aðra þéttbýlisstaði á Suðurlandi. Þá er mikilvægt að við skipulag svæða og hönnun bygginga verði þess gætt að starfsemi geti þróast og breyst svo að hús og svæði nýtist til annarra nota en upphaflega var áætlað. Þannig er stuðlað að sveigjanleika og lífvænleika byggðarinnar.

3.1 MARKMIÐ FYRIR ÞÉTTBÝLISSTAÐINA

Hér er fjallað um sameiginleg markmið sem gilda fyrir báða þéttbýlisstaði sveitarfélagsins. Þessi markmið taka til atvinnusvæða, lóða, íbúðarbyggðar, íþróttasvæða og umhverfisins.

- **Atvinnusvæði**
 - Sköpuð verði ákjósanleg skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi, s.s. iðnað, úrvinnslu landbúnaðar-afurða, handverk, o.fl.
 - Sköpuð verði vinnuaðstaða fyrir lítil fyrirtæki og fólk í fjarvinnslu.
 - Unnið verði að uppbyggingu ferðaþjónustu í samvinnu við ferðaþjónustuaðila, landeigendur og íbúa í sveitarfélaginu, til að nýta til fullnustu þá möguleika sem þéttbýlisstaðirnir hafa sem úti- vistar- og ferðamannastaðir.
- **Lóðir og byggð**
 - Tryggt verði nægilegt framboð lóða undir fjölbreyttar stærðir íbúðarhúsnæðis og atvinnu- starfsemi.
 - Lögð er áhersla á samfellda og miðlæga byggð til að tryggja góða nýtingu lagna- og gatnakerfis.
 - Yfirbragð byggðar taki mið af núverandi byggð.
- **Íbúðarbyggð**
 - Stuðlað verði að stækkun núverandi íbúðarbyggðar með góðum tengslum við miðlæga þjón- ustu, skóla, íþrótt- og útivistarsvæði og í samfellu við núverandi byggð.
 - Lögð er áhersla á þéttingu byggðar og uppbyggingu á svæðum tengdum núverandi íbúðarbyggð og á auðum lóðum.
 - Komið verði til móts við mismunandi þarfir íbúa hvað varðar íbúða- og húsagerðir.
- **Íþróttasvæði**
 - Aðstaða til íþróttaiðkunar verði eflid.
- **Umhverfi**
 - Unnið verði að fegrun og aðgengi innan þéttbýlis með frágangi opinna svæða og frágangi gatna og göngustíga.

²³ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013a)

- Yfirbragð byggðar á hverjum stað taki mið af umhverfi sínu, ásýnd byggðar sé aðlaðandi og vand- að til frágangs lóða.

Sala á gistingu er heimil í samræmi við lög nr. 29/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, með síðari breytingum nr. 67/2016 og reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

3.2 SAMGÖNGUR Í ÞÉTTBÝLI

Samkvæmt 9. gr. vegalaga nr. 80/2007 eru sveitarfélagsvegir „...vegir sem ekki teljast þjóðvegir skv. 8. gr., eru í umsjá sveitarfélaga og ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar“.

Fjallað er sameiginlega um samgöngur á þéttbýlisstöðunum. Gatnakerfið er almennt einfalt í sniðum. Staðirnir eiga það sameiginlegt að stofnvegir liggja um þá. Húsagötur eru umferðagötur innan hvers hverfis og tengja þær byggðina við tengi- og/eða stofnvegi.

Markmið:

- **Bundið slitlag verði á öllum götum, unnið verði að frágangi gatna- og göngustíga og sett upp lýsing við götur.**
- **Stefnt skal að fækkun tenginga við stofnvegi, eins og unnt er, til að bæta umferðaröryggi.**
- **Göngu-, reið- og reiðhjólaleiðum í nágrenni þéttbýlisstaðanna verði fjölgað til að hvetja íbúa og gesti til útivistar.**
- **Bæta umferðaröryggi.**

Leiðir:

- *Gatnakerfi hvers þéttbýlisstaðar skal taka mið af umferðaröryggi, afkastagetu, umhverfi og bæjar- mynd.*
- *Net göngu-, reið- og hjólreiðastíga verði vandað og tengist útivistarsvæðum.*
- *Göngu- og hjólreiðastígar í þéttbýli séu malbikaðir.*
- *Skeiða- og Hrunamannavegur verði færður suður og austur fyrir þéttbýlið.*

Reiðleiðir

Reiðleiðir liggja meðfram stofnvegum um þéttbýlisstaðina. Reiðleiðir eru sýndar á þéttbýlisuppdráttum.

Gönguleiðir

Gönguleiðir liggja milli staða innan þéttbýlis og eins að útivistarsvæðum í jöðrum þeirra. Gönguleiðir eru sýndar á þéttbýlisuppdráttum.

Nánar er fjallað um samgöngur í kafla 2.5.

3.3 VERNDARSVÆÐI OG MINJAR Í ÞÉTTBÝLI

Fornleifastofnun Íslands vann árið 2017 að fullri heimildaúttekt (svæðisskráningu) minja í öllu sveitarfélaginu. Einnig var gerð aðalskráning fornminja í þéttbýlunum. Skráningin var unnin í tengslum við heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Þéttbýlin standa á jörðunum Húsatóftum og Skaftholti/Réttarholti og voru skráðir samtals 133 minjastaðir á jörðunum. Fjallað er um minjar í byggð í kafla 2.7. og þær sýndar á skýringaruppdráttum.

3.4 BYGGÐ

Sveitarstjórn leggur áherslu á að efla uppbyggingu innan þéttbýlis t.a.m. með nægu lóðaframboði. Markmiðið er að gera búsetu í sveitarfélaginu eftirsóknarverða og tryggja íbúum góð lífskilyrði. Í landskipulagsstefnu kemur fram að ákvarðanir um staðsetningu og hönnun mannvirkja skuli taka mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum.

Sett eru fram eftirfarandi markmið fyrir báða þéttbýlisstaðina:

Markmið:

- Efla þjónustuhlutverk þéttbýlis í Brautarholti og í Árnesi og þeirra stofnana sem þar eru svo að þjónustan nýtist íbúum og gestum sem best.
- Að Árnes eflist sem miðstöð verslunar, opinberrar þjónustu, menningarstarfsemi og stjórnsýslu.


3.4.1 Íbúðarbyggð

Í Árnesi er lögð áhersla á að bæta tengingar við aðalgötuna og þetta byggðina. Byggð er lágrest á 1-2 hæðum og flest húsin eru einbýlis- eða parhús. Tvö íbúðarsvæði eru norðan Skólabrautar og gert er ráð fyrir að stækka svæði ÍB7 og að það nái að Þjórsárdalsvegi og suður fyrir grunnskólann. Auk þess er bætt við nýju íbúðarsvæði á bökkum Kálfár norðan Gnúpverjavegar, ÍB8.

Í Brautarholti er íbúðarsvæðið samfellt og vegtengingar góðar. Byggð er lágrest á 1-2 hæðum og þar eru einbýlis, rað- eða parhús.

Leiðir:

- Stuðlað verði að þéttingu núverandi íbúðarbyggðar.
- Bæta tengingar við þjónustu- og útivistarsvæði og í samfellu við núverandi byggð.
- Gatnakerfið verði að jafnaði hannað þannig að hús geti staðið beggja vegna götu til að bæta nýtingu gatna- og veitukerfa.
- Komið verði til móts við mismunandi þarfir íbúa hvað varðar íbúða- og húsagerðir.
- Lögð er áhersla á uppbyggingu á svæðum tengdum núverandi íbúðarbyggð og á auðum lóðum.
- Byggð sé lágrest, hús verði ekki hærri en 2 hæðir.
- Nýtingarhlutfall lóða verði á bilinu 0,2 til 0,5.
- Skoðað verður hvort þörf sé á að setja verklagsreglur varðandi útleigu íbúðarhúsnæðis til ferðafólks.
- Yfirbragð byggðar á hverjum stað taki mið af umhverfi sínu, ásýnd byggðar sé aðlaðandi og vandað til frágangs lóða.



Mynd 6. Nýjar íbúðir í þéttbýlum 2000 – 2009.

Í þéttbýlum voru byggðar 22 íbúðir á árunum 2000 – 2009, 10 í Árnesi og 12 í Brautarholti.

Í Árnesi og Brautarholti til samans eru tæplega 40 óbyggðar lóðir skv. deiliskipulögum þéttbýlanna. Spá um fjölgun íbúa í sveitarfélaginu miðast við miðspá Hagstofu Íslands en þar er gert ráð fyrir 0,81% fjölgun íbúa á ári. Miðað við það verða á bilinu 660 - 670 íbúar í sveitarfélaginu við lok skipulagstímans en það þýðir að íbúum fjölgi um tæplega 80 manns. Þá sýnir aldursamsetning íbúa að fjölga mun í hópi eldri borgara á skipu-

lagstímabilinu og gera má ráð fyrir að hluti þeirra vilji flytja í hentugt húsnæði í þéttbýli. Loks má búast við íbúafjölgun í sveitarfélaginu, einkum í tengslum við uppbyggingu ferðaþjónustu, s.s. í Þjórsárdal. Því er nauðsynlegt að gera ráð fyrir nægu lóðaframboði í þéttbýliskjörnum.

Íbúðarbyggð í Brautarholti		
Nr.	Heiti	Lýsing
ÍB3	Holtabraut og Vallarbraut	Blönduð og lágrest byggð með rað-, par- og einbýlishúsum á 1-2 hæðum, mænishæð getur verið allt að 6,5 m. Nýtingarhlutfall er 0,4. Stærð svæðis er um 5 ha.

Íbúðarbyggð í Árnesi er við þrjár götur og er áhersla á að bæta tengingar og þetta byggð.

Íbúðarbyggð í Árnosi		
Nr.	Heiti	Lýsing
ÍB6	Bugðugerði	Blönduð byggð einbýlis-, rað- og parhúsa á 1-2 hæðum, mænishæð getur verið allt að 6,5 m. Nýtingarhlutfall rað- og parhúsalóða er 0,3-0,4. Stærð svæðis er um 2 ha.
ÍB7	Hamragerði og Heiðargerði	Lágreist einbýlishúsabyggð á 1-2 hæðum, mænishæð getur verið allt að 6,5 m. Gert er ráð fyrir stækkun eldri íbúðarbyggðar til suðurs að Þjórsárdalsvegi. Nýtingarhlutfall lóða fyrir einbýlishús er 0,35. Stærð svæðis er um 8 ha.
ÍB8	Íbúðarbyggð ofan Gnúpverjavegar	Nýtt svæði fyrir blandaða og lágreista íbúðarbyggð á 1-2 hæðum. Mænishæð getur verið allt að 6,5 m. Gert er ráð fyrir einbýlis-, rað- og parhúsum. Stærð svæðis er um 6 ha.

Líkleg áhrif af stefnubreytingu fyrir þéttbýlið í Árnosi voru metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins (kafli 4.3.13). Niðurstaða þess mats er eftirfarandi: Stefna um þéttbýlið í Árnosi hefur á heildina litið óveruleg eða jákvæð áhrif á umhverfisþætti. Helstu neikvæðu áhrifin af stefnunni varða öryggi gangandi vegfarenda frá íbúðarsvæði norðan Gnúpverjavegar. Líkur eru á að með stækkun þéttbýlisins og fjölgun íbúðarlóða muni íbúum fjölga í sveitarfélaginu. Landsskipulagsstefna leggur áherslu á að styrkja þá kjarna sem fyrir eru og stefnan samræmist því. Þá samræmist stefnan einnig stefnu sveitarstjórnar um að stækka núverandi íbúðarbyggð en haldið verði góðum tengslum við miðsvæði.

Áhrif stefnunnar á náttúru og þá einkum á gróður eru **óveruleg** en samkvæmt flokkun landbúnaðarlands, sem fer fram samhliða enduskoðun aðalskipulagsins, er svæðið í flokki III og IV og því ekki hentugt til ræktunar. Áhrif á ásýnd eru metin **óveruleg** þar sem svæðin eru nálægt núverandi byggð. Allar byggingar hafa áhrif á náttúrulegt landslag en þau eru metin **óveruleg** vegna nálægðar við núverandi byggð og þeirra áhrifa sem þegar hafa orðið vegna hennar. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð** og þá einkum til þéttingar byggðar og á íbúabróun. Með því að bæta við íbúðarsvæðum og stefna að þéttingu byggðarinnar er komið til móts við þörf fyrir íbúðarhúsnæði m.v. áætlaða íbúafjölgun á skipulags-tímabilinu. Áhrif á samgöngur eru metin **jákvæð** þar sem lagðar verða nýjar götur og gangstígar innan þéttbýlisins sem miða að því að gera samgöngur skilvirkar innan þéttbýlisins. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **jákvæð** en stækkun þéttbýlisins og tilkoma göngustíga geta aukið möguleika íbúa til útivistar. Hins vegar geta áhrifin verið **neikvæð** að því leiti að líklegt er að umferð komi til með að aukast og það hefur neikvæð áhrif á loftgæði. Áhrif á minjar eru metin **óviss** en minjar innan þéttbýlisins gætu orðið fyrir áhrifum af völdum stefnunnar.

3.5 ATVINNUSVÆÐI

Ýmiskonar atvinnustarfsemi er í þéttbýlinu en staðirnir munu eflast sem þjónustumiðstöð fyrir nærumhverfið og ferðafólk.

3.5.1 Landbúnaðarsvæði

Landbúnaðarsvæði í Árnosi er fyrst og fremst hugsað fyrir íbúðarhús á 1-2 hæðum á rúmum lóðum, 1 – 3 ha að stærð. Stærð svæðis er um 18 ha. Nánar er fjallað um landbúnaðarsvæði og byggingar á þeim í kafla 2.3.1.

3.5.2 Verslun og þjónusta

Verslun og þjónusta hefur verið að eflast undanfarin ár og verða fjölbreyttari. Í Árnosi eru verslun og nokkur gistiheimili. Í Brautarholti er gistiheimili. Nýtingarhlutfall fyrir verslun- og þjónustu er að jafnaði 0,3-0,5.

Verslun- og þjónusta		
Nr.	Heiti	Lýsing
VP4	Gistiheimili í Brautarholti	Á svæðinu er gistiheimili með 4 gistirými og gistingu fyrir 16 <u>gestimanns</u> . Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu vegna ferðaþjónustu á svæðinu. Hús geta verið á 1-3 hæðum og mænishæð að hámarki 10 m. Nýtingarhlutfall má vera allt að 1,0. Stærð svæðis um 2 ha.

VÞ11	Gistiheimili í Árnesi	Á svæðinu er gistiheimili með 14 gistirými og gistingu fyrir 40 gestimanns auk sundlaugar. Gert er ráð fyrir byggingu hótels með allt að 70 gistirýmum herbergjum á allt að 3 hæðum. Nýtingarhlutfall lóðar er 0,8, og mænishæð má vera allt að 12 m skv. deiliskipulagi . Stærð svæðis er um 1 ha.
VÞ12	Verslun í Árnesi	Á svæðinu er verslun og eldsneytisafgreiðsla. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu. Stærð svæðis er um 1 ha.
VÞ13	Réttarholt A	Samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrir allt að 30 litlum gistihúsum á svæðinu auk þjónustuhúss. Stærð svæðis er allt að 2 ha.
VÞ14	Réttarholt	Svæðið er ætlað til framtíðarnota til uppbyggingar fyrir ferðapjónustu, s.s. veitinga- og gistiþjónustu í allt að 30 gistirýmum herbergjum . Stærð svæðis er allt að 6 ha.

3.5.3 Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Ferðamönnum fjölgar ár frá ári og mikilvægt er að þeir dvelji sem lengst innan marka sveitarfélagsins til að nýta þá þjónustu og afþreyingu sem í boði er.

Afþreyingar og ferðamannasvæði		
Nr.	Heiti	Lýsing
AF1	Tjaldsvæði í Brautarholti	Á svæðinu er tjaldsvæði og þjónusta við tjaldgesti. Gert er ráð fyrir að tjaldsvæðið verði fært syðst í þéttbýlið. Stærð svæðisins er um 1 ha.
AF5	Tjaldsvæði í Árnesi	Á svæðinu er tjaldsvæði og þjónusta við tjaldgesti. Stærð svæðis er um 2 ha.

3.5.4 Samfélagsþjónusta

Mannvirki tengd samfélagsþjónusta eru m.a. skólar, leikskóli og félagsheimili. Mannvirki geta verið á 1-3 hæðum. Svæði fyrir opinberar stofnanir í þéttbýlunum eru eftirfarandi:

Samfélagsþjónusta		
Nr.	Heiti	Lýsing
S2	Leikskóli og sundlaug í Brautarholti	Á svæðinu er íþróttahús, leikskóli, bókasafn og sundlaug. Gert er ráð fyrir viðhaldi mannvirkja. Stærð svæðis er um 1 ha.
S3	Félagsheimili í Árnesi	Á svæðinu er félagsheimili og skrifstofur sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir viðhaldi mannvirkja. Stærð svæðis er um 1 ha.
S4	Þjórskóli	Á svæðinu er grunnskóli og íþróttamannvirki. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu. Stærð svæðis er um 1,5 ha.

3.5.5 Íþróttasvæði

Íþróttavöllur er í Árnesi. Gert er ráð fyrir að bæta og efla aðstöðu til íþróttaiðkana eftir því sem þörf krefur.

Íþróttasvæði		
Nr.	Heiti	Lýsing
ÍÞ1	Íþróttavöllur í Árnesi	Íþróttavöllur með frjálsíþróttaaðstöðu og knattspyrnuvelli. Stærð svæðis er um 2 ha.

3.5.6 Athafnasvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er athafnasvæði skilgreint sem svæði þar sem „skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Almenn skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði“.

Í Árnesi er athafnasvæði sunnan við Þjórskóla veg þar sem er m.a. starfsstöð Brunavarna Árnessýslu.

Athafnasvæði		
Nr.	Heiti	Lýsing
AT1	Athafnasvæði í Árnosi	Athafnasvæði sunnan við Þjórárdalsveg. Svæðið er deiliskipulagt fyrir 26 lóðir. Gert er ráð fyrir hreinlegri starfsemi. Stærð svæðis er um 16 ha.

3.5.7 Iðnaðarsvæði

Borhola er í Brautarholti og jarðhitinn er nýttur til húshitunar og fyrir sundlaug. Þar er einnig gámasvæði fyrir sorp, hreinsivirki fyrir þéttbýlið og spennistöð. Í Árnosi er spennistöð og fjarskiptamastur.

Iðnaðarsvæði		
Nr.	Heiti	Lýsing
I5	Hreinsivirki í Brautarholti	Á svæðinu er hreinsivirki fyrir fráveitu. Stærð svæðis er um 700 m ² .
I6	Sorpmóttaka í Brautarholti	Deiliskipulag gerir ráð fyrir þremur lóðum fyrir atvinnustarfsemi. Á svæðinu er móttökusvæði fyrir sorp og heimilt er að byggja móttökukhús. Hús geta verið á 1-2 hæðum og nýtingarhlutfall svæðisins er allt að 1,0. Stærð svæðis er um 1 ha.
I7	Borhola í Brautarholti	Á svæðinu er borhola fyrir hitaveitu og dæluhús. Stærð svæðis er um 0,5 ha.
I8	Spennistöð í Brautarholti	Á svæðinu er spennistöð RARIK. Stærð svæðis er um 0,5 ha.
I11	Hreinsivirki og spennistöð í Árnosi	Á svæðinu er hreinsivirki fyrir fráveitu. Stærð svæðis er um 500 m ² .
I12	Spennistöð í Árnosi	Á svæðinu er spennistöð RARIK, tækjahús, fjarskiptamastur og sjálfvirk símstöð. Stærð svæðis er um 0,5 ha.

3.5.8 Opin svæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru opin svæði skilgreind sem „svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar“.

Markmið:

- Lögð er áhersla á að efla möguleika á sviði útivistar.

Leiðir:

- Unnið verður að fjölgun göngu- reið- og hjólaleiða.
- Áningarstöðum á gönguleiðum verði fjölgað.
- Auðveldað verði aðgengi að opnum svæðum, m.a. með góðu skipulagi og leiðbeiningum.

Í tengslum við íbúðarbyggð er gert ráð fyrir opnum svæðum sem hugsuð eru til gönguferða og annarrar útivistar. Gert er ráð fyrir að helstu stígar séu malarbornir og sett upp borð og bekkir eftir því sem við á.

Opin svæði		
Nr.	Heiti	Lýsing
OP1	Opið svæði í Brautarholti	Svæðið er hugsað fyrir útivist. Stærð svæðis er um 5 ha.
OP2	Reykjanes í Árnosi	Svæðið er hugsað fyrir útivist. Stærð svæðis er um 28 ha.
OP3	Skógrækt í Réttarholti	Skógræktarsvæði sem hugsað er fyrir útivist. Stærð svæðis er um 7 ha.

3.6 VEITUR

Umfjöllun um veitur í þéttbýlunum er í kafla 2.6

4 STEFNUMÖRKUN Á HÁLENDI

Gnúpverjafréttur og Flóa- og Skeiðamannafréttur eru upprekstrarlönd bænda í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi. Einnig er veiði stunduð þar í einhverjum mæli. Einhver umferð er um svæðið þar sem ferðafólk sækir í náttúru landsins. Þá er unnið að uppgræðslu, m.a. í tengslum við gæðastýringu í sauðfjárrækt. Hluti hálendisins er friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá.

Fyrir liggur, skv. skipulagslögum nr. 123/2010, að sveitarstjórnir skuli annast gerð svæðis- aðal- og deiliskipulagsáætlana skv. 3 gr. laganna og í 4 gr. að hlutverk Skipulagsstofnunar sé m.a. að aðstoða sveitarfélög og leiðbeina við gerð skipulagsáætlana. Í 10. gr skipulagslaga nr. 123/2010 segir m.a. „Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Telji sveitarstjórn að ekki beri að taka mið af samþykktri landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlunar skal hún gera rökstudda grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send Skipulagsstofnun.“ Stuðlað skal að verndun hálendissvæða með sérstöðu þess að leiðarljósi og áhersla er á að mannvirki skerði víðerni sem minnst.

Afmörkun miðhálendisins er skilgreind í landsskipulagsstefnu og fylgir hún þeirri afmörkun sem ákveðin var við gerð Svæðisskipulags Miðhálendisins. Markmið með hálendislínu Svæðisskipulags Miðhálendis var að draga línu milli heimalanda og afrétta. Það misræmi sem er á milli hálendislínu landsskipulagsstefnunnar og þjóðlendlínu skýrist af mismunandi mælikvarða sem notaður var við afmörkun svæða. Sveitarfélög geta lagt til breytingar á markalínu miðhálendis skv. landsskipulagsstefnu enda feli breytingin í sér að endurskoðuð markalína afmarki betur náttúrufarslega heild hálendisins.

Í gildandi aðalskipulagi voru mörk hálendis dregin með beinni línu frá Þjórsá yfir í Stóru-Laxá. Að mati sveitarstjórnar er eðlilegt að afmörkun hálendis sveitarfélagsins fylgi afmörkun þjóðlendna, sem unnin var skv. úrskurði Óbyggðanefndar í málum nr. 6/2000 og 7/2000. Sú afmörkun fylgir betur náttúrulegum mörkum milli hálendis og láglandis og fylgir betur mörkum eignarlanda en sú lína sem dregin er skv. svæðisskipulaginu. Eðlilegt er, að mati sveitarstjórnar, að eignarlönd tilheyri láglandishluta sveitarfélagsins auk þess sem ákveðið hagræði er að því að skipulagsmörk fylgi mörkum eignarlanda.

Sveitarstjórn vill breyta mörkum milli byggðar og hálendis og fylgja þjóðlendlínu þar sem afmörkun hennar er nákvæmari en sú lína sem mörkuð er í Svæðisskipulagi Miðhálendis 2015 auk þess sem hún afmarkar betur láglandi og hálendi út frá náttúrufari. Ef fylgt er markalínu í gildandi aðalskipulagi þá sker sú lína í sundur tvær þjóðlendur.

Hálendislínan er sýnd á skipulagsuppdráttum og fjallað er um þjóðlendur í kafla 2.5 í forsenduhefti.

Markmið:

- Leitast verður við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins.
- Svæðið er afréttarland og verður áfram nýtt til beitar með áherslu á sjálfbæra nýtingu.
- Stefnt er að sjálfbærri nýtingu hálendisins til útivistar og ferðaþjónustu.
- Stefnt er að betra öryggi á hálendissvæðum sveitarfélagsins.
- Unnið verði að friðlýsingu Kerlingarfjallasvæðisins.
- Áhersla er lögð á viðhald helstu vega.

Leiðir:

- Uppbygging, endurbætur og viðhald vega og bygging mannvirkja taki mið af umhverfinu og falli sem best að landi.
- Unnið verður að sjálfbærri gróðurframvindu og endurheimt náttúrulegra vistkerfa.
- Áfram verður unnið að uppgræðsluverkefnum í samræmi við gæðastýringu í sauðfjárrækt.
- Veiðar verði áfram stundaðar með ábyrgri nýtingu og umgengni um landið.
- Byggingar skulu vera lágreistar, falla vel að landi og halda skal innbyrðis samræmi húsa þar sem það á við.

- Við endurbyggingar/nýbyggingar verður tekin afstaða til þess hvort halda skuli í ásýnd eldri byggðar eða móta nýja ásýnd sem fellur betur að umhverfi.
- Unnið verður að bættu fjarskiptasambandi á hálendinu.
- Bæta þarf öryggi á hálendissvæðum m.a. með mögulegu aðgengi að húsum og mannvirkjum utan hefðbundins rekstartíma til að leita þar skjóls.

Að öðru leyti er vísað í ákvæði tiltekinna landnotkunarflokka varðandi nánari útlistun á nýtingu afréttarins.

Helstu breytingar sem fyrirhugaðar eru á hálendinu snúa að friðlýsingu Kerlingarfjallasvæðisins, sem er í ferli. Stuðlað er að verndun óbyggðra víðerna með því að setja hluta hálendisins undir hverfisvernd sbr. kafla 4.5.2. Helstu fjallaskálar eru skilgreindir sem afþreyingar- og ferðamannasvæði sbr. kafla 4.1.1. Þá hefur friðland Þjórsárvera verið stækkað og er breytt afmörkun sýnd á skipulagsupprætti.

4.1 ATVINNUSVÆÐI

4.1.1 Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er afþreyingar- og ferðamannasvæði skilgreint sem „svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar“.

Fjallað er um markmið og leiðir fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði í kafla 2.3.4.

Í þessum landnotkunarflokk eru helstu fjallaskálar á afréttum. Í landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að ferðaþjónusta verði eflað en um leið verði varðveitt þau gæði sem eru undirstaða hennar. Uppbygging ferðamannaáðstöðu á miðhálendinu stuðli að góðri aðstöðu ferðamanna, en jafnframt verði gætt að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar²⁴. Svæði sem flokkuðust sem fjallasel í Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 eru skilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í samræmi við skipulagsreglugerð. Gljúfurleit fellur undir skilgreiningu skálasvæða skv. landsskipulagsstefnu. Skálasvæði eru í góðu vegasambandi. Gert er ráð fyrir gistingu í gistiskálum auk tjaldsvæða, fræðslu og eftirlits. Möguleiki er á einhverri starfsemi yfir vetrartímum. Aðrir skálar á hálendinu falla undir skilgreiningu fjallasels samkvæmt landsskipulagsstefnu. Þjónustustarfsemi felst í rekstri gistiskála og tjaldsvæðis auk fræðslu og eftirlits.

Gert er ráð fyrir svigrúmi á öllum afþreyingar- og ferðamannasvæðum til að viðhalda núverandi mannvirkjum eða reisa ný í stað þeirra sem nú eru, að undangengnu deiliskipulagi, einnig er heimild fyrir snyrtingu. Við endurgerð bygginga á hálendinu eða nýbyggingar verður metið hvort halda skuli í núverandi ásýnd og yfirbragð svæðis eða hvort horft verði til breyttrar ásýndar, m.a. til að aðlaga mannvirki betur að umhverfi. Í skálasvæðum og fjallseljum er almennt gert ráð fyrir að aðbúnaður og aðstaða gesta verði bætt, enda er hluti skála frekar frumstæður.

Núverandi og ný afþreyingar- og ferðamannasvæði skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar í kafla **Error! Reference source not found.**, eftir því sem við á. Ganga skal vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi. Ganga þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.

Fjallað er um þjónustu og hugsanlega uppbyggingu á hverjum stað í eftirfarandi töflu:

Afþreyingar- og ferðamannasvæði		
Nr.	Heiti	Lýsing
AF17	Klettur	Fjallasel. Á svæðinu er hesthús og svefnskáli með gistiþlássi er fyrir 24 manns. Þar er einnig hestagerði. Stærð svæðis er allt að 1 ha.
AF18	Hallarmúli	Fjallasel. Á svæðinu er hesthús og gangnamannahús með gistiþlássi fyrir 20 manns. Stærð svæðis er allt að 1 ha.
AF19	Sultarfit	Fjallasel. Á svæðinu er hesthús og svefnskáli. Gistiþláss fyrir 20 manns.

²⁴ (Alþingi Íslands, 2016).

AF20	Skeiðamanna- fit	Fjallasel. Á svæðinu er svefnskáli og gistiþláss fyrir 10 manns. Stærð svæðis er allt að 1 ha.
AF21	Gljúfurleit	Skálasvæði. Á svæðinu er hesthús og gangnamannahús, gistiþláss fyrir 20 manns. Stærð svæðis er allt að 1 ha.
AF22	Bjarnalækjar- botnar	Fjallasel. Gangnamannahús og hesthús. Gistiþláss fyrir 22 manns. Stærð svæðis er allt að 1 ha.
AF23	Tjarnarver	Fjallasel. Tvö hús eru á svæðinu, í öðru er gistiþláss fyrir um 6 – 8 manns og í hinu geta gist um 16 manns. Einnig er hesthús á staðnum. Stærð svæðis er allt að 1 ha.
AF24	Setur	Fjallasel. Á svæðinu er svefnskáli og gistiþláss fyrir um 65 manns. Á staðnum er fjarskiptamastur. Stærð svæðis er allt að 1 ha.

4.1.2 Iðnaðarsvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er iðnaðarsvæði skilgreint sem „svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitu-stöðvar, skólþælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurð-unarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni“.

Markmið:

- Áfram verði stunduð orkuvinnsla í sveitarfélaginu í sátt við umhverfið og án þess að ganga á svæði með verndargildi.

Eitt svæði er skilgreint sem iðnaðarsvæði á hálendinu, auk þess er Þjórsárlón sýnt sem miðlunarlón:

Iðnaðarsvæði		
Nr.	Heiti	Lýsing
I17	Sultartanga- virkjun	Virkjun, lokumannvirki og tengivirki ásamt miðlunarlóni, Sultartangalóni. Uppsett afl er allt að 130 MW. Stærð svæðis er um 85 ha.
	Þjórsárlón	Miðlunarlón og stífla. Lónið er hluti af Kvíslaveitu og er um 3,5 km ² að stærð.

4.1.3 Skógrækt og landgræðsla

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru skógræktar- og landgræðslusvæði skilgreind sem „svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu“.

Markmið:

- Sé þess þörf verði unnið að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða, m.a. með landgræðslu.
- Unnið verði að stöðvun landbrots af völdum fallvatna ef þurfa þykir.

Flóa- og Skeiðamannaafréttur og Gnúpverjaafréttur eru með staðfesta landbótaáætlun vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt í samræmi við reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu nr. 1160/2013. Stefnt er að því að halda þeirri vottun eða annarri sambærilegri. Unnið er að uppgræðslu á afréttunum á vegum Landbótafélags Gnúpverja. Þau svæði sem unnið hefur verið á eru ekki afmörkuð sérstaklega, enda er breytilegt á milli ára á hvaða svæðum er unnið. Ekki þarf að breyta aðalskipulagi til að skilgreina ný landgræðslusvæði svo fremi að afmörkun þeirra hafi ekki neikvæð áhrif á verndarsvæði eða minjar. Áfram verður unnið að uppgræðslu og gripið til frekari beitarstýringar gerist þess þörf

Eftirfarandi landgræðslusvæði er á afréttinum:

Landgræðslusvæði		
Nr.	Heiti/jörð	Lýsing

SL20	Hafið	Landgræðslusvæði, uppgræðsla í samvinnu sveitarfélagsins, Landsvirkjunar og Landgræðslunnar. Svæðið er um 690 ha að stærð og er nýtt til haustbeitar. Hluti svæðisins tilheyrir byggðahluta sveitarfélagsins sjá kafla 2.3.2.
-------------	-------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

4.1.4 Stakar framkvæmdir

Undanfarin ár hefur verið eftirspurn eftir því að byggja stök mannvirki sem ekki tengjast beint þeirri landnotkun sem skilgreind er á viðkomandi svæði. Þetta á t.d. við um fjarskiptamöstur, örvirkjanir og þjónustuhús.

Heimilt er að ráðast í stakar framkvæmdir á óbyggðum svæðum án þess að skilgreina sérstaka landnotkun í aðalskipulagi, eins og nánar er lýst hér á eftir. Þetta gildir t.d. fyrir fjarskiptamöstur og örvirkjanir. Þá verður heimilt að útbúa áningarstaði, t.d. í tengslum við göngu- og reiðleiðir eða útsýnissvæði.

Á óbyggðum svæðum er heimilt, að undangengnu deiliskipulagi eða grenndarkynningu að byggja stök mannvirki án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Þá skal einnig sækja um framkvæmdaleyfi þar sem það á við. Framkvæmdaaðili skal leggja fram til sveitarstjórnar afstöðumynd eða drög að deiliskipulagi þar sem fyrirhugaðri framkvæmd er lýst, til að hægt sé að taka afstöðu til hvort vinna skuli deiliskipulag eða leggja fram gögn til grenndarkynningar. Gert er ráð fyrir að í hverju tilfelli verði lagt mat á líkleg áhrif á landslag, verndarsvæði, náttúru og minjar og samfélag. Huga þarf vel að sýnileika slíkra bygginga og mögulega hljóðmengun. Þá skal leitast skal við að staðsetja stök mannvirki þar sem þau skerða ekki víðerni. Í öllum tilfellum skal afla tilskilinna leyfa, s.s framkvæmda- eða byggingaleyfis frá sveitarstjórn.

Eftirtaldir framkvæmdir eru heimilar á hálendi án þess að afmarka sérstaka landnotkun:

- **Fjarskiptamöstur.** Á óbyggðum svæðum er heimilt að reisa allt að 20 m há möstur ásamt nauðsynlegu aðstöðuhúsi allt að 20 m², lögnum og vegum að þeim.
- **Örvirkjanir.** Á óbyggðum svæðum er heimilt að reisa örvirkjanir (allt að 100 kW) í tengslum við þjónustustarfsemi sem liggur fjarri almennum veituleiðum, s.s. til að sjá farsímasendum fyrir umhverfisvænni raforku.
- **Hitaveita.** Heimilt er að virkja heitt vatn (borholur), allt að 2.500 kW.
- **Neysluvatn.** Heimilt er að nýta, m.a. með borun, kalt vatn, þar sem ekki er um eftirlitsskylda starfsemi að ræða, sbr. 12. gr. reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001.
- **Þjónustuhús og kynningaraðstaða.** Heimilt er að útbúa áningarstaði við vegi/slóða, göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir, þ.e. meginleiðir sem sýndar eru í aðalskipulagi. Á slíkum stöðum er heimilt að setja upplýsingaskilti og byggja allt að 20 m² þjónustuhús sem getur t.d. verið snyrtiaðstaða og/eða aðstaða fyrir eftirlitsaðila. Þá er heimilt að hafa áningarhólf fyrir hesta á hentugum stöðum í tengslum við reiðleiðir.

Að jafnaði skulu lóðir skilgreindar undir stök mannvirki. Lóðastærðir skulu taka mið af umfangi mannvirkis og starfsemi og að jafnaði ekki fara yfir 1,0 ha.

Þar sem stök mannvirki eru byggð skal ganga vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi (sbr. kafla **Error! Reference source not found.**). Gangu þarf vel frá lögnum, s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.

Fyrir umfangsmeiri starfsemi skal skilgreina sérstaka landnotkun í aðalskipulagi.

4.1.5 Efnistöku- og efnislosunarsvæði

Gerð er grein fyrir efnistöku- og efnislosunarsvæðum, m.a. markmiðum og leiðum í kafla 2.2.9. Eftirfarandi staðir á hálendi eru skilgreindir sem efnistökusvæði:

Efnistöku- og efnislosunarsvæði				
Nr.	Heiti	Lýsing	Magn m ³ (allt að ...)	Stærð ha (allt að ..)
E36	Sandafell	Malarnáma	5.000	1

E37	Sandafell	Malarnáma	5.000	1
E38	Reykholt	Vikurnáma	5.000	1
E39	Skáldabúðarheiði	Malarnáma	5.000	1
E40	Skáldabúðarheiði	Malarnáma	5.000	1
E41	Hallarmúli	Malarnáma	5.000	1
E42	Langalda	Malarnáma	5.000	1
E43	Svartárver	Malarnáma	5.000	1
E44	Fossölduver	Malarnáma	5.000	1

4.2 ÓBYGGÐ SVÆÐI EÐA SVÆÐI MEÐ TAKMÖRKUNUM

4.2.1 Óbyggð svæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru óbyggð svæði skilgreind sem „svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum“.

Í landskipulagsstefnu segir að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálendisins sem minnst.

Stærsti hluti óbyggðra svæða eru afréttir þar sem er sumararbeit sauðfjár. Stór hluti óbyggðra svæða nýtur einhvers konar verndar, samhliða því að þar er stunduð landgræðsla, bæði í formi uppgræðslu og beitarstýringar. Ferðamennska á afréttinum byggir m.a. á núverandi vegslóðum sem eru í misjöfnu ástandi. Þá eru leitarmannahús og fjallaskálar nýtt til gistingar.

Markmið:

- Landeigendum verði áfram tryggður nytja- og beitarréttur á afréttum.
- Áfram verður stunduð ábyrg beitarstjórnun á afréttum.
- Stuðlað verði að vistvænni nýtingu á afréttum.

Leiðir:

- Heimilaður er upprekstur á afrétti og aðrar þær nýttar sem landeigendur hafa haft af afréttum.
- Hófleg beit verði áfram á afréttum í samræmi við gæðastýringu í sauðfjárrækt.
- Tryggja þarf betra farsímasamband á hálendissvæðum sveitarfélagsins.
- Heimil er bygging örvirkjana til að sjá farsímasendum fyrir umhverfisvænni raforku.

Landnotkunin óbyggð svæði er ríkjandi landnotkun á afrétti og fer víðast saman með mismunandi verndarsvæðum, s.s. náttúruvernd eða hverfisvernd. Beitarnot eru almennt heimil á óbyggðum svæðum, en beitarnýting eru þau landnot sem eiga sér lengsta hefð á hálendinu. Í samvinnu við Landgræðsluna er unnið að beitarstjórn.

Heimilt er að reisa stök mannvirki á óbyggðum svæðum, eins og lýst er í kafla 2.3.8.

4.3 SAMGÖNGUR

Vegir á hálendi Skeiða- og Gnúpverjahrepps flokkast sem landsvegir eða slóðar.

Markmið:

- Vegum að áhugaverðum stöðum verði viðhaldið.
- Hugað verði sérstaklega að „grænum“ samgöngumáta í þeim tilgangi að fjölga möguleikum til útivistar, m.a. með göngu-, reið- og hjólaleiðum.
- Umferð valdi ekki spjöllum á gróðurlendi, sögu- eða náttúruminjum.

Leiðir:

- Á verndarsvæðum og óbyggðum svæðum verða vegir felldir sem best að landslagi.

- *Aðskilja sem mest umferð vélknúinna ökutækja frá gangandi og ríðandi umferð.*

Samkvæmt landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að sveitarfélög á miðhálandinu geri „grein fyrir og marki stefnu um þjóðvegi, þ.e. stofnvegi og landsvegi, í aðalskipulagi í samráði við Vegagerðina. Jafnframt geri þau grein fyrir og marki stefnu um aðra vegi en þjóðvegi á miðhálandinu í aðalskipulagi í samræmi við lög um náttúruvernd“²⁵. Í landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að vegaframkvæmdum á hálandinu verði haldið í lágmarki, möskvar vegakerfisins verði sem stærstir og að hönnun allra vega taki mið af náttúruvernd, sérstaklega m.t.t. landslags, víðerna og verndar viðkvæmra svæða. Við endurbyggingu vega verði þess gætt að laga þá eftir föngum að landi.

Í kafla 1.3 í landsskipulagsstefnu kemur fram að vegir á hálandi séu stofnvegir eða landsvegir. Þá kemur einnig fram að í svæðisskipulagi miðhálandisins var skilgreint net fjallvega sem svaraði til landsvega. Þeir skulu „að jafnaði vera ruddir eða ofaníbornir vegir þar sem hættulegustu ár væru brúaðar“.

Engin stofnvegur er á afréttunum en meginleiðin liggur frá Þjórsárdalsvegi við Sultartangavirkjun og inn með Þjórsá og inn í Setur.

Í samræmi við 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 þá hefur sveitarfélagið flokkað vegi á hálandinu þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Flokkun vega er sýnd á skýringaruppdrætti nr. 6.

Vegir um hálandið flokkast ýmist sem landsvegir eða sem slóði.

Landsvegir	
Heiti	Lýsing
Vegur norðan, austan og sunnan Kerlingarfjalla	Fjallvegur sem liggur frá Hveradölum norðan og síðan austan og sunnan Kerlingarfjalla, inn á veg um Hrunamannafrétt í Leppistungum. Liggur að hluta til innan marka Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Gert er ráð fyrir lágmarksviðhaldi vegar, verður áfram torleið en hugað að viðkvæmum pörtum leiðar, m.a. til að draga úr hættu á utanvegaakstri.
Gljúfurleit	Vegur frá Sultartangavirkjun og inn með afréttinum austanverðum, skiptist svo er kemur inn fyrir Norðlingaöldu og liggur inn í Tjarnarver annars vegar og Setur hins vegar. Af þessum vegi liggur vegur frá Bjarnalækjarbotnum til vesturs að sveitarfélagamörkum. Gert er ráð fyrir lágmarksviðhaldi vegarins til að draga úr hættu á utanvegaakstri.
	Vegur frá Hallarmúla inn eftir afréttinum vestanverðum inn á Sultarfit og skiptist þar annars vegar inn á Skeiðamannafit og hins vegar áfram inn eftir afréttinum og tengist vegi sem liggur frá Bjarnalækjarbotnum. Gert er ráð fyrir lágmarksviðhaldi vegarins til að draga úr hættu á utanvegaakstri.
	Línuvegur með Sultartangalínu 1 og 3 liggur frá Háafossvegi og þvert yfir afréttinn að sveitarfélagamörkum. Gert er ráð fyrir lágmarksviðhaldi vegarins til að draga úr hættu á utanvegaakstri.

Auk þess er nokkur fjöldi slóða á hálandinu og í byggð sem sýndir eru til skýringar á skipulagsuppdrætti en ekki taldir upp hér. Einnig má sjá vegi með takmörkunum á skýringaruppdrætti nr. 6.

4.3.1 Gönguleiðir

Sprengisandsleið er talin hafa legið frá Skriðufelli í Þjórsárdal og norður í Mýri í Bárðardal og var leiðin vörðuð á árunum 1904 – 1906. Árið 2002 var hafist handa



Mynd 7. Varða í Þjórsárdal á gömlu Sprengisandsleiðinni.

²⁵ (Alþingi Íslands, 2016).

við að endurhlaða vörður á Gnúpverjaafretti eða frá Skriðufelli að Sóleyjarhöfðavaði á Þjórsá. Á þessari leið eru 425 vörður og lauk verkinu árið 2006²⁶.

Svokallaðar Fossagöngur eru gönguleiðir að fossunum Gljúfurleitafoosi, Dynk og Kjálkaversfossi í Þjórsá. Á afréttunum er einnig skilgreind gönguleið um Kerlingarfjallasvæðið, Hringbrautin, og liggur hún að hluta til í sveitarfélaginu.

Gönguleiðir á afréttum eru sýndar á skipulagsupprætti og á skýringarupprætti nr. 4.

4.4 VEITUR

Gerð er grein fyrir veitum í kafla 2.5.

4.5 VERNDARSVÆÐI OG MINJAR

Samkvæmt landsskipulagsstefnu er miðað við að stefna um verndun víðerna og náttúrugæða „verði eftir því sem við á útfærð með hverfisvernd í skipulagsáætlunum m.a. þannig að í aðalskipulagi verði þau svæði hverfisvernduð sem tilgreind eru í verndarflokki rammaáætlunar og náttúruverndaráætlun“.

Nánar er fjallað um verndarsvæði og minjar í kafla 2.7.

4.5.1 Náttúruverndarsvæði

Friðlýst svæði á hálendi eru eftirfarandi:

Friðlýst svæði	
Heiti	Lýsing
Þjórsárver	Svæðið er verndað samkvæmt samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (sbr. Ramsar sáttmálinn). Vernda skal líffræðilega fjölbreytni, vatnafar og vistgerðir með áherslu á rústamýrarvist sem telst vera alþjóðlega verndarþurfi skv. ákvæðum Bernar-samningsins. Á tímabilinu 1. maí til 10. júní er umferð um varplönd heiðargæsar bönnuð. Flug neðan 3.000 feta hæðar yfir friðlandinu utan jökuls er óheimilt á tímabilinu 10. maí til 10. ágúst. Þjórsárver voru fyrst friðlýst árið 1981 og svæðið stækkað talsvert árið 2017. Markmiðið er að tryggja víðtæka og markvissa verndun gróðurlendis Þjórsárvera, vistkerfi, varpstöðvar, víðerni, landslagsheild og menningarminjar. Stærð svæðisins er 1.563 km ² .

Svæði á náttúruminjasrá

Eftirtalin svæði á hálendi eru á náttúruminjasrá:

Svæði á náttúruminjasrá		
Nr.	Heiti	Lýsing sbr. náttúruminjasrá
732	Kerlingarfjöll	Fjallaklasi milli Kerlingaröldu og Rauðkolla að sunnan og Skeljafells, Ásgarðsfjalls og Þverfells að norðan. Að vestan liggja mörk um Bringur, en að austan um Kisubotna og Mosdal. Stórbrotið og litríkt landslag, mikill jarðhiti. Vinsælt úti-vistarsvæði. Unnið er að friðlýsingu svæðisins í samstarfi við Hrunamannahrepp og Umhverfisstofnun. Hluti friðlýsta svæðisins verður innan marka sveitarfélagsins.

Önnur náttúruvernd

Í 46 gr. náttúruverndarlaga er fjallað um að heimilt sé að friðlýsa óbyggð víðerni og þá með það að markmiði að varðveita og viðhalda einkennum svæðisins. Í lögnum eru óbyggð víðerni skilgreind sem: „svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og í a.m.k. 5 km fjarlægð

²⁶ (Ingibjörg Sveinsdóttir, 2014).

frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum²⁷.

Landsskipulagsstefna gerir ráð fyrir að gönguskálar skerði ekki víðerni. Þar sem þar til bærir aðilar hafa ekki lagt fram kort af víðernum landsins verður ekki um afmörkun þeirra að ræða í þessu aðalskipulagi. Almennt má segja að sú stefna sem sett er fram í aðalskipulaginu skerðir ekki óbyggð víðerni umfram það sem nú er. Þar sem þar til bærir aðilar hafa ekki lagt fram kort af víðernum landsins verður ekki um slíka afmörkun að ræða í þessu aðalskipulagi.

Gefin hefur verið út skýrsla með tillögum að nýrri aðferðafræði við kortlagningu víðerna á miðhálandi Íslands (þorvarður Árnason o.fl. 2017). Í skýrslunni er tekið fram að um tilraunaverkefni sé að ræða og beri að skoða niðurstöður hennar í því ljósi. Aðferðafræðin byggist í grófum dráttum á að gefin eru stig eða einkunn fyrir skerðingarhrif bygginga og mannvirkja á víðerni, er þetta m.a. metið út frá stærð og fjölda mannvirkja á hverjum stað. Skerðingarhrif mannvirkja eru mis mikil, fjallakofar fá t.d. lága einkunn (lítil skerðing) meðan þjónustumiðstöðvar og virkjanamannvirki fá hærra einkunn og skerða víðerni meira. Niðurstaðan er notuð til að sýna skerðingarhrif mannvirkja á korti. Miðað við þessa aðferðafræði þá er skerðing víðerna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi vegna: Sultartangavirkjunar, miðlunarlóna, háspennulína og hugsanlega einhverra skála. Byggingar hafa þó mis mikil áhrif til skerðingar eins og fram kemur hér framar. En almennt má segja að sú stefna sem sett er fram í aðalskipulaginu skerði ekki óbyggð víðerni umfram það sem nú er. Þar sem þar til bærir aðilar hafa ekki lagt fram kort af víðernum landsins verður ekki um afmörkun þeirra að ræða í þessu aðalskipulagi.

Svæði sem sett eru í verndarflokk skv. 6. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 eru skilgreind í flokknum önnur náttúruvernd skv. gr. 6.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Svæðunum er lýst í erindi til verkefnisstjórnar um annan áfanga rammaáætlunar. Verkefnisstjórn um Rammaáætlun hefur skilað af sér niðurstöðum þriðja áfanga. Flokkun virkjanakosta í verndarflokki er óbreytt frá öðrum áfanga. Svæðið er sýnt á skipulagsuppráttum sem hringtákn þar sem afmörkun verndarsvæðis liggur ekki fyrir. Eftirtalið svæði í er í verndarflokki:

Önnur náttúruvernd – svæði í verndarflokki		
Nr.	Heiti	Lýsing sbr. Rammaáætlun
ÖN1	Norðlingaölduveita/Kjalölduveita	Þjorsá verði sífluð norðvestan við Kjalöldur og þar verður Kjalöldulón. Úr lóninu verður vatni veitt í Grjótakvíslarlón og tengist Kvíslaveitu í Illugaveri þaðan sem það rennur í Köldukvísl og síðan Þórisvatn á Holtamannafrétti. Orkugeta veitunnar fæst með því að vatninu er miðlað í Þórisvatni og þaðan í virkjanir neðar á Tungnaár- Þjorsársvæði.

4.5.2 Hverfisvernd

Sveitarstjórn leggur áherslu á að unnið verði að minjavernd, náttúruvernd og endurheimt landgæða innan sveitarfélagsins. Til endurheimtar landgæða má nefna uppgræðslu og gróðurvernd á áður grónum svæðum þar sem aðstæður leyfa. Lögð er áhersla á að efla frumkvæði landeigenda, félagasamtaka og einstaklinga og að unnið sé í góðri sátt við aðliggjandi landeigendur og sveitarfélög.

Markmið:

- Lögð er áhersla á að varðveita náttúruminjar, fornminjar og aðrar söguminjar.
- Stuðlað verði að endurheimt landgæða.
- Stuðlað verði að verndun óbyggðra víðerna.
- Mannvirkjagerð leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.

Leiðir:

- Markvisst verði reynt að vernda náttúru- og þjóðminjar á svæðinu m.a. með skráningu og merkingu þeirra.

²⁷ (Alþingi Íslands, 2015).

- Við mannvirkjagerð á hálendinu verði hugað að ásýnd mannvirkja, m.a. varðandi útlit og litaval og lögð er áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi.
- Hverfisverndarsvæði eru skilgreind og afmörkuð í aðalskipulagi.

Gerð er grein fyrir ákvæðum hverfisverndar vegna náttúruverndar í kafla 2.6.3.

Yfirlit yfir þau hverfisverndarsvæði á hálendi sem auðkennd eru á skipulagsuppdrætti er tekið saman í töflu hér að neðan ásamt nánari skilmálum, þar sem það á við. Þar kemur einnig fram hvaða þættir standa á bak við verndargildi þeirra:

Hverfisverndarsvæði vegna náttúruverndar		
Nr.	Heiti	Lýsing
HV5	Þjórsárdalur	Innri hluti Þjórsárdals sem tekur til Fossár og afréttarlands norðan hennar. Tilgangur hverfisverndar er að vernda búsetuminjar, landslagsheild og einstök náttúruferirbæri. Nokkrir gervíggar eru innan svæðisins. Mannvirkjagerð vegna útivistar og ferðaþjónustu er almennt heimil og stuðlað verði að bættu aðgengi að áhugaverðum stöðum. Hluti svæðisins er á náttúruminjasrá. Stærð svæðis er um 4 þúsund ha og hluti þess tilheyrir byggðahluta sveitarfélagsins.
HV7	Laxárgljúfur	Mikilfengleg gljúfur í Stóru-Laxár, sem á upptök sín í Laxárdrögum sunnan Kerlingarfjalla og rennur á mörkum Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Gljúfrin eru um 15 km löng frá ármótum við Leirá og niður að Hrunakrók á Hrunamannaafreitti efst við Laxárdal. Dýpt gljúfursins er 100-200 m og eru gljúfurveggirnir víða þverhníptir til beggja handa. Þar má finna ýmsar þursabergsmyndanir og ber þar hæst Fögrutorfu sem er ofarlega í gljúfrunum. Verndun sérstakra landslagsgerða og jarðmyndanna; stórbrotins landslags. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimilt á svæðinu. Stærð svæðis er tæplega 680 ha.
HV8	Þjórsá	Með hverfisvernd er stuðlað að verndun á gróðurlendi og náttúruferirbærum meðfram Þjórsá auk fossa hennar. Auk þess er svæðið mikilvægt vegna náttúruferis, fornminja og menningarsögulegs gildis. Mannvirkjagerð vegna útivistar og ferðaþjónustu er heimil en einstök náttúruferirbæri njóti friðunar, ásamt fossum, og nágrenni Þjórsár og annarra áa á svæðinu. Stærð svæðis er um 11.700 ha.
HV9	Fossárdrög	Hverfisvernd á lindasvæði, lindir tengdar sprungum og lagmótum.
HV10	Dalsárdrög	Hverfisvernd á lindasvæði, lindir streyma upp á yfirborðið.
HV11	Kerlingarfjöll	Kerlingarfjöll eru á náttúruminjasrá (732), landslagsheild sunnan Hofsjökuls. Lítt raskað víðerni, fjölbreytt landslag. Unnið er er að friðlýsingu Kerlingarfjallasvæðisins í samvinnu við nágrannasveitarfélög og Umhverfisstofnun og afmörkun þess skilgreind ásamt friðlýsingarskilmálum. Svæðið tekur yfir þann hluta fyrirhugaðs friðlands sem er innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

4.5.3 Minjavernd

Nánar er fjallað um fornminjar í kafla 2.7.4.

Markmið:

- Merkir minja- og sögustaðir verði merktir og gerðir aðgengilegir, fornar leiðir verði endurvaktar.
- Þjóðminjar verða merktar eftir því sem kostur er og upplýsingar um þær bættar.
- Stuðlað verði að verndun helstu menningarminja en jafnframt verði fólki gert kleift að njóta þessara verðmæta eins og kostur er.
- Kortlagðar verði gamlar þjóðleiðir og kannaðir möguleikar á að nýta þær sem reið- og/eða göngu-leiðir.
- Hugað verði að varðveislugildi eldri húsa og mannvirkja.

Leiðir:

- Helstu minjar/minjasvæði verði sett undir hverfisvernd og skilgreind verndarákvæði fyrir þær.
- Gera fornar leiðir aðgengilegar sem göngu- og/eða reiðleiðir t.d. með því að finna og endurhlaða vörður, í samráði við Minjavörð.

Friðlýstar fornminjar		
Nr.	Heiti	Lýsing
ÁR-753:017	Bergálfstaðir	Búsetuminjar.
ÁR-753:019	Lambhöfðarúst	Búsetuminjar.
ÁR-753:013	Fossárdalsrúst	Búsetuminjar.

Fornminjar sem njóta hverfisverndar

Sjá ákvæði hverfisverndar vegna fornminja í kafla 2.7.3. Eftirfarandi fornminjar á afréttum njóta hverfisverndar:

Hverfisvernd vegna fornminja		
Nr.	Heiti	Lýsing
ÁR-673:002	Arnarfell í Þjórsárverum	Útilegumannabústaður í Þjórsárverum vestan við Arnarfell. Tóftirnar eru horfnar.
ÁR-673-003	Gæstaréttir í Þjórsárverum	Búsetuminjar.
ÁR-673:004	Þjórsárver	Útilegumannabústaður, í Þjórsárverum, austan við Nauthaga, skammt frá Gæstarétt.
ÁR-673-005	Þjórsárver	Útilegumannabústaður, í Þjórsárverum, austan við Arnarfellsöldu, um 1 km frá Þjórsá.
ÁR-673-006	Þjórsárver	Útilegumannabústaður, í Þjórsárverum, neðst í Hnívárveri innan við Fjórðungssand, uppi á grjótöldu.
ÁR-673:007	Þjórsárver	Útilegumannabústaður, í Þjórsárverum, suðaustur af Arnarfellsmúlum.
ÁR-673:008, 014, 015	Gljúfurleit	Miðstöð gangnamanna.
ÁR-673:016, 017	Loðnaver	Miðstöð gangnamanna.
ÁR-673:018, 019	Kjálkaver	Miðstöð gangnamanna.
ÁR-673:020	Bólstaður í Tjarnarveri	Miðstöð gangnamanna.
(ÁR- 673:021) sbr. ÁR-673:009 og ÁR-673:025	Sprengisandsvegur á Sól-eyjahöfðavaði	Samgönguminjar.
ÁR-673-026	Skógakofi	Miðstöð gangnamanna.
ÁR-753-011	Skillandsfitjar	Miðstöð gangnamanna.

5 SKIPULAGSFERLI

Fjallað er um helstu breytingar sem gerðar hafa verið frá eldra aðalskipulagi (kafli 5.1). Gerð grein fyrir ferli skipulagslýsingar, athugasemdum við hana og hvernig brugðist var við þeim (kafli 5.2). Þá er greint frá samráði sem haft var á vinnslutíma aðalskipulagstillögunnar og kynningu á tillögunni (kafli 5.3). Að lokum er greint frá augslýsingu aðalskipulagstillögunnar, þeim athugasemdum sem bárust og afgreiðslu þeirra (kafli 5.4).

5.1 BREYTINGAR FRÁ ELDRA SKIPULAGI

Á gildistíma núverandi aðalskipulags hafa verið gerðar allnokkrar breytingar á því.

Tekið hafa gildi ný skipulagslög, nr. 123/2010 og ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir nýjum landnotkunarflokkum s.s. afþreyingar og ferðamannasvæðum, íþróttasvæðum, skógræktar- og landgræðslusvæðum, varúðarsvæðum og annarri náttúruvernd. Í einhverjum tilfellum hefur landnotkun því færst milli landnotkunarflokka. Í lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, er gert ráð fyrir vernd víðerna auk merkra jarðmyndana og vistkerfa. Í lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 eru virkjanakostir skv. öðrum áfanga Rammaáætlunar flokkaðir í varúðarsvæði og aðra náttúruvernd. Landsskipulagsstefna 2015-2026 tók gildi vorið 2016. Í henni er m.a. gert ráð fyrir flokkun landbúnaðarlands, að mörkuð verði stefna um yfirbragð byggðar og að landnotkun styðji við búsetu og samfélag en taki jafnframt tillit til verndarsvæða. Á hálendinu er áhersla á verndun víðerna, landslagsheilda og vistkerfa, stuðlað verði að góðri aðstöðu ferðamanna, góðu aðgengi að hálendinu og að mannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun. Auk þess er mörkum milli hálendis og byggðar breytt og þau fylgja þjóðlendulínum að mestu leyti.

Dreifbýli

Í aðalskipulaginu eru gerðar breytingar á afmörkun nokkurra frístundasvæða í samræmi við nákvæmari kortagrunna. [Prjú frístundasvæði eru felld út, F3, F5 og F6 og þremur frístundasvæðum er breytt að hluta til eða að öllu leiti í íbúðarbyggð, F2, F4 og F41.](#)

Þá er gert ráð fyrir að ferðaþjónusta eflist enn frekar, m.a. er gert ráð fyrir þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn við Þjóðveldisbæinn og uppbyggingu í tengslum við ferðaþjónustu í Sandártungu í Þjórsárdal. Auk þess er gert ráð fyrir nýjum verslunar- og þjónustusvæðum einkum í dreifbýli þar sem áætluð er frekari uppbygging í tengslum við ferðaþjónustu. Hólaskógur er skilgreindur sem jaðarmiðstöð í landsskipulagsstefnu og sem verslunar- og þjónustusvæði í aðalskipulaginu.

Skilgreind eru afþreyingar- og ferðamannasvæði í dreifbýlinu.

Landbúnaðarland hefur verið flokkað í sveitarfélaginu og lögð er áhersla á verndun lands sem hentugt er til ræktunar. Unnið hefur verið kort sem sýnir úrvals landbúnaðarland innan sveitarfélagsins og gert er ráð fyrir að ekki verði heimiluð landnýting á þeim svæðum sem takmarki verulega ræktunarhæfni lands, nema í beinum tengslum við þann rekstur sem fyrir er.

Heimilaðar eru ýmis konar framkvæmdir s.s. íbúðar- og frístundahús á landbúnaðarsvæðum. Virkjanir, vindrafstöðvar og örvirkjanir að ákveðinni stærð eru heimilaðar. Minni veitur og veitumannvirki eru heimil. Heimilt er að útbúa áningarstaði á helstu ferðaleiðum s.s. við göngu- og reiðleiðir. Áfram er heimilt að starfrækja rekstur á landbúnaðarsvæðum sem ekki tengist beint landbúnaðarframleiðslu, sú heimild er þó víkkuð út og sett hámarksstærð á byggingarmagn.

[Nokkur ný efnistökusvæði eru sett inn á skipulag, flest öll ætluð til einkanota. Efnistökusvæði vegna virkjana eru merkt á skipulag. Efnistökusvæði E33, austan við Búrfell er minnkað.](#)

Skilgreindar eru reiðhjólaleiðir og gönguleiðir og einnig voru reiðleiðir yfirfarnar og eru þær að miklu leyti í samræmi við þær leiðir sem sýndar eru á vef Landssambands hestamannafélaga.

Útbreiðsla flóða í Hvítá og Stóru-Laxá hefur verið kortlögð og eru þekkt flóðasvæði skilgreind sem svæði undir náttúruvá.

Skógræktarsvæði eru afmörkuð í samræmi við afmörkun frá Skógræktinni.

Mögulegt áhrifasvæði þeirra virkjana sem eru í biðflokki skv. 2. áfanga rammaáætlunar eru sýnd sem varúðarsvæði á uppdrætti.

Afmörkun hverfisverndarsvæða er breytt á nokkrum stöðum og hverfisvernd er tekin af svæði í Merkurhrauni sem merkt var H1 í gildandi skipulagi, syðst í sveitarfélaginu. Ekki þykir sérstök ástæða til að vernda það svæði. Sett er hverfisvernd á Búrfellsskóg og svæði sem tekur yfir gervígiga vestan Fossár og Reykholt í Þjórsárdal.

Nákvæmari staðsetning er á nokkrum vatnsbólum og vatnsverndarsvæðum er breytt í mörgum tilfellum, í samræmi við nákvæmari kortagrunna. Virkjanakostir í verndarflokki eru sýndir sem önnur náttúruvernd og virkjanakostir í biðflokki sem varúðarsvæði.

Þéttbýli

Afmörkun þéttbýlisins í Árnesei breytist og það er stækkað til austurs. Landbúnaðarsvæði austan við þéttbýlið verður innan þéttbýlis sem og skógræktarsvæði sem skilgreint er sem opið svæði. Íbúðarsvæði er stækkað og nýtt íbúðarsvæði verður norðan Gnúpverjavegar. Þetta er gert með hliðsjón af spá um íbúafjölgun í sveitarfélaginu auk þess sem uppbygging ferðaþjónustu, og þá einkum í Þjórsárdal, gæti leitt til aukinnar eftirspurnar eftir íbúðarhúsnæði. Þá eru núverandi verslunar- og þjónustusvæði stækkuð og nýtt svæði er austast í þéttbýlinu. [Afpreyningar- og ferðamannasvæði er stækkað og sett er inn iðnaðarsvæði fyrir hreinsivirki og spennistöð.](#) Opin svæði [sem voru](#) innan þéttbýlisins minnka sem nemur stækkun íbúðarsvæða [en nýtt opið svæði er sett inn austast í þéttbýlinu.](#)

Í Brautarholti er afmörkun þéttbýlisins nær óbreytt. Í stað blandaðs iðnaðar- og athafnasvæðis verður skilgreint iðnaðarsvæði en fjögur iðnaðarsvæði eru innan þéttbýlisins, þar af eitt nýtt fyrir borholu hitaveitu. Svæði undir samfélagsþjónustu eru sameinuð í eitt svæði í stað þriggja. Opið svæði til sérstakra nota þar sem tjaldsvæði verður íbúðarsvæði. Gert er ráð fyrir að tjaldsvæðið verði fært og það verði syðst í þéttbýlinu svo opið svæði til sérstakra nota sem var þar minnkar sem því nemur. Verslunar- og þjónustusvæði er óbreytt.

Hálendi

Mörk milli byggðar- og afréttaruppdráttu eru dregin eftir þjóðlendumörkum vestan til en frá Háafossi og Granna er dregin lína norður fyrir Háafossveg og fylgir Sultartangalínnum 1 og 3 og tekin stefna í þjóðlendu Búrfells- og Skeljafellsslands, sem liggur meðfram Þjórsá, en sveigt niður fyrir iðnaðarsvæði Sultartangavirkjunar og tekin stefna að sveitarfélagamörkum. Stöng, Gjáin, Reykholt og Hólaskógur tilheyra byggðahluta sveitarfélagsins og Sultartangavirkjun tilheyrir hálendinu.

Sett er inn hverfisverndarsvæði meðfram Þjórsá frá Sultartangalóni og að hverfisverndarsvæði í Þjórsárverum. Hugmynd um afmörkun svæðis fyrir friðland í Kerlingarfjöllum er sett undir hverfisvernd.

Öll ferðamannasvæði á afréttum eru í flokknum afpreyingar- og ferðamannasvæði eins og kveðið er á um í landsskipulagsstefnu. Gangnamannahús og aðrir skálar á afréttum eru skilgreind sem fjallasel en Gljúfurleit er skálasvæði.

5.2 SKIPULAGSLÝSING

Skipulagslýsing var auglýst og kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins í mars/apríl 2017. Samhliða var lýsingin send til Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands, Forsætisráðuneytis, Samgöngustofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Veiðimálastofnun/Fiskistofa og á aðliggjandi sveitarfélög.

Umsagnir bárust frá Landgræðslu ríkisins, Ferðamálastofu, Veðurstofu Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Skógræktinni, Landsvirkjun, Minjastofnun Íslands, Vegagerð ríkisins og Skipulagsstofnun.

Eftirtaldir ábendingar bárust:

Minjastofnun

- Gera þarf skrá yfir friðlýst hús, heimilisfang, byggingarár, staðsetningu/hnit og ljósmynd. Sambærilega skrá þarf að gera fyrir friðuð hús, 100 ára og eldri og fyrir hús byggð árið 1925 eða fyrr og kirkjur byggðar árið 1940 eða fyrr.

- Farið er fram á að búið verði að skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en aðalskipulag verður samþykkt. Til greina kemur að aðalskipulagið verði samþykkt af hálfu Minjastofnunar ef fyrir liggur tímasett áætlun um ofangreinda skráningu á fyrri hluta skipulagstímabilsins.

Ferðamálastofa

- Hvatt er til þess að ferðamennska og sjálfbærni fái aukið vægi í aðalskipulagsgerð. Sérstaklega er bent á Stefnumarkandi stjórnunaráætlanir (DMP) sem var eitt af forgangsmálum í verkefnaáætlun 2016 – 2017 við vinnslu Vegvísis í ferðaþjónustu.

Forsætisráðuneytið

- Minnt er á að allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Landgræðsla ríkisins

- Minnt er á að töluvert jarðvegsrof er á jörðum í efri byggðum og einnig á afréttum. Því er hvatt til landgræðsluaðgerða til að stemma stigu við frekari gróðureyðingu.
- Bent er á að gróður og jarðvegur eru mikilvægar auðlindir sem ber að vernda og fer stofnunin fram á að sé þessum auðlindum spillt með framkvæmdum s.s. efnistöku, orkunýtingu eða öðru verði grætt upp ígildi þess gróðurs sem eyðist.
- Endurheimt votlendis er mikilvæg aðgerð til að vernda loftslag, efla lífríki og bæta vatnsmiðlun og vatnsgæði. Landgræðslan hvetur til endurheimtar votlendis. Minnt er á að votlendisvistgerðir njóta verndar skv. 61. gr. langa um náttúruvernd nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun

- Lögð er áhersla á að við nýtingu vindorku og lagningu raflína verði lagt mat á umhverfisáhrif, þ.á.m. sjónræn áhrif. Í því sambandi er vísað til reynslu Dana sem horfa frekar til þess að staðsetja vindmyllur fjarri byggð. Mikilvægt er að skilgreint verði landslag og svæði þar sem síður er æskilegt að staðsetja vindmyllur. Einnig þarf að hafa í huga möguleg áhrif á farleiðir fugla. Æskilegt er að vindmyllur séu staðsettar á svæðum sem eru röskuð nú þegar.
- Mikilvægt er að verndarsvæði sem eru sótt af ferðamönnum missi ekki verndargildi sitt við ágang ferðamanna. Gjáin er nefnd sem dæmi í þessi sambandi.
- Uppbygging í tengslum við ferðaþjónustu ætti að miðast við að hlífa náttúruminum, falla vel að landslagi og stuðla að sjálfbærni ferðaþjónustu.

Skógræktin

- Bent er á að skógur bindur mikið magn kolefna og stuðlar þannig að framfylgd alþjóðlegra samninga. Þá verður skógur með tímanum endurnýjanleg skógarauðlind og hefur auk þess víða í sveitarfélögum skapað bættar aðstæður til útivistar.

Skipulagsstofnun ríkisins

- Í tengslum við umfjöllun um íbúafjölda, íbúapróun, atvinnumál og byggðapróun, ferðaþjónustu, samgöngur og flokkun landbúnaðarlands þarf að meta þörfina fyrir íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði og lóðir fyrir frístundahús. Einnig að skoða leiðir til að mæta fjölgun ferðamanna og meta hvort þörf sé á fjölgun gistirýma. Upplýsingar verða að veita skýra leiðsögn um mótun stefnu og ákvarðanatöku í skipulaginu.
- Gera þarf meginforsendur skipulagsvinnunnar aðgengilegar á vinnslutíma skipulagsins og leggja þær fram á samráðs- og íbúafundum.
- Stór hluti sveitarfélagsins tilheyrir miðhálandi Íslands skv. Landsskipulagsstefnu 2015 – 2026. Markmið sem lúta að vernd víðerna og náttúrugæða og uppbyggingu ferðamannasvæða þarf að útfæra í aðalskipulagi.
- Taka þarf upp og útfæra stefnu rammaáætlunar í samræmi við flokkun virkjunarkosta.

- Fjalla þarf um áherslur sveitarstjórnar varðandi miðhálandið og marka sérstaklega stefnu um það. Útfæra þarf stefnu um verndun víðerna og náttúrugæða og gæta þess að mannvirki og umferð um hálandið skerði víðerni og önnur sérkenni sem minnst. Landsskipulagsstefna gerir ráð fyrir að uppbygging verði að mestu leiti á jaðarsvæðum. Gera þarf grein fyrir flokkum ferðapjónustustaða á hálandinu.
- Gera þarf grein fyrir og marka stefnu um þjóðvegi í samráði við Vegagerðina auk annarra vega. Hafa þarf samráð við Vegagerðina vegna ákvæða í náttúruverndarlögum um skrá yfir aðra vegi en þjóðvegi og gerð vegaskrár.
- Skipulag landnotkunar í dreifbýli þarf að taka mið af áherslum landsskipulagsstefnu og styðja við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn í huga hvað varðar nýtingu og vernd. Vexti verði beint að þeim kjörnum sem fyrir eru og fjölgun íbúa tengist einkum búrekstri eða annarri staðbundinni atvinnustarfsemi.
- Marka þarf stefnu um gæði og yfirbragð byggðar.
- Ekki skal ganga að óþörfu á svæði sem verðmæt eru til landbúnaðar eða vegna náttúruverndar s.s. með frístundabyggð eða verslunar- og þjónustusvæðum í dreifbýli. Landsskipulagsstefna gerir ráð fyrir að flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar við skipulagsákvæðanir á landbúnaðarlandi.
- Marka þarf stefnu um uppbyggingu tengda ferðapjónustu eða annarri starfsemi sem heimil verður á landbúnaðarlandi í tengslum við búrekstur.
- Í kafla um búsetumynstur og dreifingu byggðar í landsskipulagsstefnu er lögð áhersla á sjálfbært skipulag þéttbýlis og að almennt verði haft að leiðarljósi að þetta byggð og tengja atvinnustarfsemi og verslun- og þjónustu við íbúðarbyggð.
- Marka þarf samþætta stefnu um byggð og samgöngur.
- Við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar má nýta þau viðmið sem sett eru fram í landsskipulagsstefnu.
- Í umhverfismati þarf að leggja mat á áhrif virkjanaframkvæmda sem eru áformaðar í sveitarfélaginu og aðra uppbyggingu sem er líkleg til að hafa í för með sér veruleg umhverfisáhrif.
- Áður en lagt er mat á umhverfisáhrif vegna uppbyggingar ferðapjónustu eða efnistöku þarf að liggja fyrir greining á þörf fyrir viðkomandi framkvæmd.
- Bent er á að fara þarf vel yfir hvernig staðið verður að mati á valkostum og mótun tillögu í virku samráði við íbúa. Bera má saman mismunandi leiðir að markmiðum aðra en núll-kost.
- Endurskoða þarf hvernig nálgun matsins verður og hvernig staðið verður að mati á áhrifum. Gera þarf grein fyrir því hverjir koma að matinu og hvaða vægiseinkunnir verða notaðar við framsetningu niðurstaðna.
- Fyrir hvern umhverfispátt er mælt með að skilgreind verði fá en vel afmörkuð og lýsandi viðmið eða mælikvarðar svo sem úr stefnuskjölum og viðmiðum í landsskipulagsstefnu. Gera þarf grein fyrir samhengi viðmiðanna við aðalskipulagsvinnuna. Einnig þarf að leggja mat á og lýsa heildaráhrifum stefnunnar á hvern og einn umhverfispátt.
- Mælt er með að gerð verði markvissari matslýsing til að vinna með á vinnslutíma og hún gerð aðgengileg fyrir almenning og hagsmunaaðila.
- Bent er á að þar sem hálandisuppdráttur verður í mkv. 1:100.000 þurfi að gera ítarlega grein fyrir yfirbragði, umfangi og uppbyggingu á framkvæmdasvæðum s.s. ferðamannstöðum, skálum, fjallaseljum og orkuvinnslusvæðum. Mælt er með að mörk hálandis og byggðar verði endurskoðuð frá því sem er í gildandi skipulagi og sú lína verði látin aðgreina uppdrættina.

5.3 SAMRÁÐ OG KYNNING

Meðan á skipulagsvinnunni stóð var fundað reglulega með sveitarstjórn, sem myndaði stýrihóp verkefnisins. Einnig var fundað með ýmsum starfsmönnum sveitarfélagsins, hagsmunaaðilum og haldnir íbúafundir:

- Í maí 2016 var haldinn íbúafundur þar sem skipulagslýsing var kynnt. Óskað var eftir ábendingum eða hugmyndum að breytingum á aðalskipulaginu.
- Í janúar 2017 var fundað með fulltrúum hestamannafélagsins Smára og áhugafólki um gönguleiðir þar sem m.a. var farið yfir göngu- og reiðleiðir.
- Í apríl 2017 var fundað með heimamönnum um flokkun landbúnaðarlands, aðferðarfræði flokkunarinnar kynnt, drög að flokkun rædd og óskað eftir ábendingum og umræðum.
- Í maí 2017 var fundað með heimamönnum, þar sem m.a. var farið yfir drög að flokkun landbúnaðarlands.
- Í júní 2017 voru vinnugögn aðalskipulags sett inn á heimasíðu sveitarfélagsins til kynningar.
- Í ágúst 2017 var haldinn íbúafundur í Árnesi þar sem aðalskipulagstillagan var kynnt.

5.4 AFGREIÐSLA EFTIR KYNNINGU AÐALSKIPULAGS

Aðalskipulagstillagan var kynnt frá 12. október til 26. október 2017. Nokkrar ábendingar og athugasemdir bárust á kynningartíma og voru eftirfarandi breytingar gerðar á tillögunni:

- Lagt er til að Vörðufellsvirkjun og Hestvatnsvirkjun verði færðar í verndarflokk þar sem ekki liggja fyrir nægileg vitneskja, að mati sveitarstjórnar, um möguleg áhrif virkjananna á verndarsvæði og vatnsból auk þess sem líklegt áhrifasvæði Hestvatnsvirkjunar sé mjög umfangsmikið.
- Varúðarsvæði fyrir Hestvatnsvirkjun og Vörðufellsvirkjun stækkað þar sem líklegt áhrifasvæði þeirra er mun stærra en áður var sýnt.
- Bætt var inn á uppdrátt rústum Lópræla í Þjórsárdal og umfjöllun um þær sett í töflu í kafla 2.7.4. Texti um lágmarksfjarlægð frá minjasvæðum var leiðréttur til samræmis við lög um menningarminjar nr. 80/2012.
- Vegur að nýju íbúðarsvæði í Sandholti var færður um 50 m til suðurs þar sem of stutt var á milli veltenginga milli íbúðarsvæðis í Sandholti og Breiðaness.
- Tafla um lágmarksfjarlægð milli veltenginga var tekin út.
- Upplýsingar um uppsett afl virkjana í töflu og texta leiðrétt.
- Sett voru inn tvö efnistökusvæði í Hagalón vegna Hvammsvirkjunar, breyting á uppdrætti og í greinargerð.
- Texti um landskipti í kafla 2.2.1 lagfærður.
- Texti um nýtingarhlutfall lóða í stökum framkvæmdum, annarra en íbúðar- og frístundalóða, tekinn út.
- Bætt var inn umfjöllun um afmörkun hálendis í kafla 4 í tengslum við mörk milli byggðar- og afréttaruppdráttar.
- Stækkun friðlands í Þjórsárverum var sett inn á hálendisuppdrátt og hverfisverndarsvæði, sem sýndi fyrirhugaða stækkun, tekið út.
- Sett var inn umfjöllun um stefnumörkun fyrir landgræðslu og tafla fyrir landgræðslusvæði á hálendinu.
- Bætt var inn umfjöllun um Þjórsárlón í kafla 4.1.2.
- Settur var inngangskafli í kafla um skógrækt- og landgræðslu, kafli 4.1.3 og verndarsvæði og minjar, kafli 4.5.
- Bætt inn svæði á náttúruminjaskrá, Skálholtstunga og Mosar nr. 764.

5.5 AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU AÐALSKIPULAGS

Aðalskipulagstillagan var auglýst frá xxx til xxx. Alls bárust xxx athugasemdir.

Verður skrifað síðar.


6 HEIMILDIR

- Alþingi Íslands. (2007). Vegalög nr. 80/2007. Retrieved from <http://www.althingi.is/lagas/142/2007080.html>
- Alþingi Íslands. (2011). *Fjarskiptaáætlun 2011 - 2022*.
- Alþingi Íslands. (2012). Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Ísland. Retrieved from <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>
- Alþingi Íslands. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 (2015). Iceland. Retrieved from <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>
- Alþingi Íslands. (2016). Þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015-2026. Retrieved from <http://www.althingi.is/altext/145/s/1027.html>
- Atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytið, & Samtök ferðaþjónustunnar. (2015). *Vegvísir í ferðaþjónustu*. Reykjavík. Retrieved from http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/tolur_utgafur/Skyrslur/vegvisir_2015.pdf
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir ritstjóri, & Jakob Orri Jónsson. (2016). *Aðalskráning fornleifa í Bláskógabyggð I. Fornleifaskráning á Laugarvatni og Snorrastöðum*. Reykjavík.
- Ingibjörg Sveinsdóttir. (2014). Holtamannafréttur, vörður og varðaðar leiðir.
- Jakob Orri Jónsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir ritstjórar, & Kristborg Þórsdóttir. (2016a). *Aðalskráning fornleifa í Bláskógabyggð II. Fornleifaskráning innan landamerkja Litla- og Stóra-Fljóts*. Reykjavík.
- Jakob Orri Jónsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir ritstjórar, & Kristborg Þórsdóttir. (2016b). *Aðalskráning fornleifa í Bláskógabyggð III. Fornleifaskráning innan landamerkja Laugaráss og Iðu*. Reykjavík.
- Orkustofnun. (2015). Tilhögun virkjunarkosta 3. áfanga rammaáætlunar, áfangaskil 20. janúar 2015. Retrieved from <http://os.is/gogn/Rammaaetlun/2015-01-20/Tilhogun-virkjunarkosta-3-afanga-rammaaetlunar-afangaskil-20-januar-2015.pdf>
- Ragnheiður Gló Gylfadóttir ritstjóri, Birna Lárusdóttir, Gylfi Björn Helgason, Lilja Laufey Davíðsdóttir og Sólveig G. Beck. (2017). *Aðalskráning fornleifa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi I: Húsatóftir og Skaftholt*. Reykjavík.
- Samgönguráðuneytið. (2007). Reglugerð um flugvelli nr. 464/2007. Retrieved from <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/464-2007>
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2013a). Skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Retrieved from <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/090-2013>
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2013b). Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
- Umhverfisráðuneytið. (1999). Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 796/1999. Retrieved from <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfis--og-audlindaraduneyti/nr/4482>
- Vegagerðin. (2014). Vegaskrá 2014. Retrieved from <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/>

VIÐAUKI 1 – SKÝRINGARUPPRÆTTIR

SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

Skýringaruppdráttur - landbúnaður, landgræðsla og skógrækt




STEINSHOLT
LANDBÚNAÐUR
 Skýringaruppdráttur 1

Verk: 8720 SA118	Mkv: 1:110.000	Dags: 09.01.2018
Teiknað: GLS	Blaðstærð: A3	Tilaga

SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

Skýringaruppdráttur - flokkun landbúnaðarlands



SKÝRINGAR

- Flokkur 1
- Flokkur 2
- Flokkur 3
- Flokkur 4
- Ræktað land
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- Þéttbýli

STEINSHOLT


FLOKKUN LANDBÚNAÐARLANDS

Skýringaruppdráttur 2

Verk: 8720 SA118	Mkv: 1:110.000	Dags: 09.01.2018
Teiknað: GLS	Bláðstærð: A3	Tillaga

SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

Skýringaruppdráttur - íbúðar- og frístundabyggð, hættusvæði



SKÝRINGAR

- Frístandsvæði
- Íbúðarsvæði
- Flóðasvæði
- þekktar jarðskjálftasprungur
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- Þéttbýli




BYGGÐ OG HÆTTUSVÆÐI

Skýringaruppdráttur 3

Verk: 8720 SA118	Mkv: 1:110.000	Dags: 09.01.2018
Teiknað: GLS	Blaðstærð: A3	Tillaga

SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

Skýringaruppdráttur - samgöngur, göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir



SKÝRINGAR

-  Gönguleiðir
-  Megin reiðleiðir
-  Aðrar reiðleiðir
-  Reiðhjólaleiðir
-  Stofnvegir
-  Tengivegir
-  Aðrir vegir
-  Skeiða- og Gnúpverjahreppur
-  Þéttbýli




SAMGÖNGUR
Skýringaruppdráttur 4

Verk: 8720 SA118	Mkv: 1:110.000	Dags: 09.01.2018
Teiknað: GLS	Blaðstærð: A3	Tillaga

SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

Skýringaruppdráttur - verndarsvæði



- SKÝRINGAR**
- Svæði á náttúruminjaskrá
 - Hverfisvernd
 - Varúðarsvæði
 - Birkikjarr
 - Vatnsból
 - Vatnsvernd grannsvæði
 - Vatnsvernd fjarsvæði
 - Vörðud leið um Sprengisand
 - Stofnvegir
 - Tengivegir
 - Aðrir vegir
 - Skeiða- og Gnúpverjahreppur
 - Þéttbýli

VERNDARSVÆÐI
Skýringaruppdráttur 5


STEINSHOLT

Verk: 8720 SA118	Mkv: 1:110.000	Dags: 09.01.2018
Teiknað: GLS	Blaðstærð: A3	Tillaga








SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

Skýringaruppdráttur - flokkun vega á hálendi



SKÝRINGAR

-  Vegir opnir allri umferð
-  Stóðar opnir allri umferð
-  Vegir með takmarkaðri umferð
Einungis er heimil umferð í tengslum við smalamennsku, landgræðslu, rannsóknir eða björgunaraðgerðir.
-  Skeiða- og Gnúpverjahreppur
-  Hálendismörk



STEINSHOLT

FLOKKUN VEGA

Skýringaruppdráttur 6

Verk: 8720 SA118

Mkv: 1:250.000

Dags: 09.01.2018

Teiknað: IS


Blaðstærð: A3

Tilaga



SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

Skýringaruppdráttur - ný íbúðarhús 2000 - 2016



SKÝRINGAR

- Íbúðarhús byggð árin 2000 - 2004
- Íbúðarhús byggð árin 2005 - 2009
- Íbúðarhús byggð árin 2010 - 2014
- Íbúðarhús byggð árin 2015 - 2016
- 10 Íbúðir í þéttbýli árin 2000 - 2009
- Íbúðarbyggð
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- Þéttbýli

STEINSHOLT


Ný íbúðarhús 2000 - 2016
Skýringaruppdráttur 7

Verk: 8720 SA118	Mkv: 1:110.000	Dags: 09.01.2018
Teiknað: GLS	Blaðstærð: A3	Tillaga



SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

Fornleifar - skýringaruppdráttur



- SKÝRINGAR**
- Friðlýstar fornleifar
 - Fornleifar skv. aðalskráningu
 - Vörðuð leið
 - Stofnvegir
 - Tengivegir
 - Aðrir vegir
 - Skeiða- og Gnúpverjahreppur
 - Þéttbýli

FORNLEIFAR
Skýringaruppdráttur 8


STEINSHOLT
EFLA

Verk: 8720 SA118	Mkv: 1:110.000	Dags: 19.01.2018
Teiknað: GLS	Blaðstærð: A3	Tillaga



SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

Skýringaruppdráttur - ferðapjónusta



SKÝRINGAR

- Hótel
- Gistiheimili
- Gistiskáli
- Tjaldsvæði
- Fjallaskáli
- Mögulegir viðkomustaðir ferðam.
- Árdagsumferð
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- Þéttbýli

Mögulegir viðkomustaðir ferðamanna
 Á vegum Ferðamálastofu voru kortlagðir mögulegir viðkomustaðir ferðamanna og helstu innviðir svæða. Markmiðið var að kortleggja staði þar sem upplifa má staðbundna og sérstaka eiginleika i náttúruferi og menningu, þannig að staðirnir hefðu mögulegt aðdráttarafla fyrir ferðamenn. Skráningin gefur áhugaverðar vísbendingar um sérkenni svæða sem hugsanlega má nýta og/eða ástæða er til að vernda.

Árdagsumferð
 Árdagsumferð er meðalumferð á dag yfir allt árið. Tölur gilda fyrir árið 2015.

FERÐAPJÓNUSTA
 Skýringaruppdráttur nr 9

Verk: 8720 SA118	Mkv: 1:130.000	Dags: 09.01.2018
Teiknað: GLS	Blaðstærð: A3	Tillaga